



Mat Fjölmiðlanefndar
á almannaþjónustuhlutverki
Ríkisútvarpsins 2022



FJÖLMIÐLANEFND
ICELANDIC MEDIA COMMISSION

Mat Fjölmiðlanefndar á almanna- þjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins 2022

skv. 15. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í
almannapágu nr. 23/2013

Útgefandi: Fjölmiðlanefnd, mars 2024

Fjölmiðlanefnd
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 415 0415

Netfang: postur@fjolmidlanefnd.is

Vefsíða: www.fjolmidlanefnd.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	7
1.1. Tilgangur mats á almannajónustuhlutverki Ríkisútvarpsins.....	7
1.2. Kafaskipting	8

2. Samantekt á helstu niðurstöðum	9
2.1. Almannaþjónustuhlutverk 2022 uppfyllt.....	9
2.2. Ný stefna Ríkisútvarpsins 2022-2026.....	9
2.3. Öryggis- og almannavarnahlutverk	9
2.4. Fjölbreytt efni fyrir alla aldurshópa.....	10
2.5. Fréttastofa RÚV nýtur trausts.....	10
2.6. Stöðugildum á landsbyggðinni fjölgar frá fyrra ári	11
2.7. Ríkisútvarpið setti sér aðgengisstefnu	11
2.8. Afkoma Ríkisútvarpsins ohf. neikvæð árið 2022	12
2.9. Aðrar helstu niðurstöður	12

3. Hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins	15
3.1. Fjölmiðlaþjónusta í almannabágu	15
3.2. Fjölmiðlar sem veita fjölmiðlaþjónustu í almannabágu hér á landi	16
3.3. Hliðsjónargögn.....	16

4. Lýðræði	18
4.1. Skyldur Ríkisútvarpsins	18
4.2. Fræðsluhlutverk Ríkisútvarpsins.....	18
4.2.1. MenntaRÚV	19
4.2.2. Háskólinn okkar.....	19
4.2.3. Miðla- og upplýsingalæsi	21
4.2.4. Próun máltækni.....	21
4.2.5. Þjónusta við eldri borgara.....	22
4.3. Fréttajónusta	22
4.3.1. Krafa um hlutlæga og áreiðanlega fréttajónustu	23
4.3.2. Starfsemi fréttastofu 2022	24
4.3.3. Stórt fréttarár.....	24
4.3.4. Fréttir og fréttatengt efni	25
4.3.5. Breytingar á fréttaritstjórn	26

4.3.6.	Táknmálsfréttir	26
4.3.7.	Fréttir á ensku og pólsku	26
4.3.8.	Kvartanir og ábendingar til Fjölmiðlanefndar vegna fréttáflutnings Ríkisútvarpsins	26
4.3.9.	Traust til fréttastofu RÚV	27
4.3.10.	Áhorf, hlustun og lestur	27
4.4.	Kosningaumfjöllun	28
4.4.1.	Kosningar til sveitarstjórna	28
4.5.	Jafn réttur karla og kvenna	29
4.5.1.	Kynjahlutfall viðmælenda	29
4.5.2.	Uppgjör kynjabókhalds RÚV fyrir árið 2022	30
4.5.3.	Kynjahlutföll starfsmanna	30
4.5.4.	Jafnlaunavottun og uppfærð jafnréttisáætlun	30
4.6.	Margbreytileiki mannlífs, lífsviðhorfa og lífsskilyrða í landinu	31
4.6.1.	Fjölbreytni í fyrirrúmi	31
4.6.2.	Ný aðgengisstefna RÚV	31
4.6.3.	Sýnileiki minnihlutahópa	32
4.6.4.	Þjónusta við landsbyggðina	32

5. Menning

5.1.	Skyldur Ríkisútvarpsins	34
5.2.	Stefna og sérstök markmið vegna menningarhlutverks	34
5.3.	Kaup af sjálfstæðum framleiðendum og meðframleiðsla	35
5.4.	Þjónusta við börn og ungmenni	37
5.4.1.	Hlutfall barna- og unglingsafnis af dagskrárframboði í sjónvarpi	38
5.4.2.	Framboð barnaefnis á KrakkaRÚV og á vefnum krakkaruv.is	39
5.4.3.	Fréttatengt efni fyrir börn	39
5.4.4.	Efni sem eflir læsi	40
5.4.5.	Fræðsluheimsóknir	40
5.4.6.	Aðgerðir til að virkja raddir og sjónarmið barna við mótun efnis og miðlun	40
5.4.7.	Barnalæsingar í vefspilara og smáforritum	41
5.4.8.	KRAKKARÚV – þjónusta fyrir yngri en 12 ára. Yfirlit yfir dagskrárliði	41
5.4.9.	UngRÚV – þjónusta fyrir börn í áttunda, níunda og tíunda bekk. Yfirlit yfir dagskrárliði	43
5.5.	Varðveisla og miðlun eldra efnis – Safnadeild RÚV	44
5.5.1.	Almennt um safn RÚV	44
5.5.2.	Aðgerðir til að gera safnaefni aðgengilegt almenningi	45
5.6.	Málstefna og þróun máltækni	46
5.6.1.	Þróun máltækni	47
5.7.	Menning og mannlíf	47

5.7.1. Menningarefni í sjónvarpi - yfirlit.....	47
5.7.2. Menningarefni í útvarpi - yfirlit.....	51
5.8. Erlent efni.....	55
5.8.1. Erlent efni á dagskrá sjónvarps 2022.....	55
5.8.2. Leikið efni og samstarf norrænna stöðva.....	55
5.8.3. Erlendar kvikmyndir og þemu.....	56
5.8.4. Erlendar heimildamyndir og fræðsluþættir.....	56
5.8.5. Hlutfall innlands og erlends efnis í sjónvarpsdagskrá á RÚV og RÚV 2.....	57
5.8.6. Hlutfall innlands og erlends efnis á kjörtíma í sjónvarpsdagskrá.....	57
5.8.7. Hlutfallsleg skipting eftir uppruna á RÚV og RÚV 2.....	57
5.8.8. Skipting eftir uppruna í klukkustundum á RÚV og RÚV 2.....	58
5.9. Íþróttir.....	58
5.9.1. Alþjóðlegir íþróttaviðburðir.....	59
5.9.2. Innlendir íþróttaviðburðir.....	60
5.9.3. Hlutfall íþróttafnis af dagskrá RÚV og RÚV 2.....	60
5.9.4. Hlutfall íþróttaf heildardagskrá aðalrásar RÚV.....	61
5.9.5. Hlutfall íþróttaf heildardagskrá aukarásarinnar RÚV 2.....	61

6. Samfélag 63

6.1. Skyldur Ríkisútvarpsins.....	63
6.2. Stefnumótun og aðkoma almennings að henni.....	64
6.2.1. Hugmyndadagar RÚV.....	64
6.2.2. Kannanir á viðhorfi til starfsemi Ríkisútvarpsins.....	64
6.2.3. Ný stefna Ríkisútvarpsins kynnt.....	65
6.3. Dagskrárstefna miðla Ríkisútvarpsins.....	65
6.4. Málþing og opnir dagar.....	65
6.5. Aðgengi að þjónustu RÚV.....	65
6.5.1. RÚV setti sér aðgengisstefnu.....	65
6.5.2. Aðgengi sjón- og heyrnarskertra.....	66
6.5.3. Aðgengi Íslendinga búsettra erlendis að dagskrárefni og þjónustu.....	67
6.5.4. Þjónusta fyrir íbúa landsins sem hafa annað tungumál en íslensku.....	67
6.6. Dreifikerfi.....	68
6.6.1. Sjónvarp.....	68
6.6.2. Útvarp.....	69
6.7. Öryggis- og almannavarnahlutverk.....	69
6.7.1. Öryggisstefna og öryggisnefnd.....	69
6.7.2. Framtíðaruppbygging útvarpsöryggissenda.....	70
6.8. Nýmiðlun og tækniþróun.....	71

6.8.1. Hugbúnaðarþróun spilara	71
6.8.2. Vefurinn RUV.is.....	71
6.8.3. Efni RÚV á samfélagsmiðlum.....	72
6.8.4. Áhorf í Spilara RÚV.....	72
6.9. Innra eftirlit og gæðamál	73
6.9.1. Siðareglur starfsmanna	74
6.9.2. Fréttareglur Ríkisútvarpsins.....	74
6.9.3. Mælingar á viðhorfi og trausti.....	74
6.9.4. Reglur um innra eftirlit, gæðamál og um móttöku og meðferð erinda	74
6.9.5. Reglur um viðskiptaboð.....	75
6.9.6. Vinnureglur, viðmið og gildi.....	75
6.9.7. Ákvarðanir Fjölmiðlanefndar vegna starfsemi Ríkisútvarpsins 2022.....	76
6.10. Skipting dagskrárefnis í sjónvarpi og útvarpi	77
6.10.1. Skipting dagskrárefnis í sjónvarpi 2022.....	77
6.10.2. Skipting dagskrárefnis í útvarpi 2022.....	80

7. Fjárhagslegur aðskilnaður almannaþjónustu og samkeppnisreksturs 83

7.1. Eftirfylgniskýrsla Ríkisendurskoðunar	83
7.2. Dótturfélagið RÚV Sala ehf.....	83
7.2.1. Tekjur af sölu viðskiptaboða jukust frá fyrra ári	84
7.3. Mat Fjölmiðlanefndar á gagnsæi og hlutlægri kostnaðargreiningu á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins.....	85
7.3.1. Tap á rekstri RÚV árið 2022.....	85

1. Inngangur

Fjölmiðlanefnd leggur nú í tíunda sinn mat á almannáþjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins, en nefndinni var falið það hlutverk með 15. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013.

Ríkisútvarpið sinnir mikilvægu lýðræðislegu, menningarlegu og samfélagslegu hlutverki í íslensku samfélagi með miðlun texta, hljóðs og myndefnis. Fjölmiðlanefnd hefur eftirlit með því að Ríkisútvarpið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til fjölmiðlaþjónustu í almannabágu í 3. gr. laga um Ríkisútvarpið og þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins fyrir árin 2020 – 2023.

Skýrsla þessi hefur að geyma mat Fjölmiðlanefndar á því hvernig Ríkisútvarpið uppfyllti almannáþjónustuhlutverk sitt árið 2022. Í skýrslunni er byggt á upplýsingum sem fram koma í ársskýrslu og ársreikningi Ríkisútvarpsins 2022 og í greinargerð Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2022 sem afhent var Fjölmiðlanefnd 15. ágúst 2023.

Í skýrslunni leggur Fjölmiðlanefnd mat á það hvort Ríkisútvarpið hafi uppfyllt þær gæðakröfur sem gerðar eru til starfseminnar og þar með sinnt almannáþjónustuhlutverki sínu gagnvart almenningi. Fjölmiðlanefnd er ekki ætlað að leggja mat á dagskrárstefnu, dagskrársetningu, ráðningar starfsfólks eða einstaka dagskrárliði í miðlum Ríkisútvarpsins.

Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. ber ábyrgð á rekstri Ríkisútvarpsins, að farið sé að lögum um Ríkisútvarpið og að samþykktir þess og ákvæði samnings um fjölmiðlun í almannabágu séu uppfyllt. Í samvinnu við útvarpsstjóra mótar stjórnin dagskrárstefnu og megináherslur í starfi Ríkisútvarpsins til lengri tíma og fylgist með rekstri, starfsemi og verkefnum Ríkisútvarpsins. Útvarpsstjóri er Stefán Eiríksson. Formaður stjórnar Ríkisútvarpsins fram að aðalfundi í apríl 2022 var Jóhanna Olga Hreiðarsdóttir en að loknum aðalfundi tók Silja Dögg Gunnarsdóttir við stjórnarformennsku.

1.1. Tilgangur mats á almannáþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins

Einn tilgangur mats Fjölmiðlanefndar á almannáþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins er að uppfylla kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisstyrki til útvarpsþjónustu. Opinberir styrkir til fyrirtækja í samkeppnisrekstri eru almennt óheimilir á EES-svæðinu, nema þeir falli undir undanþágur sem tilgreindar eru í EES-samningnum. Heimilt er að veita undanþágu vegna fjölmiðlaþjónustu í almannabágu þegar uppfylltar eru lýðræðislegar, menningarlegar og samfélagslegar þarfir samfélagsins, sbr. 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Fjölmiðlanefnd metur hvort þessar kröfur séu uppfylltar en þær eru nánar tilgreindar í 3. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Annar tilgangur með mati á almannáþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins er að veita innsýn í hlutverk fjölmiðla sem sinna almannáþjónustu og hvernig Ríkisútvarpið uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til slíkra miðla.

Í samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins, um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu, kemur fram að Ríkisútvarpið skuli árlega útbúa greinargerð til Fjölmiðlanefndar um hvernig það stendur að fjölmiðlaþjónustu í almannabágu.

1.2. Kaflaskipting

Skýrslunni er skipt í sjö kafla. Í 2. kafla er samantekt á helstu niðurstöðum skýrslunnar. Í 3. kafla er fjallað um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins. Í 4. kafla er umfjöllun um lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins og hvernig Ríkisútvarpið sinnti því með fræðsluefni af ýmsu tagi, fréttum og umfjöllun um sveitarstjórnarkosningar. Einnig er litið til þess hvernig Ríkisútvarpið stuðlaði að jafnrétti og kynnti margbreytileika mannlífs, lífsviðhorfa og lífsskilyrða í landinu í dagskrá sinni. Í 5. kafla er ítarleg umfjöllun um það hvernig Ríkisútvarpið uppfyllti menningarhlutverk sitt í útvarpi, sjónvarpi og á vefnum RÚV.is. Fjallað er um samfélagshlutverk Ríkisútvarpsins í 6. kafla, m.a. út frá aðkomu almennings að stefnumótun, fræðsluheimsóknum, aðgengi að þjónustu Ríkisútvarpsins, þjónustu við landsbyggðina, dreifingu og öryggisstefnu. Fjallað er um innra eftirlit og gæðamál og birt yfirlit yfir skiptingu dagskrárefnis í sjónvarpi og útvarpi árið 2022. Loks er í 7. kafla fjallað um fjárhagslegan aðskilnað almannaðjónustu og samkeppnisreksturs og mat Fjölmiðlanefndar á gagnsæi og hlutlægri kostnaðargreiningu á almannaðjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins árið 2022.

2. Samantekt á helstu niðurstöðum

2.1. Almannaþjónustuhlutverk 2022 uppfyllt

Fjölmiðlanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að Ríkisútvarpið ohf. hafi uppfyllt almannaþjónustuhlutverk sitt árið 2022 í samræmi við markmið laga um Ríkisútvarpið og hafi haldið áfram að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi.

2.2. Ný stefna Ríkisútvarpsins 2022-2026

Á árinu 2022 samþykkti stjórn Ríkisútvarpsins nýja stefnu til ársins 2026. Þar er hlutverk Ríkisútvarpsins skilgreint sem og þau gildi sem stofnunin starfar eftir, stefnuáherslur og framtíðarsýn. Stefnuáherslurnar eru fimm talsins: stafrænt RÚV, fréttir og þjóðfélagsrýni, menning og miðlun, fjölbreytileiki, jafnræði og þátttaka og síðast en ekki síst sjálfbær þróun og samfélagsleg ábyrgð. Þessar stefnuáherslur skulu vera grundvöllur stærri og smærri aðgerða og ákvarðana í rekstri RÚV og miðlun á hverjum degi.

Í samræmi við þessar áherslur var nýr vefur, RÚV.is, tekinn í notkun í lok árs en hann er mikilvæg forsenda áframhaldandi stafrænnar þróunar við miðlun fréttar, upplýsinga og fjölbreytts efnis af ýmsum toga, samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð RÚV. Nýjum vef sé ætlað að auka aðgengi ólíkra hópa að efni RÚV. Einnig hafi Ríkisútvarpið farið nýjar leiðir við miðlun fréttar og framleiðslu þeirra fyrir samfélagsmiðla sérstaklega, nýtt fréttahlaðvarp á pólsku hóf göngu sína og þjónusta á ensku var augin.

Að auki setti RÚV stefnu um aðgengi og fjölbreytileika sem og sérstaka umhverfis- og loftslagsstefnu á árinu 2022.

2.3. Öryggis- og almannavarnahlutverk

Hættustig almannavarna vegna COVID-19 faraldursins var fært á óvissustig í apríl 2022 og þar með dró úr álagi vegna hans á Ríkisútvarpinu sem annars staðar. Ríkisútvarpið sinnti áfram öryggis- og almannahlutverki sínu með því að miðla upplýsingum til almennings þegar alvarlegir atburðir urðu á landinu, svo sem þegar veður voru válynd og þegar gaus í Meradölum í ágúst 2022.

Með ákvörðun útvarpsstjóra í október 2022 var stofnuð upplýsingaöryggisnefnd sem var liður í að skapa formlega umgjörð um stjórnun upplýsingaöryggis, persónuverndar og öryggis í samræmi við líkan þriggja varnarlína og góða stjórnarhætti.

2.4. Fjölbreytt efni fyrir alla aldurshópa

Samkvæmt greinargerð RÚV hefur Ríkisútvarpið það að markmiði að upplýsa, fræða og skemmta áhorfendum og hlustendum á öllum aldri og framleiddi og miðlaði vönduðu, fjölbreyttu efni til allra landsmanna árið 2022. Dagskrárefnið samanstóð meðal annars af fréttum og fréttaskýringum, fræðsluþáttum, íþróttapáttum, leiknu efni, afþreyingu af ýmsum toga, lista- og menningarþáttum og efni fyrir börn og ungmenni.

Þjónusta við börn og ungmenni á ólíkum aldurs skeiðum hefur verið aukin með markvissum hætti á síðustu árum, meðal annars með vefsvæðunum KrakkaRÚV, UngRÚV og RÚV Núll. Fréttaskýringaþátturinn Krakkafréttir er á dagskrá fjóra daga vikunnar, frá mánudegi til fimmtudags, og er miðlað áfram á vef RÚV og í spilurum. Þá var vefsvæðið MenntaRÚV áfram aðgengilegt árið 2022, en það var þróað í samstarfi við menntamálayfirvöld, en á svæðinu má finna fræðandi efni fyrir öll skólastig.

Þrátt fyrir að áhersla á ólínulega miðlun hafi aukist á síðustu árum er það ennþá svo að línulegar útsendingar RÚV frá íþrótt- og tónlistarviðburðum njóta mikilla vinsælda. Árið 2022 voru það EM karla í handbolta í Ungverjalandi og Slóvakíu og EM kvenna í handbolta sem fram fór í Slóveníu, Norður-Makedóníu og Svartfjallalandi, Vetrarólympíuleikar og Vetrarólympíumót fatlaðra í Beijing, EM kvenna í fótbolta og HM karla í fótbolta sem bar hæst. Eurovision söngkeppnin stendur enn fremur alltaf fyrir sínu að sögn RÚV.

Dagskrárgerð í útvarpi og sjónvarpi á árinu 2022 var samkvæmt greinargerð „kraftmikil, fjölbreytt og áhugaverð“. Leikið íslenskt efni hafi verið í forgrunni í sjónvarpi, vakið mikla lukku og fengið mikið áhorf og umtal.

2.5. Fréttastofa RÚV nýtur trausts

Hlutfall fréttu og fréttatengds efnis í línulegri sjónvarpsdagskrá árið 2022 var 9,2%.

Fréttastofa RÚV heldur áfram að njóta mikils trausts á meðal landsmanna. Könnun Maskínu sem gerð var í nóvember 2022 sýndi að 69% aðspurðra báru mikið traust til fréttastofu RÚV.

Fréttastofa RÚV veitti víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttu- og fréttaskýringarþjónustu um innlend og erlend málefni í útvarpi og sjónvarpi og á vef árið 2022.

Árið 2022 rak hver stórviðburðurinn annan í fréttum. Stríðsátök í Evrópu, með innrás Rússa í Úkraínu í lok febrúar, settu mestan svip á fréttarárið. Afleiðingar átakanna voru líka áberandi í fréttum: orkukreppa, verðbólga og stríður straumur flóttamanna, meðal annars til Íslands með tilheyrandi álagi á innviði.

Af öðrum stórum fréttamálum má nefna heimsfaraldurinn, kosningar til sveitarstjórna, óvenjumörg stór sakamál, miklar vetrarhörkur og eldgos á Reykjaneskaga.

Fréttastofa RÚV var með sólarhringsþjónustu í útvarpi og á vefnum, ellefu sjónvarpsfréttatíma í hverri viku og einnig fréttatengdu þættina *Kastljós*, *Spegilinn*, *Kveik* og *Heimskviður*, þar sem atburðir líðandi stundar voru skýrðir og settir í samhengi. Einnig var samfélagslegri og fréttatengdri umræðu sinnt í daglegum útvarpsþáttum á Rás 1 og Rás 2, sem og í

sjónvarpsþættinum Silfrinu á sunnudagsmorgnum á vetrarmánuðum. Fréttum var miðlað á íslensku, ensku og pólsku á vef RÚV. Nýtt fréttahlaðvarp á pólsku hóf göngu sína í september.

Mikilvægt er að mati Fjölmiðlanefndar að standa vörð um fréttastofu RÚV og gera faglegri og sjálfstæðri fréttamennsku áfram hátt undir höfði til að unnt verði að viðhalda trausti almennings til fréttaflutnings RÚV til framtíðar. Áfram þarf að gera fréttamönnum Ríkisútvarpsins kleift að sinna rannsóknarblaðamennsku, greina og skýra atburði líðandi stundar bæði hér á landi og erlendis og setja þá í samhengi fyrir almenning. Þetta á ekki síst við um fréttapjónustu á landsbyggðinni, þar sem lítil eða takmörkuð fjölmiðlun er fyrir hendi.

2.6. Stöðugildum á landsbyggðinni fjölgar frá fyrra ári

Starfsstöðvar RÚV á landsbyggðinni eru á Akureyri, Egilsstöðum, í Borgarnesi og á Ísafirði og er landsbyggðarþjónustunni stýrt frá svæðisstöðinni á Akureyri. Að auki ferðast starfsmenn RÚV um Suðurland og Suðurnes til að safna efni í fréttir og almenna dagskrá. Í almennri dagskrá er landsbyggðinni sérstaklega sinnt í útvarps- og sjónvarpsþáttum sem eru á dagskrá í viku hverri.

Haustið 2022 var starfsemi fréttastofunnar á landsbyggðinni endurskoðuð. Enginn fréttamaður starfaði á Vesturlandi en í árslok voru þrjú fréttamenn starfandi á Akureyri, einn á Egilsstöðum og verið að ráða fréttamann á Suðurlandi. Samkvæmt upplýsingum frá RÚV var ráðið í stöðu fréttamanns á Vesturlandi á árinu 2023.

Í 6. gr. samnings mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2020-2023 segir að Ríkisútvarpið skuli leggja áherslu á þjónustu við alla landsmenn, meðal annars með því að hafa starfsemi í öllum landshlutum. Miðað sé við að umfang þjónustu við landsbyggðina verði sambærilegt við árið 2019 en þá voru starfsmenn Ríkisútvarpsins á landsbyggðinni 12 talsins.

Samkvæmt greinargerð RÚV voru stöðugildi á landsbyggðinni alls 11,1 á árinu 2022 en í lok árs 2021 voru þau 8,7.

2.7. Ríkisútvarpið setti sér aðgengisstefnu

Í mars 2022 setti RÚV sér aðgengisstefnu. Í henni er samkvæmt greinargerð lögð áhersla á þrjú meginþætti, sem eru aðgengi að miðlum; aðgengi í og við Útvarphúsið, aðrar starfsstöðvar RÚV og á viðburðum á vegum þess; og að fjölbreytileikinn í samfélaginu endurspeglast í miðlum RÚV.

Skref voru tekin í að bæta aðgengi blindra og sjónskertra við hönnun á nýjum vef RÚV sem var opnaður í desember 2022 en þar er hugað sérstaklega að læsileika fyrir hópinn. Einnig var unnið að bættu aðgengi heyrnarskertra og heyrnarlausra að miðlum RÚV með þróunarvinnu rafrænna skjátexta fyrir línulega dagskrá í rauntíma.

2.8. Afkoma Ríkisútvarpsins ohf. neikvæð árið 2022

Afkoma Ríkisútvarpsins ohf. árið 2022 reyndist neikvæð og varð niðurstaðan tap að upphæð 164 millj. kr. Skýringar sem gefnar voru í ársreikningi voru aukin verðbólga og óhagstæð gengisþróun íslensku krónunnar. Þeir þættir voru sagðir hafa afgerandi áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins þar sem stærstur hluti skulda RÚV er verðtryggt lán vegna eldri lífeyrisskuldbindinga. Tap ársins kom til lækkunar eigin fjár RÚV.

Ríkisendurskoðun gaf út eftirfylgniskýrslu á árinu 2022 vegna skýrslu sinnar „Ríkisútvarpið ohf. Rekstur og aðgreining rekstrarþátta“ frá því í nóvember 2019. Í eftirfylgniskýrslunni kom fram að brugðist hafi verið við úrbótatillögum Ríkisendurskoðunar með stofnun dótturfélags Ríkisútvarpsins ohf., í samræmi við ákvæði 4. gr. laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu; með breyttum uppgjörsaðferðum í kjölfar stofnunar dótturfélagsins RÚV Sala ehf.; og með því að grípa til ráðstafana til að stjórn félagsins fái reglubundnar upplýsingar um fjárhag og rekstur félagsins.

2.9. Aðrar helstu niðurstöður

Dreifing á sjónvarps- og hljóðvarpsefni Ríkisútvarpsins náði til 99,9% heimila á landinu um opið dreifikerfi. Var tilskildum markmiðum samkvæmt þjónustusamningi því náð. Miðað er við að dreifing sjónvarps- og hljóðvarpsefnis Ríkisútvarpsins nái til að minnsta kosti 99,8% heimila í landinu um opið dreifikerfi.

Ríkisútvarpið hefur aukið þjónustu við íbúa landsins sem hafa annað tungumál en íslensku á síðustu árum. Fréttum og upplýsingum er miðlað á ensku og pólsku á vefnum RUV.is/english og RUV.is/polski, auk þess sem RÚV English heldur úti vikulegum spjallþætti á ensku á RUV.is.

Áhersla Ríkisútvarpsins á jafnréttismál skilaði árangri og unnið var samkvæmt jafnréttisáætlun sem gildir til 2024. Áætlunin miðar að því að jafna stöðu kynja en nær einnig yfir jafnrétti óháð öðrum þáttum í samræmi við lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Hlutfall kynjanna í dagskrá RÚV, Rásar 1 og Rásar 2, utan fréttu, var nánast jafnt, 51% konur og 49% karlar. Séu eingöngu fréttatímar og fréttatengdir þættir teknir saman var hlutfall viðmælenda 57% karlar og 43% konur og hafa þær tölur þróast í átt til jafnvægis frá því að mælingar hófust. Kynjahlutföll starfsmanna Ríkisútvarpsins árið 2022 voru 48% konur og 52% karlar. Kynjahlutföll í hópi nýráðinna starfsmanna árið 2022 voru 64% konur og 36% karlar og kynjahlutföll í hópi stjórnenda voru 46% konur og 54% karlar, óbreytt frá árinu áður.

Ríkisútvarpið fjallaði um ólík svið menningar, lista og íþróttu á Íslandi og erlendis og stuðlaði að félagslegri samheldni í íslensku samfélagi, í samræmi við lögbundið hlutverk sitt. Ríkisútvarpið lagði rækt við menningu og menningararfleifð þjóðarinnar og endurspegluði samtímameninguna með fjölbreyttri dagskrárgerð í útvarpi og sjónvarpi, sem miðlað var áfram á vef. Þá sýndi RÚV fjölbreytt íþróttæfni og leikið efni. Lögð var áhersla á að fjalla um íþróttaiðkun ólíkra hópa, kvenna og karla og einnig fólks með fötlun.

92,1% af efni í línulegri dagskrá RÚV og RÚV 2 árið 2022 var evrópskt efni, að íslensku efni meðtöldu. Þar af var íslenskt efni 64,4% af efni í línulegri dagskrá RÚV og RÚV 2, norrænt efni frá öðrum Norðurlöndum 10,3% af útsendu efni og efni frá öðrum Evrópulöndum 17,4% af útsendu efni.

RÚV keypti sjónvarpsþætti, kvikmyndir og heimildamyndir frá sjálfstæðum framleiðendum eða gerðist meðframleiðandi að slíku efni. RÚV varði til þess 12% af innheimtu útvarpsgjaldi, sem er samkvæmt tilskildu lágmarki. Samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðherra á Ríkisútvarpið að verja að lágmarki 12% af innheimtu útvarpsgjalda á ári hverju til kaupa á efni frá sjálfstæðum framleiðendum eða meðframleiðslu á slíku efni. Þar undir fellur einnig talsetning og gerð útvarpsþátta. Á tímabilinu 1. janúar – 31. desember 2022 varði Ríkisútvarpið alls 655,5 mkr. án vsk. til kaupa eða meðframleiðslu á dagskrárefni af sjálfstæðum framleiðendum. Kaup eða meðframleiðsla á dagskrárefni fyrir sjónvarp af sjálfstæðum framleiðendum var að fjárhæð 628,2 mkr. en þar af voru greiðslur vegna talsetningar að fjárhæð 12,8 mkr. Greiðslur til sjálfstæðra framleiðenda vegna útvarpsþáttagerðar voru að fjárhæð 27,3 mkr. Framlag Ríkisútvarpsins til innlends, leikins efnis var 331 mkr. árið 2022 og rann það allt eða 100% til sjálfstæðra framleiðenda.

Ríkisútvarpið kynnti margbreytileika mannlífs, lífsviðhorfa og lífsskilyrða í landinu með ýmsum hætti og veitti innsýn í líf samfélagshópa sem alla jafna eiga ekki sterka rödd í samfélagsumræðunni. Með því að sýna fjölbreyttar fyrirmyndir á sjónvarps skjánum og miðla m.a. fleiri röddum en þeim sem hafa íslensku að móðurmáli, má efla sjálfsmynd einstaklinga úr ólíkum minnihlutahópum og stuðla að félagslegri samlögun og samheldni í íslensku samfélagi. Þetta á meðal annars við um sýnileika fólks á ólíkum aldri, af ólíkum kynþáttum og þjóðernum, öllum kynjum, fólks sem ekki hefur íslensku að móðurmáli og fólks með fötlun í miðlum Ríkisútvarpsins.

Nýr vefur RÚV.is var opnaður 3. desember 2022. Vefurinn er mikilvæg forsenda áframhaldandi stafrænnar þróunar við miðlun fréttu, upplýsinga og fjölbreytts efnis af ýmsum toga. Nýr vefur hefur aukið aðgengi ólíkra hópa að efni RÚV og gjörbreytt framsetningu fréttu og annars efnis.

Ríkisútvarpið uppfyllti þær kröfur sem gerðar eru í 5. gr. laga um Ríkisútvarpið um fjárhagslegan aðskilnað reksturs vegna fjölmiðlaþjónustu í almannapágu frá fjárreiðum annars reksturs á vegum Ríkisútvarpsins eða dótturfélaga þess. Engu að síður bendir Fjölmiðlanefnd á að reikningskil samstæðunnar fyrir árið 2022 og upplýsingagjöf til Fjölmiðlanefndar virðast ekki að öllu leyti í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í 15. gr. þjónustusamnings 2020-2023 um sundurliðun útgjalda einstakra liða og upplýsingagjöf þar að lútandi til nefndarinnar.

Sérstök markmið á samningstímanum 2020-2023 voru að miklu leyti uppfyllt árið 2022. Eftirfarandi samningsmarkmið voru í athugun eða bið í árslok 2022, en samningur Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðherra um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu hafði gildistímann 2020-2023 og þurftu sérstök samningsmarkmið því í síðasta lagi að vera uppfyllt fyrir árslok 2023.

- **Markmið um verkefnið Háskólinn okkar.** Samkvæmt þjónustusamningi átti Ríkisútvarpið á samningstímanum að þróa svæði á vef sínum í samstarfi við háskólasamfélagið þar sem háskólar og aðrar rannsóknarstofnanir gætu miðlað efni í mynd, hljóði og texta. Markmiðið var að tryggja almenningi á einfaldan hátt aðgang að fræðasamfélaginu og þeirri vitneskju sem það býr yfir. Samkvæmt greinargerð RÚV vegna ársins 2022 voru

meginlínur verkefnisins lagðar á árinu og ráðgert var að opna Háskólann okkar árið 2023. Af því hefur ekki orðið við útgáfu skýrslu Fjölmiðlanefndar og samkvæmt upplýsingum frá RÚV hefur verið ákveðið að leggja verkefnið til hliðar þar sem ekki er talið raunhæft að markmið 2.4.2 í samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins, um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu náist.

- **Markmið um aukna þjónustu við eldri borgara náðist.** Samkvæmt þjónustusamningi skyldi Ríkisútvarpið huga að sjónarmiðum og þörfum eldri borgara í dagskrárgerð sinni, miða fræðslu að málefnum eldri borgara, réttindum þeirra og heilbrigði í miðlum sem Ríkisútvarpið telur að nái best til eldri borgara. Þjónusta við eldri borgara var aukin á árinu 2022, meðal annars með dagskrárliðnum „Heimaleikfimi“ og útvarpsþáttunum „Lífið eftir vinnu“.
- **Markmið varðandi aðgengi Íslendinga sem búsettir eru erlendis að dagskrárefni og þjónustu.** Ríkisútvarpið átti á samningstímanum að leita leiða til að miðla sjónvarps- og útvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins til íslenskra ríkisborgara sem eru búsettir erlendis, t.d. með veflausnum sem tryggja aðgang án þess að gengið sé á hlut rétthafa. Í greinargerð Ríkisútvarpsins kemur fram að með innskráningarkerfi, sem þróað var árið 2020, myndi í fyrsta sinn gefast tækifæri til að horfa á allt efni RÚV hvar sem er í Evrópu í gegnum innskráningu, þar með talið það efni sem hingað til hefur eingöngu verið í boði á Íslandi sökum rétthafamála. Ráðgert hafi verið að taka innskráningarkerfið í notkun um haustið 2020 en vegna niðurskurðar af völdum mikils tekjufalls á árinu, vegna tekjusamdráttar á auglýsingamarkaði, hafi verkefninu verið frestað. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu var nýr vefur RÚV settur í loftið í desember 2022. Á þeim vef er innskráningarkerfi, þar sem unnt er að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum, og samhliða innskráning í smáforriti. Einnig eru barnalæsingar á vef tengdar við innskráningarkerfið á nýja vefnum. Enn sem komið er er ekki hægt að horfa á dagskrárefni í gegnum innskráningarkerfi þegar skýrsla þessi er gefin út. Innskráning inn á RUV.is var nánast tilbúin til notkunar sl. haust í gegnum island.is samkvæmt nýjum upplýsingum RÚV. Hins vegar kom í ljós í árslok 2023 að RÚV stæði ekki til boða framhald á þjónustu í gegnum innskráningarleið island.is. RÚV þurfti því að semja við annan innskráningaraðila og forrita innskráningu fyrir vefspilara RUV.is frá grunni. Innskráning með aðstoð Auðkennis er, nú við útgáfu skýrslu Fjölmiðlanefndar, á lokametrunum og er áætlað að hún verði komin til notkunar innan skamms.
- **Markmið varðandi miðlalæsi.** Samkvæmt þjónustusamningi átti Ríkisútvarpið að setja á vef RÚV upplýsingar og fræðsluefni fyrir almenning um miðla- og upplýsingalæsi. Með miðlalæsi er átt við hæfni, þekkingu og skilning sem gerir fólki kleift að nýta fjölmiðla á áhrifaríkan og öruggan hátt. Enn fremur að efla gagnrýna hugsun og hæfni til að greina falsfréttir, flókin mál og þekkja muninn á skoðunum og staðreyndum. Fulltrúar Ríkisútvarpsins hafa átt samtalið við Fjölmiðlanefnd um mögulegt samstarf og er Ríkisútvarpið hluti af tengslaneti um upplýsinga- og miðlalæsi á Íslandi (TUMI). Ekki er að sjá að upplýsingar og fræðsluefni um miðla- og upplýsingalæsi hafi verið sett á vefinn en samkvæmt upplýsingum frá RÚV var ekki talið rétt að birta fræðsluefni um miðlalæsi þar sem Fjölmiðlanefnd hafi það hlutverk.

3. Hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins

3.1. Fjölmiðlaþjónusta í almannabágu

Fjölmiðlaþjónusta í almannabágu hefur verið skilgreind svo að hún skuli mæta lýðræðislegum, menningarlegum og samfélagslegum þörfum í hverju samfélagi. Fjölmiðlaþjónusta í almannabágu er lykilþáttur í stefnumótun stjórnvalda í málefnum fjölmiðla á Íslandi og einnig í mörgum öðrum Evrópuríkjum. Það er á ábyrgð stjórnvalda í hverju landi að setja lög og reglur um hlutverk og skyldur fjölmiðlaþjónustu í almannabágu.

Hér á landi er kveðið á um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins í lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013. Þar er kveðið á um ákveðnar skyldur sem á Ríkisútvarpinu hvíla, til viðbótar hinum almennu skyldum samkvæmt lögum um fjölmiðla. Reglurnar taka flestar mið af þeim sérstöku sjónarmiðum sem gilda um fjölmiðla í ríkiseigu en slík sjónarmið byggja meðal annars á því að fjölmiðlum sem starfa í almannabágu sé ætlað að flytja vandað efni, sérstaklega af innlendum og menningarlegum toga, sem ekki er tryggt að fjölmiðlar, sem eingöngu eru reknir með viðskiptasjónarmið í huga, telji arðvænlegt að láta framleiða eða miðla. Auk þess ber almannaðjónustufjölmiðlum að tryggja vissa fjölbreytni í efnisvali og efnismeðferð og að skoðanir og sjónarmið í þýðingarmiklum þjóðfélagsmálum, er almenning varða, komist á framfæri.

Í lögum um Ríkisútvarpið segir meðal annars að fjölmiðlaþjónusta Ríkisútvarpsins hafi það markmið að mæta lýðræðislegum, menningarlegum og samfélagslegum þörfum í íslensku samfélagi með miðlun texta, hljóðs og mynda. Þá á Ríkisútvarpið að framleiða og miðla vönduðu og fjölbreyttu efni með mismunandi tæknilegum aðferðum til allra landsmanna, óháð búsetu. Fjölmiðlaefnið skal hið minnsta vera fréttir og fréttaskýringar, fræðsluþættir, íþróttþættir, afþreying af ýmsum toga, lista- og menningarþættir og sérstakt efni fyrir börn og ungmenni. Ríkisútvarpinu ber að tryggja að skoðanir og sjónarmið í þýðingarmiklum þjóðfélagsmálum, er almenning varða, komist á framfæri, auk þess að fjallað sé um mál á málefnalegan hátt og af hlutlægni.

Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða, a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring. Þá skal Ríkisútvarpið í samvinnu við til þess bær stjórnvöld tryggja nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og, þegar við á, eftir öðrum boðleiðum.

Ríkisútvarpið skal varðveita hljóðritanir og aðrar sögulegar minjar sem ætla má að hafi menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina.

Þá skal Ríkisútvarpið jafnframt skapa vettvang fyrir aðkomu almennings að stefnumótun fjölmiðlunar í almannabágu með fyrirkomulagi sem nánar er kveðið á um í samþykktum Ríkisútvarpsins.

3.2. Fjölmiðlar sem veita fjölmiðlaþjónustu í almannapágu hér á landi

Ríkisstyrkt fjölmiðlaþjónusta í almannapágu hér á landi er eingöngu veitt af Ríkisútvarpinu og miðlum þess en þeir eru: RÚV, RÚV 2 (RÚV Íþróttir), Rás 1, Rás 2, Rondo og RUV.is.

Pá er efni RÚV einnig miðlað á samfélagsmiðlum. Fjölmiðlanefnd leggur einungis mat á hefðbundna fjölmiðlastarfsemi RÚV, þ.e. á RÚV, RÚV 2, Rás 1, Rás 2, Rondo og vefinn RUV.is en ekki á það efni RÚV sem miðlað er á öðrum vettvangi, t.d. á samfélagsmiðlum á borð við TikTok, Facebook, Instagram eða á YouTube.

Í EES-ríkjunum hefur að jafnaði verið litið svo á að til að fjölmiðlaþjónusta í almannapágu geti rækt lýðræðislegt, menningarlegt og samfélagslegt hlutverk sitt verði almenningur að eiga aðgang að í það minnsta einni opinni sjónvarpsdagskrá, sem njóti að jafnaði ríkisstyrkja í formi afnotagjalda. Hér á landi greiða einstaklingar og lögaðilar sérstakt útvarpsgjald samhliða álagningu opinberra gjalda. Auk þessa hefur Ríkisútvarpið tekjur af annarri starfsemi en almannapjónustu, aðallega sölu auglýsinga og kostana, með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, og aðrar tekjur, sbr. 14. gr. laganna.

3.3. Hliðsjónargögn

Mat Fjölmiðlanefndar á almannapjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins fyrir árið 2022 fór fram með hliðsjón af samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins, 2020-2023. Matið byggist auk þess á ársskýrslu og ársreikningi Ríkisútvarpsins fyrir árið 2022 og greinargerð Ríkisútvarpsins um fjölmiðlun í almannapágu 2022.

Í samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2020-2023 kemur fram að Ríkisútvarpið skuli árlega útbúa greinargerð til Fjölmiðlanefndar um það hvernig það stendur að fjölmiðlaþjónustu í almannapágu skv. 3. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 15. gr. sömu laga. Greinargerðina skal senda ráðuneytinu um leið og hún er send Fjölmiðlanefnd.

Í greinargerðinni til Fjölmiðlanefndar á Ríkisútvarpið meðal annars að setja fram tölulegar upplýsingar skv. viðauka við samninginn og skýringar á hvernig Ríkisútvarpið hafi sinnt fjölmiðlaþjónustu í almannapágu á hverju ári í samanburði við fyrri ár.

Í samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu segir að samningsaðilar séu ásáttir um tiltekna áherslur og sérstök markmið sem vinna skuli að á gildistíma samningsins. Eru áherslur og sérstök markmið skilgreind þar með ítarlegum hætti. Fram kemur í þjónustusamningnum að við framkvæmd hinna sérstöku markmiða skuli hafa hliðsjón af framboði á efni og áherslum í dagskrá annarra fjölmiðla og gæta að samkeppnissjónarmiðum. Með þessum áherslum er leitast við að skerpa á hlutverki og sérstöðu Ríkisútvarpsins á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Í þjónustusamningnum er einnig að finna lista yfir efnisflokka sem Ríkisútvarpið skal gera grein fyrir í greinargerðinni til Fjölmiðlanefndar, þar á

meðal tölfræðilegar upplýsingar sem varða m.a. framboð þjónustu og umfang starfsemi. Takist Ríkisútvarpinu ekki að koma einstökum atriðum í samningnum, eða sem tilgreind eru í 3. gr. laganna, í framkvæmd á því ári sem greinargerðin tekur til skal gera grein fyrir ástæðum þess í greinargerðinni og hvernig stefnt er að því að bæta úr því.

4. Lýðræði

4.1. Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal sinna lýðræðislegu hlutverki sínu m.a. með því að:

1. Hafa í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, þ.m.t. um mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana.
2. Veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttá- og fréttaskýringarþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar.
3. Vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni og almenning varða.
4. Kynna margbreytileika mannlífs, lífsviðhorfa og lífsskilyrða í landinu.
5. Miðla upplýsingum og veita landsmönnum innsýn í alþjóðamál, mismunandi menningarheima og ólík sjónarmið.
6. Hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi Ríkisútvarpsins og í dagskrá þess.
7. Kynna framboð til almennra kosninga, helstu stefnumál framboða, frambjóðenda og fylkinga eftir atvikum og greina ítarlega frá niðurstöðum kosninga. Þá skal það veita öllum gildum framboðum til Alþingis og forsetakosninga, sem og fylkingum í þjóðaratkvæðagreiðslum, jafnt tækifæri til að kynna stefnumál sín á hefðbundnum dagskráartíma í sjónvarpi. Ríkisútvarpið skal birta reglur þar að lútandi. Í alþingiskosningum er heimilt að takmarka útsendingartíma þeirra framboða sem ekki bjóða fram í öllum kjördæmum þannig að þau fái hlutfall af heildarútsendingartíma til samræmis við það hlutfall kjördæma sem þau bjóða fram í.

2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013

Lýðræðishlutverki sínu sinnir Ríkisútvarpið með fréttáþjónustu og sem vettvangur skoðanaskipta og umræðu um samfélagsmál.

Úr samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2020-2023

4.2. Fræðsluhlutverk Ríkisútvarpsins

Um fræðsluhlutverk Ríkisútvarpsins

3. Fjölmiðlaefnið skal hið minnsta vera fréttir og fréttaskýringar, **fræðsluþættir**, íþróttáþættir, afþreying af ýmsum toga, lista- og menningarþættir og sérstakt efni fyrir börn og ungmenni.

3. tölul., 1. mgr., 3. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013

Samkvæmt þjónustusamningi Ríkisútvarpsins við mennta- og menningarmálaráðherra fellur eftirtalin þjónusta undir fræðsluhlutverk Ríkisútvarpsins: MenntaRÚV, Háskólinn okkar, miðla- og upplýsingalæsi, þróun máltækni, þjónusta við eldri borgara, fréttáþjónusta og kosningaumfjöllun.

4.2.1. MenntaRÚV

Sérstök markmið á samningstímanum 2020-2023 samkvæmt samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu:

Á samningstímanum leggur Ríkisútvarpið rækt við fræðsluhlutverk sitt, m.a. með frekari þróun MenntaRÚV. Markmið MenntaRÚV er að sameina ólíka krafta og stuðla þannig að uppbyggingu víðsýns og framsækings samfélags með því að miðla vönduðu og fjölbreyttu efni. MenntaRÚV er ætlað að vera miðstöð fyrir fræðslu- og kennsluefni á íslensku eða með íslenskum texta, sérstaklega með þarfir kennara og nemenda í huga. MenntaRÚV verður með vandað efni, framleitt af Ríkisútvarpinu og öðrum íslenskum og erlendum framleiðendum.

Á samningstímanum gerir Ríkisútvarpið fræðsluefni um íslenska tungu aðgengilegt á vef sínum.

Starfshópur á vegum Ríkisútvarpsins og fulltrúar hagsmunaaðila þróa og móta áætlun um starfsemi um MenntaRÚV í víðtæku samstarfi við menntayfirvöld, kennara, framleiðendur og dreifendur fræðsluefnis og fleiri aðila eftir atvikum.

Hópurinn leggur fram tillögur um stefnu og helstu áherslur MenntaRÚV fyrir árslok 2021 ásamt kostnaðar-, verk- og tímaáætlun.

Vefsvæðið MenntaRÚV hóf göngu sína árið 2020, eftir að samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs COVID-19 voru settar á í fyrsta sinn. Í mars 2020 bárust RÚV óskir frá menntamálayfirvöldum um að það tæki að sér veigamikil hlutverk til að mæta þeim fjölda grunnskólanemenda sem sendir höfðu verið heim úr skólum af sóttvarnarástæðum. Var þá samstarfi Menntamálastofnunar, mennta- og menningarmálaráðuneytis og RÚV um tilurð vefsvæðisins MenntaRÚV flýtt, þjónustan þróuð í samstarfi við menntamálayfirvöld og gerð aðgengileg fyrr en til hafði staðið.

Í vefspilara MenntaRÚV mátti nálgast fræðandi og upplýsandi dagskrárefni RÚV fyrir aldurshópana 6-12 ára, 13-16 ára og 16 ára og eldri. Með tilkomu þjónustunnar var aðgengi að efni til kennslu og fræðslu fyrir börn og ungmenni aukið.

Samkvæmt greinargerð RÚV til Fjölmiðlanefndar um starfsemina árið 2022 lá verkefnisáætlun fyrir ásamt samstarfsyfirlýsingu við Menntamálastofnun um þróun efnis, kaup á fræðsluefni og áframhaldandi þróun á spilara MenntaRÚV.

Það athugast að við útgáfu skýrslu þessarar virðist hafa dregið úr þróunarstarfi MenntaRÚV, þannig að ekki er að sjá aldursskiptingu eða flokkun þess efnis sem þar er að finna. Því lítur út fyrir að vefnum sé minna sinnt en áður og útlit fyrir að það sé handahófskennt. Enn fremur er hvergi að finna hlekk á MenntaRÚV af forsíðu RÚV og því virðist sem ekki sé hvatt til notkunar hans.

4.2.2. Háskólinn okkar

Sérstök markmið á samningstímanum 2020-2023 samkvæmt samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu:

Á samningstímanum þróa Ríkisútvarpið svæði á vef sínum í samstarfi við háskólasamfélagið þar sem háskólar og aðrar rannsóknarstofnanir geta miðlað efni í mynd, hljóði og texta. Markmiðið er að tryggja almenningi á einfaldan hátt aðgang að fræðasamfélaginu og þeirri vitneskju sem það býr yfir. Þá getur Ríkisútvarpið verið í miðlunarhlutverki og nýtt reynslu sína við framsetningu og miðlun upplýsinga. Með þessu leggur Ríkisútvarpið sitt af mörkum til að bregðast við upplýsingaóreiðu samtímans og styðja við opinbera umræðu með það að markmiði að þjóðin verði upplýstari og fróðari.

Samkvæmt þjónustusamningi á Ríkisútvarpið að þróa svæði á vef sínum, í samstarfi við háskólasamfélagið, þar sem háskólar og aðrar rannsóknarstofnanir geta miðlað efni í mynd, hljóði og texta. Markmiðið sé að tryggja almenningi á einfaldan hátt aðgang að fræðasamfélaginu og þeirri vitneskju sem það býr yfir. Ríkisútvarpinu sé ætlað að vera í miðlunarhlutverki og nýta reynslu sína við framsetningu og miðlun upplýsinga. Með þessu eigi Ríkisútvarpið að leggja sitt af mörkum til að bregðast við upplýsingaóreiðu samtímans og styðja við opinbera umræðu með það að markmiði að þjóðin verði upplýstari og fróðari.

Samkvæmt upplýsingum í greinargerð Ríkisútvarpsins voru megin línur verkefnisins lagðar á árinu og ráðgert var að opna Háskólann okkar á árinu 2023. Á vinnslutíma skýrslu Fjölmiðlanefndar hefur það ekki raungerst.

Þegar eftir upplýsingum um stöðu verkefnisins var kallað í janúar 2024, bárust eftirfarandi svör:

„Samstarf RÚV og háskólanna í landinu um efni á vef og öðrum miðlum RÚV var til umræðu í talsverðan tíma undir vinnuheitinu Háskólinn okkar (HO). Fyrirmyndin var efni á vef RTE undir nafninu Brainstorm þar sem nokkrir háskólar á Írlandi leggja til margvíslegt efni um vísindi og fræði. Að auki er þar efni sem RTE framleiðir sjálf, ýmist fréttar- eða fræðsluefni.

Við þróun verkefnisins kom fram að uppfylla þurfi þrjú skilyrði til að efnið og framsetning þess verði boðleg:

- Háskólarnir leggi til nýtt efni eða eldra efni sem þeir bjóða til birtingar á RÚV.
- Nýr vefur eða undirvefur (síða) verði búin til á RÚV.is.
- Starfsmaður í hálfu eða fullu starfi sjái um vefinn (ritstjóri).

Á fundum RÚV með fulltrúum háskólanna kom skýrt fram að þeir sjá ekki fyrir sér að geta lagt til efni sérstaklega fyrir HO. Eina aðgengilega efnið sem hægt væri að nota, án mikillar vinnu við aðlögun að vef á vegum RÚV, er á vef Háskóla Íslands. Það er á hinn bóginn vaktað af fréttastofunni og Rás 1 nú þegar og talsvert notað. Að auki er álitamál hvort hlekkur á vef RÚV á vef HÍ geri mikið gagn í þessu sambandi.

Miðað við núverandi ástand er ekki fyrirsjáanlegt að fjárhagslegt svigrúm sé til þess að ráða ritstjóra fyrir HO.

Ritstjóri vefsins RÚV.is hefur uppýst að fréttastofan hafi aukið aðgengilegt og fræðandi efni um vísindi, tækni og fræði af ýmsu tagi, sem að hluta kemur í stað sérstaks HO vefs.

Að framansögðu virtu hefur RÚV talið rétt að leggja verkefnið til hliðar að svo stöddu enda eru ekki tæk á uppfylla þau skilyrði sem að framan greinir.”

4.2.3. Miðla- og upplýsingalæsi

Sérstök markmið á samningstímanum 2020-2023 samkvæmt samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu:

Ríkisútvarpið setur á vefinn upplýsingar og fræðsluefni fyrir almenning um miðla og upplýsingalæsi fyrir árslok 2022.

Með miðla- og upplýsingalæsi er átt við hæfni, þekkingu og skilning sem gerir fólki kleift að nýta fjölmiðla á áhrifaríkan og öruggan hátt. Enn fremur að efla gagnrýna hugsun og hæfni til að greina falsfréttir, flókin mál og að þekkja muninn á skoðunum og staðreyndum.

Á síðustu árum hefur dreifing falsfrétta og upplýsingaóreiðu færst mjög í aukana á stafrænum miðlum á sama tíma og netið er að verða stærri og mikilvægari samskiptavettvangur í lýðræðislegri umræðu. Tæknibreytingar hafa gert að verkum að auðveldara er að dreifa upplýsingum og að sama skapi erfiðara að greina uppruna og sannleiksgildi hinna ýmsu upplýsinga. Mikilvægi þess að almenningur læri að tileinka sér miðla- og upplýsingalæsi hefur því aldrei verið meira.

Fjölmiðlanefnd fær ekki séð að Ríkisútvarpið hafi sinnt skyldu sinni samkvæmt þjónustusamningnum til að setja upplýsingar og fræðsluefni fyrir almenning um miðla- og upplýsingalæsi á vef sinn, enn sem komið er. Í greinargerð sinni til Fjölmiðlanefndar tók RÚV þó fram að mikið hafi verið fjallað um miðla- og upplýsingalæsi í ýmsum þáttum, einkum á Rás 1. RÚV hefur gefið þær skýringar að eftir á að hyggja hafi ekki verið talið skynsamlegt að miðla fræðslu um miðlalæsi þar sem RÚV sé hluti af TUMA, tengslaneti um upplýsinga- og miðlalæsi á Íslandi sem Fjölmiðlanefnd heldur úti og annast fræðslu um miðlalæsi. Því verði sá þáttur þjónustusamnings RÚV og mennta- og menningarmálaráðuneytis endurskoðaður við gerð nýs samnings.

4.2.4. Þróun máltækni

Í þjónustusamningi segir að Ríkisútvarpið eigi aðild að Almanarómi og taki á samningstímanum þátt í starfi þverfaglegs hóps rannsakenda og fyrirtækja (SÍM) um þróun kjarnalausna í máltækni. Markmiðið sé að tryggja að íslenska verði bæði nothæf og notuð í tölvum og snjalltækjum til framtíðar. Í safni Ríkisútvarpsins liggi gögn sem nýtist beint við þróun þessarar tækni.

Almannarómur er óháð sjálfseignarstofnun sem hefur það hlutverk að tryggja að íslensk tunga sé notuð í allri tækni. Unnið er samkvæmt máltækniáætlun stjórnvalda og sér stofnunin um framkvæmd hennar. Í greinargerð RÚV kemur fram að Ríkisútvarpið eigi aðild að Almanarómi og sé virkur þátttakandi í þróun kjarnalausna í máltækni. Markmiðið sé að tryggja að íslenska verði bæði nothæf og notuð í tölvum og snjalltækjum til framtíðar og verði verkefnið unnið á samningstímanum.

4.2.5. Þjónusta við eldri borgara

Samkvæmt þjónustusamningi skal Ríkisútvarpið huga að sjónarmiðum og þörfum eldri borgara í dagskrárgerð sinni. Fræðsla miðuð að málefnum eldri borgara, réttindum þeirra og heilbrigði skal vera hluti af dagskrá í miðlum sem Ríkisútvarpið telur að nái best til eldri borgara.

Í greinargerð RÚV kemur fram að meirihluti þess efnis sem sent er út á miðlum RÚV sé ætlað öllum aldurshópum og við ákvörðun dagskrár hafi verið sérstaklega gætt að því. Að öðru leyti er ekki gerð grein fyrir því hvernig RÚV hugar að þeim skuldbindingum sínum.

Í svörum RÚV við fyrirspurn Fjölmiðlanefndar í janúar 2024 kemur eftirfarandi fram:

Það er almenn dagskrárstefna RÚV að sinna þjónustu við eldri borgara sem er einn dyggasti áhorfs- og hlustendahópur RÚV.

Dagskrá sjónvarps hefst kl. 13 á daginn og er dagskráin sniðin að því að þjónusta eldri borgara t.d. með dagskrárlíðnum „Heimaleikfimi“ og öðru efni sem sett er á dagskrá úr safni sjónvarpsins. Á árinu 2022 fór í loftið á Rás 1 þáttaröð í sjö þáttum „Lífið eftir vinnu“, þar sem ýmsar hliðar þess að eldast með reisu voru skoðaðar, svo sem:

- lífslok
- staða hjúkrunarheimila og öldrunardeilda sjúkrahúsa skoðaðar
- fjallað um stöðu heilabílaðra og aðstandenda þeirra
- búsetu og sjónum beint sérstaklega að möguleikum fólks á að búa sem lengst heima
- fjármál eldra fólks og hvernig því gengur að láta enda ná saman
- lýðheilsu og mikilvægi hennar á efri árum
- mannfjöldapróun á Íslandi næstu áratuginna og sveigjanleg starfslok

Að mati Fjölmiðlanefndar hefur RÚV ekki að öllu leyti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðherra um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu fyrir árin 2020-2023 á árinu 2022, hvað varðar þróun á MenntaRÚV, Háskólanum okkar og fræðsluefni um miðla- og upplýsingalæsi. RÚV hefur gefið skýringar á því mati sínu að rétt hafi verið að leggja verkefnið „Háskólinn okkar“ til hliðar.

Fjölmiðlanefnd telur engu að síður að RÚV hafi uppfyllt skyldur sínar hvað varðar fræðslustarf eins og þær birtast í lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, nr. 23/2013.

4.3. Fréttþjónusta

Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal sinna lýðræðislegu hlutverki sínu m.a. með því að:

2. Veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga frétt- og fréttaskýringarþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar.
3. Vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni og almenning varða.

2. og 3. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið skal framleiða og miðla vönduðu og fjölbreyttu efni með mismunandi tæknilegum aðferðum til allra landsmanna óháð búsetu. Ríkisútvarpið skal gera ráðstafanir til að hægt sé að flytja fréttir og framleiða efni utan höfuðborgarsvæðisins með fastri starfsemi á völdum svæðum.

2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Í starfsháttum sínum skal Ríkisútvarpið:

1. Vera til fyrirmyndar um gæði og fagleg vinnubrögð.
2. Ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð, leitað sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt sem jafnast.
3. Sannreyna að heimildir séu réttar og að sanngirni sé gætt í framsetningu og efnistöku.
4. Virða friðhelgi einkalífsins í fréttum og dagskrárefni nema lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins og upplýsingaréttur almennings krefjist annars.
5. Vera óháð stjórn mála og hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum.
6. Stunda vandaða og gagnrýna fréttamennsku og rýna m.a. störf yfirvalda, félaga og fyrirtækja sem hafa áhrif á hag almennings.
7. Taka dagskrárákvörðanir á faglegum forsendum.

4. mgr. 3 .gr. laga um Ríkisútvarpið

Sérstök markmið á samningstímanum 2020-2023 samkvæmt samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2020-2023:

Ríkisútvarpið veitir víðtæka fréttá- og fréttaskýringaþjónustu og veðurþjónustu allan sólarhringinn. Ríkisútvarpið miðlar fréttum í útvarpi og sjónvarpi, á vef og samfélagsmiðlum. Fréttastofa starfar samkvæmt fréttareglum sem endurskoðaðar eru á minnst þriggja ára fresti.

Hlutverk áreiðanlegra fréttamiðla sem almenningur getur treyst hefur sjaldan verið mikilvægara en nú í samfélags- og fjölmiðlaumhverfi sem oft og tíðum einkennist af pólitískri skautun og upplýsingaóreiðu. Margir eiga í erfiðleikum með að greina sannleiksgildi fréttanna sem birtast á stafrænum miðlum, ekki síst yngstu og elstu aldurshóparnir, og leita þá til rótgróinna fréttamiðla sem njóta trausts til þess að greina rétt frá röngu. Það er ekki síst á tímum sem slíkum sem mikilvægt er að tryggja hlutlægni og nákvæmni í fréttaflytningu og fréttatengdu efni.

4.3.1. Krafan um hlutlæga og áreiðanlega fréttapjónustu

Gerðar eru ríkar kröfur til Ríkisútvarpsins um að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttá- og fréttaskýringarþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar. Ríkisútvarpinu ber í starfsháttum sínum að ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð, leitað sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt sem jafnast. Ríkisútvarpið á að sannreyna að heimildir séu réttar og að sanngirni sé gætt í framsetningu og efnistöku. Ríkisútvarpinu ber að virða friðhelgi einkalífsins nema lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Ríkisútvarpið á að vera óháð stjórn mála og hugmyndafræðilegum og efnahagsmunalegum hagsmunum í

efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum. Það á að stunda vandaða og gagnrýna fréttamennsku og rýna m.a. störf yfirvalda, félaga og fyrirtækja sem hafa áhrif á hag almennings. Þá á Ríkisútvarpið að taka dagskrárákvörðanir á faglegum forsendum.

4.3.2. Starfsemi fréttastofu 2022

Fréttastofa RÚV er staðsett í Efstaleiti í Reykjavík og flytur fréttir af innlendum og erlendum vettvangi í útvarpi, sjónvarpi og á vefnum allan sólarhringinn, allan ársins hring. RÚV starfrækir einnig svæðisstöðvar á Akureyri, Egilsstöðum, í Borgarnesi og á Ísafirði og er landsbyggðarþjónusta stýrt frá svæðisstöðinni á Akureyri. Eins og áður kom fram var þó ekki starfandi fréttamaður á Vesturlandi á árinu 2022. Að auki ferðast starfsmenn fréttastofu og dagskrárdeilda um Suðurland og Suðurnes til að safna efni í fréttir og dagskrá.

Fréttaefni Ríkisútvarpsins árið 2022 var aðgengilegt í gegnum sjónvarp og útvarp, í línulegri og ólínulegri dagskrá, á vef og í appi fyrir snjalltæki. Þá sá fréttastofa RÚV um samfélagsmiðlareikninga fréttastofunnar þar sem athygli var vakin á helstu fréttamálum líðandi stundar, en á árinu var samkvæmt greinargerð, ráðinn fréttamaður til að halda úti fréttapjónustu á samfélagsmiðlum. Það mun vera nýjung sem á sér fyrirmyndir hjá erlendum almannapjónustumiðlum. Í greinargerðinni segir jafnframt að markmiðið sé að ná til þeirra sem ekki horfa eða hlusta á fréttir í línulegri dagskrá, sækja sér heldur ekki fréttir á netinu heldur treysta á fréttir af samfélagsmiðlum. Á það fyrst og fremst við um yngstu kynslóð fréttaneytenda. Enn fremur var opnaður TikTok reikningur fréttastofunnar sem vakti talsverða athygli en þar birtast fréttir og skýringar sem eiga að höfða sérstaklega til yngstu hópanna.

4.3.3. Stórt fréttarár

Árið 2022 rak hver stórviðburðurinn annan í fréttum. Stríðsátök í Evrópu, með innrás Rússa í Úkraínu í lok febrúar, settu mestan svip á fréttarárið. Afleiðingar átakanna voru líka áberandi í fréttum: orkukreppa, verðbólga og stríður straumur flóttamanna, meðal annars til Íslands með tilheyrandi álagi á innviði. Öryggislandslag Evrópu gerbreyttist og ríki sem áður stóðu utan varnarbandalaga leituðu skjóls í Atlantshafsbandalaginu. Samkvæmt greinargerð fjallaði fréttastofa RÚV ítarlega um innrásina og afleiðingar hennar og var meðal annars með fréttateymi í Kyiv daginn sem innrásin hófst. Nokkrum vikum síðar var fréttateymi RÚV í Póllandi og fylgdist með flóttamannastraumi frá Úkraínu og á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Madrid þar sem aðildarumsóknir Svía og Finna voru samþykktar. Þá var Jón Björgvinsson, fréttaritari RÚV, talsvert í Úkraínu og sendi fréttir heim. Af öðrum stórum fréttamálum má nefna heimsfaraldurinn, kosningar til sveitarstjórna, óvenjumörg stór sakamál, miklar vetrarhörkur og eldgos á Reykjanesskaga.

4.3.4. Fréttir og fréttatengt efni

Fréttastofa RÚV var samkvæmt greinargerð með sólarhringsþjónustu í útvarpi og á vefnum, ellefu sjónvarpsfréttatíma í hverri viku og einnig fréttatengdu þættina *Kastljós*, *Spegillinn*, *Kveik* og *Heimskviður*.

Í *Kastljósi* er boðið upp á lengri og ítarlegri viðtöl en í fréttatímum og verða þau gjarnan sjálfstætt fréttaefni. Breytingar voru gerðar á *Kastljósi* á árinu þar sem viðtalsþátturinn var sameinaður *Menningunni*. Ritstjóri var Baldvin Þór Bergsson og með honum voru Sigríður Dögg Auðunsdóttir, Guðrún Sóley Gestsdóttir, Bergsteinn Sigurðsson og Chanel Björk Sturludóttir. Fjallað var um menningu og málefni líðandi stundar.

Fréttaskýringaþátturinn *Spegillinn* er á dagskrá síðdegis á Rás 1 og Rás 2 og er rótgróinn og mikilvægur liður í fréttþjónustu RÚV. Daglega geta hlustendur Rásar 1 og 2 leitað þangað eftir djúpri og umfangsmikilli umræðu um öll helstu samfélagsmál. Spegillinn nýtur liðsinnis pistlahöfunda í nágrennalöndunum sem fjalla um helstu mál í sínum löndum.

Rannsóknarblaðamennsku var áfram sinnt í *Kveik* undir ritstjórn Póru Arnórsdóttur. Efnisval *Kveiks* er fjölbreytt en markmiðið er ávallt að fá dýpri og ítarlegri umfjöllun en unnt er að veita í daglegum fréttum. Fréttaskýringar *Kveiks* eru alla jafna nokkrar vikur eða mánuði í vinnslu og vekja athygli að sögn RÚV.

Meðal efnis voru sögur af stöðu brotaþola í kynferðisbrotamálum, fjallað var um fyrirhuguð vindorkuver á Íslandi og smávirkjanir, fjárfestingasvik á netinu, slæman aðbúnað aldraðra, skjáfíkn barna og skotvopnaeign. Í lok árs var sýndur jólaþáttur um tvær sýrlenskar fjölskyldur sem komu til Íslands sem flóttamenn fyrir sjö árum. *Kveikur* hafði fylgt þeim eftir í sjö ár. Fréttateymi *Kveiks* var í Úkraínu þegar Rússar réðust inn í landið í lok febrúar 2022. Markmiðið var að fjalla um aukna spennu á svæðinu en þegar innrásin hófst var ákveðið að teymið færi aftur úr landinu.

Heimskviður er eini fréttaskýringaþáttur landsins sem setur erlend málefni í brennidepil. Þátturinn er vikulega á dagskrá Rásar 1 og er líka á hláðvarpsveitum. Samhliða ítarlegum fréttaskýringum með hjálp sérfróðra viðmælenda er fjallað um erlend málefni sem sjaldan rata í fréttir hér á landi, til dæmis fangaskiptasamning Danmerkur og Kósóvó, dauðarefsingar í Íran og fjáraustur stjórnvalda í Sádi-Arabíu í íþróttahæiminum. Þátturinn er unninn í samstarfi fréttastofu og Rásar 1.

Samfélagslegri og fréttatengdri umræðu var einnig sinnt í daglegum útvarpsþáttum á Rás 1 og Rás 2 á borð við *Morgunvaktina*, *Morgunútvarpið*, *Síðdegisútvarpið*, *Mannlega þáttinn*, *Hádegisd* og *Samfélagið*.

Silfrið í umsjón Egils Helgasonar var á sínum stað á sunnudögum. Umsjónarmenn voru Egill Helgason og Sigríður Hagalín Björnsdóttir. Þau fjölluðu um helstu pólitísku átök líðandi viku og önnur samfélagsmál.

4.3.5. Breytingar á fréttaritstjórn

Í byrjun ársins 2022 tók Heiðar Örn Sigurfinnsson, varafréttastjóri, við sem settur fréttastjóri eftir að Rákel Þorbergsdóttir lét af störfum. Staða fréttastjóra var auglýst í janúar, fjórar umsóknir bárust og Heiðar Örn var ráðinn í starfið um miðjan febrúar. Þann 1. mars tóku Birta Björnsdóttir og Valgeir Örn Ragnarsson við sem varafréttastjórar. Broddi Broddason, varafréttastjóri, lét af störfum í apríl eftir áratugastarf hjá RÚV.

4.3.6. Táknmálsfréttir

Táknmálstúlkun allra aðalfréttatíma hófst árið 2021, sem og táknmálstúlkun Krakkafrétta. Nánar er fjallað um táknmálstúlkun í kafla 6.5. um aðgengismál.

4.3.7. Fréttir á ensku og pólsku

Fjallað er um fréttir og þýðingar á ensku og pólsku í kafla 6.5. um aðgengismál.



4.3.8. Kvartanir og ábendingar til Fjölmiðlanefndar vegna frétttaflutnings Ríkisútvarpsins

Ein ábending barst Fjölmiðlanefnd vegna frétttaflutnings RÚV á árinu 2022. Ábendingin leiddi ekki til efnislegrar málsmeðferðar Fjölmiðlanefndar.

4.3.9. Traust til fréttastofu RÚV

Traust er öllum fjölmiðlum nauðsynlegt en það er hvorki sjálfgefið né sjálfsagt, eins og fram kemur í greinargerð Ríkisútvarpsins. Því trausti þarf að viðhalda með faglegum og góðum vinnubrögðum alla daga ársins. Könnun sem RÚV lét framkvæma í nóvember 2022 sýndi að stærstur hluti landsmanna, eða 68,3% landsmanna bar mikið traust til fréttastofu RÚV. Var skipting eftir kyni þannig að 65% karla báru mikið traust til fréttastofu á meðan 72% kvenna báru mikið traust til hennar. Ekki var mikill munur eftir aldri en þó bar fólk á aldrinum 40-49 ára mest traust til fréttastofu, eða 71%.

4.3.10. Áhorf, hlustun og lestur

Niðurstöður áhorfs- og hlustunarmælinga benda til þess að þjóðin nýti sér þjónustu fréttastofu RÚV, ekki síst þegar á reynir. Árið 2022 var meðaláhorf á sjónvarpsfréttir klukkan 19 um 25% samanborið við 26% árið 2021 og 28% árið 2020. Mest var áhorfið á sjónvarpsfréttatíma sem tengdust veðurofsa og rauðum veðurviðvörðunum. Meðaláhorf á fréttir kl. 22 var um 16% árið 2022 samanborið við 17,2% árið 2021 og 19% árið 2020. Þetta kemur fram í greinargerð Ríkisútvarpsins til Fjölmiðlanefndar.

Meðalhlustun á hádegisfréttir RÚV var 10,6%. Meðaláhorf á fréttaskýringaþáttinn Kveik var 18,7%.

Samkvæmt upplýsingum í ársskýrslu RÚV 2022 notuðu 57% svarenda í ljósvakamælingum Gallup einhvern ljósvakamiðla RÚV daglega og 80% svarenda nota miðla RÚV í hverri viku.

Að meðaltali heimsóttu rúmlega 317 þúsund notendur vefinn RÚV.is á viku á árinu 2022, samkvæmt ársskýrslu RÚV.

Að mati Fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, um víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga frétt- og fréttaskýringarþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar. Ríkisútvarpið uppfyllti jafnframt þær kröfur sem gerðar eru í 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, um ráðstafanir til að hægt sé að flytja fréttir og framleiða efni utan höfuðborgarsvæðisins með fastri starfsemi á völdum svæðum.

Fjölmiðlanefnd telur mikilvægt að standa vörð um fréttastofu RÚV og gera faglegri og hlutlægru fréttamennsku áfram hátt undir höfði hjá Ríkisútvarpinu, þar á meðal fréttapjónustu á landsbyggðinni. Viðhalda þarf trausti almennings til hlutlægs fréttaflutnings Ríkisútvarpsins til framtíðar og gera fréttamönnum Ríkisútvarpsins kleift að sinna rannsóknarblaðamennsku og greina og skýra atburði líðandi stundar til að sporna gegn upplýsingaóreiðu samtímans.

4.4. Kosningaumfjöllun

Skyldur Ríkisútvarpsins

Kynna framboð til almennra kosninga, helstu stefnumál framboða, frambjóðenda og fylkinga eftir atvikum og greina ítarlega frá niðurstöðum kosninga. Þá skal það veita öllum gildum framboðum til Alþingis og forsetakosninga, sem og fylkingum í þjóðaratkvæðagreiðslum, jafnt tækifæri til að kynna stefnumál sín á hefðbundnum dagskráartíma í sjónvarpi. Ríkisútvarpið skal birta reglur þar að lútandi. Í alþingiskosningum er heimilt að takmarka útsendingartíma þeirra framboða sem ekki bjóða fram í öllum kjördæmum þannig að þau fái hlutfall af heildarútsendingartíma til samræmis við það hlutfall kjördæma sem þau bjóða fram í.

7. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Skyldur Ríkisútvarpsins samkvæmt samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2020-2023:

Rittúlkun og táknmálstúlkun skal fylgja umræðubáttum með fulltrúum framboða í aðdraganda kosninga.

Sérstök markmið á samningstímanum 2020-2023 samkvæmt samningi um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu.

Ríkisútvarpið birtir reglur um framkvæmd kosningaumfjöllunar eigi síðar en fjórum vikum áður en framboðsfrestur rennur út. Ef boðað er til kosninga með skemmri fyrirvara skal Ríkisútvarpið birta reglurnar eigi síðar en tveimur vikum eftir að tilkynnt hefur verið um kosningarnar.

Einn þáttur í almannabjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins er að sinna lýðræðislegum skyldum í aðdraganda kosninga. Gerðar eru meiri kröfur til Ríkisútvarpsins en einkarekinna fjölmiðla um kynningar á framboðum til almennra kosninga, sbr. 7. tölul. 2. mgr. 3. gr. um skyldur Ríkisútvarpsins í aðdraganda kosninga. Ríkisútvarpinu ber að veita öllum gildum framboðum til Alþingis og forsetakosninga, sem og fylkingum í þjóðaratkvæðagreiðslum, jafnt tækifæri til að kynna stefnumál sín á hefðbundnum dagskráartíma í sjónvarpi. Ríkisútvarpið skal birta reglur þar að lútandi eigi síðar en fjórum vikum áður en framboðsfrestur rennur út. Þá ber Ríkisútvarpinu að láta táknmálstúlkun og rittúlkun fylgja með umræðubáttum með fulltrúum framboða í aðdraganda kosninga en slíkar kröfur eru ekki gerðar til annarra fjölmiðla. Þetta kemur fram í 4. gr. þjónustusamnings mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins.

4.4.1. Kosningar til sveitarstjórna

Þann 14. maí 2022 fóru fram kosningar til sveitarstjórna. Í greinargerð RÚV kemur fram að fréttastofan hafi skipulagt kosningaumfjöllun þar sem rætt var við fulltrúa allra framboða í 12 af fjölmennustu sveitarfélögum landsins. Þættirnir voru sendir út á Rás 2 og í fyrsta sinn líka í mynd á RÚV.is. Fjallað var um öll sveitarfélög landsins á kosningavef RÚV sem var opnaður í byrjun maí og þar var líka að finna kosningapróf sem mörg hundruð frambjóðendur af landinu öllu og meira en 50 þúsund kjósendur svöruðu. Mánuði fyrir kosningar fór kosningahlaðvarp í loftið en það var samstarfsverkefni fréttastofu, Rásar 1 og Rásar 2 þar sem fjallað var um kosningarnar frá ýmsum hliðum og rætt við frambjóðendur. Fjallað var um ýmis málefni tengd kosningunum í fréttatímum og í Kastljósi vikunnar fyrir kjördag. Daginn fyrir kjördag mættust oddvitar

framboða í Reykjavík í beinni útsendingu í sjónvarpssal. Að kvöldi kjördags stóð fréttastofan fyrir kosningavöku þar sem fylgst var með talningu atkvæða og úrslitum í öllum sveitarfélögum landsins. Nýtt kerfi til að birta niðurstöður í hverju sveitarfélagi var tekið í notkun. Stór snertiskjár var í fyrsta sinn notaður í sjónvarpsútsendingunni til að skýra tölur og úrslit.

Fyrir sveitarstjórnarkosningar vorið 2022 var í fyrsta sinn samkeyrð úrslita grafík fyrir sjónvarpsútsendingu og vef. Almennur hafði þar kost á að fletta í gegnum sömu myndrit og sýnd voru í kosningasjónvarpinu.

Engar kvartanir bárust Fjölmiðlanefnd vegna kosningaumfjöllunar Ríkisútvarpsins.

Að mati Fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið kröfur í 7. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um kynningu á framboðum til sveitarstjórnarkosninga. Ríkisútvarpið uppfyllti einnig ákvæði þjónustusamnings um birtingu reglna þar að lútandi á tilsettum tíma og um rit- og táknmálstúlkun á umræðuþáttum með frambjóðendum.

4.5. Jafn réttur karla og kvenna

Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal sinna lýðræðislegu hlutverki sínu m.a. með því að:

6. Hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi Ríkisútvarpsins og í dagskrá þess.

2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

9. Jafnréttismál

Ríkisútvarpið gerir jafnréttisáætlun sem skal endurskoðuð með reglubundnum hætti. Stefnt skal að jafnrétti kynjanna í allri starfsemi og dagskrá og viðmælendur í fréttum og öðru dagskrárefni endurspeglir kynjahlutföll í samfélaginu.

Úr samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2020-2023

4.5.1. Kynjahlutfall viðmælenda

Unnið hefur verið að árangri í jafnréttismálum Ríkisútvarpsins með margvíslegum hætti á síðustu árum. Jafnréttismál hafa verið í forgrunni í allri starfsemi og marktækur árangur náðst að því er fram kemur í greinargerð. Liður í jafnréttisvinnu RÚV er skráning kynjahlutfalls viðmælenda í allri dagskrá RÚV. Skráning á kynjahlutfalli viðmælenda var birt opinberlega á þriggja mánaða fresti til samræmis við stefnu RÚV í jafnréttismálum. Skráðir voru viðmælendur í fréttum og fréttatengdum þáttum og í reglubundnum innlendum þáttum í útvarpi og sjónvarpi. Í greinargerð RÚV til Fjölmiðlanefndar segir að talning sem þessi gefi ekki heildarmynd af birtingarmynd karla og kvenna í dagskránni en sé mikilvægur liður í því að mæla hver staðan og þróunin er.

Hlutfall kynjanna í dagskrá RÚV, Rásar 1 og Rásar 2, utan fréttar, var nánast jafnt, 51% karlar og 49% konur. Með kynjajafnvægi í dagskrá sker RÚV sig frá flestum miðlum hérlendis og erlendis. Séu eingöngu fréttatímar og fréttatengdir þættir teknir saman er hlutfall viðmælenda 57% karlar og 43% konur. Fram kemur í greinargerð RÚV að tölurnar hafi þróast í átt til jafnvægis frá því að mælingar hófust.

4.5.2. Uppgjör kynjabókhalds RÚV fyrir árið 2022

Hlutfall kynjanna í dagskrá RÚV 2022:	KVK%	KK%
Fréttastofa	43	45
Rás 1	55	53
Rás 2	47	50
RÚV	50	50
Án fréttar	51	49

4.5.3. Kynjahlutföll starfsmanna

Í greinargerð RÚV kemur fram að á vinnustaðnum starfi fjölbreyttur hópur fólks með víðtæka reynslu og þekkingu. Á árinu 2022 störfuðu að meðaltali 276 starfsmenn í 254 stöðugildum hjá RÚV og RÚV Sölu. Starfsstöðvar eru í Reykjavík, Borgarnesi, Akureyri og á Egilstöðum. Kynjahlutfall hjá RÚV skiptist þannig að 48% starfsfólks eru konur og 52% karlar. Kynjahlutföll stjórnenda eru 46% konur og 54% karlar. Kynjahlutföll nýráðninga á árinu 2022 voru 64% konur og 36% karlar. Mikill áhugi er jafnan á starfi hjá RÚV og alls bárust um 1325 umsóknir um auglýst störf á árinu.

4.5.4. Jafnlaunavottun og uppfærð jafnréttisáætlun

Jafnlaunavottun. Unnið hefur verið að árangri í jafnréttismálum á RÚV með margvíslegum hætti. Jafnlaunakerfi sem fer eftir jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 fékk fyrst vottun í febrúar 2019 og árlega hefur verið framkvæmd viðhaldsúttekt. Kerfið hefur verið í stöðugri þróun og jafnlaunagreiningar sem gerðar voru á árinu sýna að náðst hefur góður árangur í að minnka launamun kynja og var leiðréttur launamunur 0,1% (konur lægri) í október 2022.

Jafnréttisáætlun gildir til ársins 2024. Áætlunin miðar að því að jafna stöðu kynja en nær einnig yfir jafnrétti óháð öðrum þáttum í samræmi við lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Jafnréttisnefnd fylgir jafnréttisáætluninni eftir, eykur samráð í jafnréttismálum og tryggir að samstaða sé um jafnréttisstarf á vinnustaðnum. Nefndin fundaði reglulega á árinu og miðlaði upplýsingum um störf sín til útvarpsstjóra og starfsfólks RÚV. Nefndin vann m.a. að því að auka samtal og innleiða fjölbreytileika- og jafnréttisskimun í alla starfsemi.

Að mati Fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um að hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi Ríkisútvarpsins og í dagskrá. Þá uppfyllti Ríkisútvarpið 9. gr. um jafnan rétt karla og kvenna, í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðherra um fjölmiðlaþjónustu í almannáþágu 2020-2023.

4.6. Margbreytileiki mannlífs, lífsviðhorfa og lífsskilyrða í landinu

Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal sinna lýðræðislegu hlutverki sínu m.a. með því að:

4. Kynna margbreytileika mannlífs, lífsviðhorfa og lífsskilyrða í landinu.

2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013

4.6.1. Fjölbreytni í fyrirrúmi

Með því að sýna fjölbreyttar fyrirmyndir á sjónvarpsskjánum og miðla m.a. fleiri röddum en þeim sem hafa íslensku að móðurmáli, má efla sjálfsmynd einstaklinga úr ólíkum minnihlutahópum og stuðla að betri félagslegri samlögun og samheldni í íslensku samfélagi. Þetta á meðal annars við um sýnileika fólks á ólíkum aldri, af ólíkum kynþáttum og þjóðernum, öllum kynjum, fólks sem ekki hefur íslensku að móðurmáli og fólks með ýmiss konar líffræðilega eða félagslega skerðingu í miðlum Ríkisútvarpsins.

Í greinargerð RÚV kemur fram að á árinu 2022 kynnti Ríkisútvarpið margbreytileika mannlífs, lífsviðhorfa og lífsskilyrða í landinu með ýmsum hætti og veitti innsýn í líf samfélagshópa sem alla jafna eiga ekki sterka rödd í samfélagsumræðunni, meðal annars í fjölda heimildamynda sem sýndar voru í sjónvarpi.

Meðal stefnuáherslna í nýrri stefnu RÚV fyrir árin 2022-2026 er fjölbreytileiki, jafnræði og þátttaka.

4.6.2. Ný aðgengisstefna RÚV

RÚV setti sér aðgengisstefnu¹ í mars 2022. Í henni er lögð áhersla á þrjá meginþætti sem eru aðgengi að miðlum; aðgengi í og við Útvarpshúsið, aðrar starfsstöðvar RÚV og á viðburðum á vegum þess; og að fjölbreytileikinn í samfélaginu endurspeglist í miðlum RÚV. Jafnframt því var ráðinn verkefnastjóri aðgengis og fjölbreytileika og skipuð aðgengisnefnd sem hefur það hlutverk að fylgja aðgengisstefnunni eftir.

¹ [RÚV Stefna 2022 - 2026 \(ruv.is\)](https://ruv.is)

Allir þrír þættir aðgengisstefnunnar skipta máli fyrir lýðræðið og það að allir hópar samfélagsins fái aðgang að þátttöku, upplýsingum og tækifærum til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Sjá nánari umfjöllun um aðgengisstefnu RÚV í 7. kafla, um samfélag.

4.6.3. Sýnileiki minnihlutahópa

Samkvæmt greinargerð stefnir RÚV að því að gera enn betur í að endurspeglar fjölbreytileikann í samfélaginu í miðlum sínum. Í Landanum og KrakkaRÚV er lögð áhersla á fjölbreytileikann auk þess sem RÚV sýndi þáttaraðirnar Með okkar augum og Dagur í lífi. Í öllum þessum þáttum birtist fólk af ólíkum uppruna, kyni og kynþáttum, og með mismunandi andlegt og líkamlegt atgervi.

Meðal annarra aðgerða sem ráðist var í til að auka sýnileika minnihlutahópa á Íslandi var nýtt hlaðvarp á pólsku sem hóf göngu sína og þjónusta á ensku var sömuleiðis aukin.

4.6.4. Þjónusta við landsbyggðina

Í þjónustusamningi segir að Ríkisútvarpið skuli leggja áherslu á þjónustu við alla landsmenn, meðal annars með því að hafa starfsemi í öllum landshlutum sem er stýrt frá svæðisstöð á Akureyri. Miðað sé við að umfang starfseminnar verði sambærilegt við árið 2019.

Ríkisútvarpið flutti fréttir og framleiddi efni utan höfuðborgarsvæðisins með fastri starfsemi á völdum svæðum. Starfsstöðvar RÚV á landsbyggðinni voru á Akureyri, Egilsstöðum og í Borgarnesi en flestir starfsmenn voru á Akureyri.

Haustið 2022 var starfsemi fréttastofunnar á landsbyggðinni endurskoðuð. Þá hafði verið ákveðið að ráða ekki í lausa stöðu fréttamanns á Vesturlandi og Vestfjörðum. Sú staða var auglýst en mjög fáar umsóknir bárust samkvæmt greinargerð RÚV. Ákveðið var því að auglýsa stöðu fréttamanns á Suðurlandi í staðinn, og að sögn setja fréttiferðir á Vesturland og Vestfirði í ákveðinn farveg og skerpa á ritstjórnarhlutverki svæðisstjóra. Ágúst Ólafsson, sem var svæðisstjóri, var gerður að ritstjóra svæðisfrétta. Í árslok voru þrír fréttamenn starfandi á Akureyri, einn á Egilsstöðum og verið að ráða fréttamann á Suðurlandi. Í greinargerð sagði að vonir stæðu til að hægt yrði að ráða í stöðu fréttamanns á Vesturlandi árið 2023, sem nú hefur verið gert samkvæmt upplýsingum frá RÚV.

Í almennri dagskrá var landsbyggðinni sérstaklega sinnt í útvarpsþættinum *Sögum af landi*, auk þess sem finna mátti efni henni tengt í flestum föstum þáttum Rásar 1. Fjallað var um mannlíf á landsbyggðinni í Landanum yfir veturinn og Sumarlandanum um sumarið og á Rás 2 fór þátturinn Hljóðvegur 1 í loftið og var á dagskrá eftir hádegi á laugardögum og sunnudögum yfir allt sumarið. Þau Steiney Skúladóttir og Jóhann Alfreð Kristinsson voru umsjónarfolk Hljóðvegs 1 en þar var einblínt á að miðla því sem var að gerast út um allt land. Til að gera það fóru þau sjálf út um allt land og sendu út í beinni útsendingu alls staðar af landinu.

Stöðugildum Ríkisútvarpsins á landsbyggðinni fjölgaði í 11,1 árið 2022 en þau voru 8,7 árið 2021, 11 árið 2020 og 12 árið 2019. Þannig hefur stöðugildum Ríkisútvarpsins á landsbyggðinni fjölgað aftur eftir fækkun ársins 2021.

4.6.4.1. Skipting á milli fréttafólks og annarra starfa RÚV á landsbyggðinni

Skipting á milli hlutverka á landsbyggðinni	2022
Fréttastofa svæðis	6,36
Hugbúnaðarstörf	1,00
Rás 1	0,47
Rás 2	0,53
Dagskrá sjónvarps	1,70
Auglýsingar	1,00
Alls	11,1

Að mati Fjölmiðlanefndar hefur verið komið til móts við skyldur RÚV til að kynna margbreytileika mannlífs, lífsviðhorfa og lífsskilyrða í landinu árið 2022 skv. lögum um Ríkisútvarpið. Einnig uppfyllti RÚV skuldbindingar sínar samkvæmt þjónustusamningi, m.a. með fjölgun starfsfólks á landsbyggðinni á ný árið 2022 en mikilvægt er að efla starfsemi RÚV á landsbyggðinni enn frekar og fjölga stöðugildum á landsbyggðinni í samræmi við 6. gr. samnings mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2020-2023.

5. Menning

5.1. Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:

1. Leggja rækt við íslenska tungu.
2. Kynna sögu þjóðarinnar, menningararfleifð og náttúru.
3. Þjóða fjölbreytt og vandað menningarefni og fjalla um ólík svið menningar, lista og íþróttá á Íslandi og erlendis, auk þess að vera vettvangur umræðna og skoðanaskipta um íslenska menningu og samfélag.
4. Framleiða sjálfstæð og í samstarfi við aðra lista- og menningarefni, með sérstakri áherslu á leikið efni, auk þess að endurspeglja samtímameningu þjóðarinnar. Ríkisútvarpið skal vera virkur þátttakandi í íslenskri kvikmyndagerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum. Í samningi sem ráðherra gerir við Ríkisútvarpið skv. 4. mgr. 2. gr. skal mælt fyrir um lágmarkshlutfall dagskrárefnis sem keypt er af sjálfstæðum framleiðendum.
5. Framleiða og miðla fjölbreyttu efni við hæfi barna og ungmenna.
6. Miðla afþreyingar- og menningarefni við hæfi fólks á öllum aldri. Erlent efni skal vera frá mismunandi menningarheimum og áhersla lögð á norrænt og annað evrópskt efni.

3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013

5.2. Stefna og sérstök markmið vegna menningarhlutverks

Í samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2020-2023 segir að hornsteinninn í menningarhlutverki Ríkisútvarpsins sé rækt við íslenska tungu og fjölbreytt efni um listir, menningararf, íþróttir, ýmis konar fræði og áhugamál almennings. Sérstök áhersla verði lögð á framboð fyrir ungu kynslóðina og að virkja hana til þátttöku í dagskrágerð. Ríkisútvarpið kappkosti að sameina fólkið í landinu og stuðla þannig að félagslegri samheldni. Í þjónustusamningnum kemur jafnframt fram að lágmarkshlutfall dagskrárefnis sem Ríkisútvarpið kaupir af sjálfstæðum framleiðendum skuli vera 12% af innheimtu útvarpsgjaldi á ári hverju.

Í þjónustusamningi koma fram sérstök markmið varðandi menningarhlutverk Ríkisútvarpsins á samningstímanum 2020-2023 á eftirfarandi sviðum:

1. Kaup af sjálfstæðum framleiðendum og meðframleiðsla.
2. Þjónusta við börn og ungmenni.
3. Varðveisla og miðlun eldra efnis í Gullkistu Ríkisútvarpsins.

Hér á eftir verður farið yfir það hvernig Ríkisútvarpið hefur uppfyllt þessi og önnur lögbundin markmið sem varða menningarhlutverk þess.

Í nýrri stefnu RÚV sem samþykkt var á árinu 2022 eru menning og miðlun meðal fimm stefnuáherslna. RÚV tekur virkan þátt í íslensku menningarlífi með því að skapa, miðla og fjalla

um öll svið menningar og lista. Í stefnunni segir að RÚV leggi áherslu á íslenskt leikið efni í sjónvarpi og skapandi útvarpsþáttagerð þar sem sagðar eru bæði skáldaðar sögur og sögur af raunverulegu fólki og viðburðum.

RÚV kappkosti að miðla menningarefni með sem fjölbreyttustum hætti, í línulegri dagskrá í sjónvarpi og útvarpi og ólínulega á stafrænu formi, svo hver sem er geti notið þess þegar hentar. Menningarumfjöllun RÚV sé greinandi og uppbyggileg og miði að því að setja hluti í samtímalegt, sögulegt, hugmyndalegt, samfélagslegt og alþjóðlegt samhengi. Enn fremur segir að RÚV leitist við að endurspeglar fjölbreytni í íslensku menningarlífi.

5.3. Kaup af sjálfstæðum framleiðendum og meðframleiðsla

Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:
Framleiða sjálf og í samstarfi við aðra lista- og menningarefni, með sérstakri áherslu á leikið efni, auk þess að endurspeglar samtímameningu þjóðarinnar. Ríkisútvarpið skal vera virkur þátttakandi í íslenskrum kvikmyndagerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum. Í samningi sem ráðherra gerir við Ríkisútvarpið skv. 4. mgr. 2. gr. skal mælt fyrir um lágmarkshlutfall dagskrárefnis sem keypt er af sjálfstæðum framleiðendum.

4. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Í skýringum við ofangreint lagaákvæði í frumvarpi því sem varð að lögum um Ríkisútvarpið segir að Ríkisútvarpið skuli vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð og styrkja og efla sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildamyndagerð með því að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að slíku efni. Litið sé svo á að Ríkisútvarpið sé veigamikill aðili að kvikmyndun og kvikmyndagerð hér á landi og af því leiði að hlutverks þess sé getið í sameiginlegri stefnu ríkisins og þeirra sem fáist við kvikmyndir. Einnig sé ráðgert að Ríkisútvarpið flytji fréttir af og sýni frá íþróttaviðburðum bæði innanlands og erlendis. Í umfjöllun sé gert ráð fyrir að fjölbreytni sé höfð að leiðarljósi og jafnræðis gætt milli íþróttagreina eins og kostur sé.

Í samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2020-2023 kemur fram að Ríkisútvarpið skuli styrkja og efla sjálfstæða sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildamyndagerð með því að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að slíku efni frá sjálfstæðum framleiðendum. Þar undir falli einnig talsetning og gerð útvarpsþátta. Skal Ríkisútvarpið verja til þess 12% af innheimtu útvarpsgjalda á ári.

Sérstök markmið á samningstímanum 2020-2023 samkvæmt samningi um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu:

2.1. Kaup af sjálfstæðum framleiðendum og meðframleiðsla

Ríkisútvarpið skal styrkja og efla sjálfstæða sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildamyndagerð með því að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að slíku efni frá sjálfstæðum framleiðendum. Þar undir fellur einnig talsetning og gerð útvarpsþátta. Skal verja til þess 12% af innheimtu útvarpsgjalda á ári.

Velji Ríkisútvarpið að gerast meðframleiðandi er því heimilt að krefjast eignarhlutar í verkefni í réttu hlutfalli við fjárframlag sitt. Ef eignarhlutur Ríkisútvarpsins í samstarfsverkefni með sjálfstæðum framleiðanda er 50% eða stærri skal greiða listamönnum fyrir vinnu sína samkvæmt gildandi samningum

Ríkisútvarpsins og hlutaðeigandi félags réttthafa. Á gildistíma samningsins leggur Ríkisútvarpið áherslu á leikið íslenskt efni til að efla kvikmyndagerð í landinu og auka framboð og gæði á leiknu íslensku sjónvarpsefni.

Ríkisútvarpið býður sjálfstæðum framleiðendum aðstoð við að koma íslensku sjónvarpsefni inn á erlenda markaði í samstarfi við alþjóðlega dreifingaraðila í gegnum RÚV Sölu ehf.

Með sjálfstæðum framleiðanda er átt við framleiðanda hljóð- eða myndefnis sem er sjálfstæður lögaðili, óháður Ríkisútvarpinu í þeim skilningi að hann er ekki undir beinum eða óbeinum yfirráðum þess, hvorki sér né sameiginlega með öðrum, og hefur frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu, sbr. 36. tölulið 2. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Greiðslur til þáttarstjórnenda, sjálfstætt starfandi tæknimanna, handritshöfundu, ráðgjafa, leikara o.s.frv., auk greiðslna vegna leigu á búnaði eða öðrum aðföngum vegna dagskrárefnis sem Ríkisútvarpið ber ábyrgð á, teljast þar af leiðandi ekki greiðslur til sjálfstæðra framleiðenda, samkvæmt samningi þessum.

Forsenda fyrir framlagi Ríkisútvarpsins til leikins efnis er að árleg fjárveiting á grundvelli útvarpsgjalds lækki ekki að raunvirði á samningstímanum.

Úr samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2020-2023

Ríkisútvarpinu ber að gera sérstaka grein fyrir eftirfarandi atriðum í greinargerð til Fjölmiðlanefndar:

- Kaupum af sjálfstæðum framleiðendum, talsetningu og gerð útvarpsþátta sem hlutfalli af innheimtu útvarpsgjaldi Ríkisútvarpsins.
- Kaupum og meðframleiðslu á dagskrárefni fyrir sjónvarp af sjálfstæðum framleiðendum.
- Talsetningu.
- Útvarpsþáttagerð.
- Greiðslum Ríkisútvarpsins til sjálfstæðra framleiðenda og framleiðslufyrirtækja í m.kr.
- Framlagi Ríkisútvarpsins til innlends leikins sjónvarpsefnis í milljónum króna og hlutfalli af framlagi Ríkisútvarpsins til leikins efnis sem runnið hafi til sjálfstæðra framleiðenda.

Í greinargerð Ríkisútvarpsins fyrir árið 2022 koma framangreindar upplýsingar fram, nánar tiltekið að:

- Uppfylltar hafi verið kröfur þjónustusamnings um að Ríkisútvarpið skuli verja **12%** af innheimtu útvarpsgjalda á ári hverju til kaupa eða meðframleiðslu á efni frá sjálfstæðum framleiðendum, sbr. lið 2.1 í samningnum. Innheimt útvarpsgjald sem kom í hlut RÚV það ár hafi verið að fjárhæð alls 4.874 milljón kr.
- Kaup og meðframleiðsla á dagskrárefni fyrir sjónvarp af sjálfstæðum framleiðendum, sbr. lið 2.1 þjónustusamnings, hafi verið að fjárhæð **628.222.437 kr.**
- Þar af hafi greiðslur vegna talsetningar árið 2022 verið að fjárhæð **12.832.892 kr.**
- Greiðslur til sjálfstæðra framleiðenda vegna útvarpsþáttagerðar hafi verið að fjárhæð **27.276.988 kr.**
- Alls hafi greiðslur Ríkisútvarpsins til sjálfstæðra framleiðenda og framleiðslufyrirtækja numið **655.499.425 kr.** árið 2022.

- Framlag Ríkisútvarpsins til innlends, leikins efnis hafi verið **331 milljón kr.** árið 2022 og hafi það allt eða 100% runnið til sjálfstæðra framleiðenda.

Að mati Fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið skilyrði laga um framleiðslu lista- og menningarefnis, með sérstakri áherslu á leikið efni sem og skilyrði um þátttöku í íslenski kvikmyndagerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum, árið 2022, sbr. 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið. Ríkisútvarpið uppfyllti kröfur þjónustusamnings um að Ríkisútvarpið verji 12% af innheimtu útvarpsgjaldi til kaupa á sjónvarpsþáttum, kvikmyndum og heimildamyndum af sjálfstæðum framleiðendum og meðframleiðslu á slíku efni. Jafnframt er það mat Fjölmiðlanefndar að Ríkisútvarpið hafi uppfyllt kröfur þjónustusamnings um að leggja áherslu á leikið íslenskt efni til að efla kvikmyndagerð í landinu og auka framboð og gæði á leiknu íslensku sjónvarpsefni.

5.4. Þjónusta við börn og ungmenni

Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:

5. Framleiða og miðla fjölbreyttu efni við hæfi barna og ungmenna.

2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Sérstök markmið á samningstímanum 2020-2023 samkvæmt samningi um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu:

2.2 Börn og ungmenni

Börn og ungmenni

Lögð verður áhersla á þjónustu við börn og ungmenni á samningstímabilinu. Á tímabilinu skal bjóða upp á fréttatengt efni ætlað börnum.

Áhersla verður lögð á að hvetja börn og unglinga til þátttöku í dagskrárgerð og öðru skapandi starfi. Þá verður lögð áhersla á að notuð sé viðeigandi tækni og miðlunarleiðir sem börn og unglingar þekkja, auk þess að vera ábyrg fyrirmynd í notkun þeirra.

Áfram verður lögð áhersla á samstarf við stofnanir, félagasamtök og aðra aðila í því markmiði að efla barnamenningu og fræðslustarf fyrir börn.

Markmið þjónustunnar er að virkja ungt fólk til þátttöku í íslensku samfélagi í víðum skilningi og þróa nýjar miðlunarleiðir til að mæta því þar sem það ver mestum tíma hverju sinni.

Áhersla verður lögð á að efla lýðræðisvitund ungs fólks og auka miðla- og upplýsingalæsi þess auk þess að hvetja til þátttöku í menningarstarfsemi. Áfram verður áhersla lögð á að fá ungt fólk til dagskrárgerðar og þátttöku í starfi RÚV.

Samkvæmt stefnu RÚV er sérstaklega horft til þess að ná til barna, ungmenna og ungs fólks með fjölbreyttu og vönduðu efni.

Í greinargerð RÚV kemur fram að fjölbreytt framboð hafi verið á efni fyrir börn og ungmenni á öllum miðlum RÚV árið 2022. Áhersla hafi verið lögð á að auka þjónustu við þau allra yngstu (0-3 ára), með aðgengilegum styttri þáttum sem ýta undir málþroska og eru ekki með of mikið áreiti. Einnig var leikið efni í forgrunni og Stundin okkar var þar í fararbroddi.

Fjölmiðlanefnd óskaði eftir frekari upplýsingum um þá áherslu RÚV að auka þjónustu við börn á aldrinum 0-3 ára, þar sem opinberar ráðleggingar miðast við að forðast allan skjátíma hjá börnum yngri en 18 mánaða² og takmarka skjátíma fyrir börn frá 18 mánaða að 5 ára aldri.³ Svör bárust frá RÚV og samkvæmt þeim er litið þannig á að það sé skylda RÚV að gefa foreldrum færi á að sýna börnum sínum rólegt og fræðandi efni á íslensku sem örvi málþroska þeirra og skilning. Framleitt sé ógrynni af efni fyrir ungabörn sem hægt sé að nálgast á mynddeiliveitum og foreldrar nýti slíkt efni fyrir börn sín. Yfirgnæfandi meirihluti þess efnis sé á ensku og að mati sérfræðinga sé stór hluti þess óheppilegur fyrir þroska barna. Við því vilji RÚV bregðast með því að bjóða upp á gott efni á íslensku fyrir þennan aldurshóp. Fjölmiðlanefnd gerir ekki athugasemdir við þau svör.

Þjónusta Ríkisútvarpsins við börn og ungmenni á ólíkum aldurskeiðum samanstendur af:

- KrakkaRÚV sem leggur áherslu á þjónustu við börn á aldrinum tólf ára og yngri,
- UngRÚV sem er þjónusta fyrir ungmenni í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla og
- RÚVNúll sem sinnir fólki á aldrinum 16-29 ára.

Dagskrágerð UngRÚV og RÚVNúll er sinnt af dagskrágerðarfólki í sömu aldurshópum og dagskránni er ætlað að höfða til.

Samkvæmt viðauka I við þjónustusamning skal gera sérstaka grein fyrir eftirfarandi atriðum í greinargerð Ríkisútvarpsins til Fjölmiðlanefndar:

- hlutfalli barna- og unglíngaefnis sem hlutfalli af heildardagskrárfamboði í sjónvarpi
- framboði af barnaefni á RÚV.is.
- umfangi fréttatengds efnis fyrir börn
- umfangi efnis sem efla skal læsi
- umfangi fræðsluheimsókna fyrir grunnskólabörn
- aðgerðum til að virkja raddir og sjónarmið barna í mótun efnis og miðlunar
- þróun nýsköpunar í dagskrágerð þvert á miðla og grasrótarstarf
- með hvaða hætti þjónusta við börn og ungmenni þróaðist á tímabilinu.

5.4.1. Hlutfall barna- og unglíngaefnis af dagskrárfamboði í sjónvarpi

Hlutfallsleg skipting eftir tegund dagskrárefnis:	2019	2020	2021	2022
Fréttir og fréttatengt efni	8.0%	9.3%	12.3%	9.2%
Listir, menning og vísindi	19.7%	26.4%	26.0%	20.5%

² Skjárinn og börnin | Heilsuvera

³ Sama heimild

Leikið efni	28.9%	26.7%	17.5%	18.6%
Efni fyrir börn og ungmenni	12.2%	12.3%	9.4%	10.4%
Íþróttir (skipt eftir helstu íþróttagreinum)	13.7%	9.0%	15.9%	23.2%
Afþreyingarefni	14.2%	16.3%	9.5%	17.6%
Samtals útsendar klst. á RÚV og RÚV 2 (með óflokkuðu efni)	5722	6159	6541⁴	6318

EFNI FYRIR BÖRN OG UNGMENNI	2019	2020	2021	2022
RÚV	666	727	611	644
RÚV 2	30	32	3	11
Samtals	696	759	614	655

5.4.2. Framboð barnaefnis á KrakkaRÚV og á vefnum krakkaruv.is

Á KrakkaRÚV er efni fyrir börn á öllum aldri í línulegri dagskrá, í spilara og á vefmiðlum. Kjarni þjónustu KrakkaRÚV er á spilaranum krakkaruv.is. Á vefnum má nálgast allt innlent barnaefni RÚV, gamalt og nýtt, fjölda myndskaiða úr safni sjónvarps og talsettar teiknimyndir ásamt vönduðum útvarpsþáttum fyrir börn. KrakkaRÚV er í línulegri dagskrá alla daga kl. 18:00-18:50 og um helgar frá 07:15-10. Að staðaldri eru framleiddir sex nýir þættir á viku en stundum fleiri. Áhersla er lögð á samstarf við stofnanir sem vinna í þágu barna.

5.4.3. Fréttatengt efni fyrir börn

Kannanir benda til þess að Krakkafréttir haldi áfram að festa sig í sessi. Gunnar Hrafn Kristjánsson og Kolbrún María Másdóttir sáu um frétttaflutning, en í haust fluttu Krakkafréttir úr grænskjástúdíói í stóra fréttastúdíóið. Auk hefðbundinna lesinna fréttar voru sérstakir þættir á vettvangi, svo sem í tilefni Vetrarólympíuleika og Barnaþings. Í mars urðu breytingar á framleiðslu Krakkafrétta þegar Jóhannes Ólafsson hætti sem ritstjóri og Karitas M. Bjarkadóttir tók við Krakkafréttum, Húllumhæ og Krakkakiljunni. Fram að sumri héldu Krakkafréttamennirnir Elfa Rún Karlsdóttir og Vilhjálmur Hauksson áfram að flytja fréttir á vettvangi á Norðurlandi og í Reykjavík. Birta Steinunn Ægisdóttir bættist svo í hópinn í vor og var fréttaritari Krakkafrétta á meginlandi Evrópu. Krakkafréttaárinu lauk á Krakkafréttaánnál þar sem Gunnar og Kolbrún fóru yfir fréttir ársins og ræddu við góða gesti.

⁴ Tölfræði vegna fyrri ára kann að hafa breyst frá útgáfu fyrri skýrsla Fjölmiðlanefndar um mat á almannathjónustuhlutverki RÚV. Þær breytingar skýrast af leiðréttingum skráningar sem og breytingum skráningaraðferðum. Fjölmiðlanefnd hefur fengið skýringar á þeirri framkvæmd og gerir ekki athugasemd við hana.

5.4.4. Efni sem eflir læsi

Áherslu á eflingu læsis og mikilvægis íslenskrar tungu gætti víða í dagskrá RÚV, bæði í dagskrárefni ætluðu börnum og ungmennum og almennri dagskrá á kjörtíma. Þar á meðal var Söguverkefnið þar sem skorað var á börn að senda inn smásögu, lag og texta, stuttmyndahandrit eða leikrit.

Önnur dagskrárgerð sem hafði það að markmiði að efla læsi var t.d. Krakkakiljan þar sem börn voru í hlutverki dagskrárgerðarmanna og áhersla var lögð á barnabókmenntir og barnabókahöfunda og Stundin okkar, þar sem læsi og bókmenntir voru reglulega til umfjöllunar. Í almennri sjónvarpsdagskrá má svo nefna Kiljuna, vikulegan þátt sérstaklega helgaðan umfjöllun um bókmenntir og sögu, sem og Kappsmál, skemmtiþátt helgaðan íslensku máli.

5.4.5. Fræðsluheimsóknir

Fjöldi heimsóknabeidna berast RÚV ár hvert. Um er að ræða heimsóknarbeiðnir frá kennurum allra skólastiga frá 12 ára aldri, vísindaferðir háskólanema og sérsniðnar heimsóknir, t.d. frá þjónustumiðstöðvum, unglingsmiðjum, Tröð, Geysi, Stíg o.fl. Samtals voru heimsóknargestir ársins 2022 u.þ.b. 300 manns.

Til viðbótar við þá móttöku sem nefnd hefur verið, tekur KrakkaRÚV á móti fjölmörgum gestum í tengslum við sína starfsemi og fjöldi gesta sem tekur þátt í útsendingum RÚV í Útvarpshúsinu og út um allt land.

Gestir Hugmyndadaga RÚV að vori og hausti voru um 120 talsins, en á Hugmyndadögum gefst almenningi kostur á að kynna fyrir dagskrárstjórum hugmyndir að efni til dagskrárgerðar í öllum miðlum RÚV.

5.4.6. Aðgerðir til að virkja raddir og sjónarmið barna við mótun efnis og miðlun

Börn og unglingar voru sem fyrr í aðalhlutverki dagskrárgerðar ætlaðri börnum og ungmennum, framleidd af KrakkaRÚV og UngRÚV. Til viðbótar við fasta þætti þar sem sjónarmið og raddir barna hafa fengið að njóta sín, t.d. Stundina okkar, Krakkafréttir, Krakkakiljuna, má nefna Húllumhæ, vikulegan þátt þar sem áhersla er lögð á barnamenningu og viðburði sem ætlaðir eru eða búnir til af börnum og ungmennum.

5.4.7. Barnalæsingar í vefspilara og smáforritum

Árið 2020 voru barnalæsingar virkjaðar í vefspilara RÚV sem og í smáforritum RÚV en í þeim er hægt að stilla barnalæsingar fyrir annars vegar 12 ára og yngri og hins vegar 16 ára og yngri og læsa efni með PIN kóða.

5.4.8. KRAKKARÚV – þjónusta fyrir yngri en 12 ára. Yfirlit yfir dagskrárliði

Vefurinn *KrakkaRÚV* er kjarninn í starfsemi þjónustu RÚV fyrir yngstu áhorfendurna. Þar má nálgast allt innlent barnaefni RÚV, gamalt og nýtt, fjölda myndskreiða úr safni sjónvarps og talsettar teiknimyndir, ásamt vönduðum útvarpsþáttum fyrir börn. Jafnframt er lögð mikil áhersla á samstarf við stofnanir sem vinna í þágu barna.

Krakkafréttir hafa fest sig í sessi undanfarin ár en í þeim eru sagðar fréttir á barnvænan hátt.

Leikið efni hélt áfram að vera í forgrunni í *Stundinni okkar* og *Ævintýri Bolla og Bjöllu* héldu áfram. Þættirnir voru skrifaðir af Arnóri Björnssyni, Óla Gunnari Gunnarssyni og Mikael Emil Kaaber. Leikstjórn var í höndum Agnesar Wild.

Iðunn Ösp Hlynsdóttir og Árni Beinteinn héldu áfram að fjalla um menningarheim krakka í *Húllumhæ*. Iðunn las í setti og Árni Beinteinn heimsótti leikhús, listamenn, söfn og tónlistarhús um allt land. Að hausti var svo kominn tími á breytingar og eftir prufur voru Bjarni Kristbjörnsson og Anja Sæberg ráðin til að halda áfram ítarlegri og skemmtilegri menningarumfjöllun. Þau lásu kynningar og gerðu innslög á vettvangi.

Með breyttu fyrirkomulagi á *jólastundinni* var farið úr spjallþáttarforminu yfir í leikið efni. Handrit og leikstjórn var í höndum Agnesar Wild og framleiðandi var Hekla Egilsdóttir. Upphafsaatriðið með laginu „Jólastund“ með Stuðkompaníinu var tekið upp í Aðalstræti á Akureyri þar sem hátt í 80 aukaleikarar tóku þátt. Þátturinn var allur tekinn upp á Akureyri.

Í þáttunum *Jólaratleikurinn* og *Frímó* tóku krakkar þátt í þrauta og spurningaleikjum. Frímó stækkaði og stökk út úr *Stundinni okkar* og varð sjálfstæður þáttur þar sem krakkar á aldrinum 9-11 ára kepptu í spurningaleik. Jólaratleikurinn var nýr þáttur framleiddur í aðdraganda jóla þar sem systkinin Arnar og Lóa, ásamt mömmu leituðu að gömlum myndbrotum úr *Stundinni okkar*.

Krakkaskaupið var sýnt í kvölddagskrá, á besta mögulega sýningartíma, 30. desember 2022 og svo aftur um morgun á gamlársdag. Áhorf þáttarins var gífurlegt og var *Krakkaskaupið* í topp 5 sætunum af mest sóttu þáttum í spilara RÚV yfir árið. Þátturinn var eins og önnur ár byggður upp á innsendum myndböndum frá krökkum í bland við atriði sem handritshöfundarnir Birna Pétursdóttir og Árni Beinteinn skrifuðu. Leikstjórn var í höndum Sturlu Skúlasonar. Lokalagið var samið af Axel Inga Árnasyni. Í *krakkaskaupinu* var lögð áhersla á fjölbreytileika samfélagsins okkar.

Í *Krakkakiljunn* fjölluðu bókaormarnir Emma Nardini Jónsdóttir og Auðunn Sölvi Hugason um uppáhaldsbækurnar sínar og aðrar nýútkomnar bækur. Þau ræddu við höfunda, þýðendur og myndhöfunda bókanna í Kiljusettnu. Viðtölin voru sýnd í Húllumhæ og gerðir voru útvarpsþættir. Einn sérstakur þáttur var gerður þegar metsöluhöfundurinn David Walliams kom til landsins og Emma hitti hann í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Bókaumfjöllun fyrir börn hefur því aldrei verið meiri og ítarlegri.

Sögur er stórt samstarfsverkefni margra stofnanna sem allar vinna að barnamenningu og sköpun. Verkefnið hófst 2017 og hefur stækkað ár hvert. Markmiðið er að auka læsi og áhuga á íslenskum barnabókum og sögum og upphefja í leiðinni barnamenningu á Íslandi. Í október auglýsti KrakkaRÚV eftir smásögum, lögum og textum og handritum af stuttmynd eða leikriti. Höfundar framúrskarandi verkefna tóku þátt í skapandi smiðjum þar sem fagfólk leiðbeindi og ævintýrin lifnuðu við. Sumar sögur enduðu í rafbók á vegum Menntamálastofnunar, aðrar í stuttmynd, nokkur lög lifnuðu við og leikrit litu dagsins ljós á fjöllum Borgarleikhússins.

Stuttmyndahandrit sem bárust voru 26 talsins og þrjú þeirra voru valin til framleiðslu. Myndirnar voru svo allar settar saman í þættinum *Sögufólk* framtíðarinnar sem var sýndur fyrir verðlaunahátíðina 4. júní í Hörpu.

Sögur verðlaunahátíðin er lokapunktur þessa stóra samstarfsverkefnis. Þar eru verk barnanna verðlaunuð auk þess sem börn fá tækifæri til að verðlauna það menningarefni sem þeim fannst skara fram úr á árinu. Hátíðin var í beinni útsendingu á RÚV. Lay Low, Salka Sól og Elín Ey frumfluttu lög á hátíðinni sem voru útsett sérstaklega fyrir tilefnið.

Heiðursverðlaunahafi hátíðarinnar var Kristín Helga Gunnarsdóttir.

KrakkaRÚV tók sem fyrr þátt í *Barnamenningarhátíð*. Hátíðin hófst með beinni útsendingu á RÚV 2 frá opunarhátíð í Eldborgarsal Hörpu. Ungt fréttafólk tók viðtöl við listamenn og fréttir þeirra voru sýndar í Krakkafréttum. Árni Beinteinn gerði Húllumhæ-þátt tileinkaðan hátíðinni og fjallaði um ýmsa skemmtilega viðburði.

Á dagskrá KrakkaRÚV voru *teiknimyndir* eins og verið hefur. Áhersla var lögð á að kynjahlutfall væri jafnt þegar kemur að aðalpersónum og að viðfangsefni teiknimyndanna dreifist á aldurshópinn. Meðal efnis voru þættirnir Tik Tak sem eru án tals og söguþráðar og eru sérhannaðir til að efla þroska ungra barna á sjónrænan hátt. Þættirnir voru settir á dagskrá í samfloti við Smástundina sem er framleiðsla RÚV og hafa mælst vel fyrir hjá foreldrum ungra barna.

Smástund eru fjögurra mínútna þættir fyrir þau allra yngstu. Með táknum með tali, íslenskum sönglögum og einfaldri grafík er leitast við að örva málþroska og skilning barna á íslenskri tungu. Agnes Wild sá um dagskrárgerð og Sigrún Harðardóttir samdi og útsetti alla tónlist.

RÚV gekk til liðs við hinar norrænu sjónvarpsstöðvarnar í B15 sem er samkomulag um framleiðslu á barnaefni, sambærilegt við N12 sem er leikið efni framleitt og í boði norrænu sjónvarpsstöðvanna. Í gegnum B15 fær RÚV á hverju ári allt að 14 leiknar þáttaraðir sem ætlaðar eru börnum og leggur sjálf til eina. Þannig tryggir RÚV að framleidd er að minnsta kosti ein þáttaröð af leiknu barnaefni á ári.

5.4.9. UngRÚV – þjónusta fyrir börn í áttunda, níunda og tíunda bekk. Yfirlit yfir dagskrárliði

UngRÚV er þjónusta fyrir ungmenni í áttunda, níunda og tíunda bekk grunnskóla. Lögð er áhersla á dagskrárefni fyrir unglinga og eftir unglinga, beinar útsendingar frá viðburðum og efni sem framleitt er af RÚV. Á UngRÚV starfar ungmennaráð sem sér um hugmyndavinnu, framleiðslu og aðrar dagskrártengdar ákvarðanir. UngRÚV er samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og RÚV.

Skrekur er hæfileikakeppni grunnskólanna í Reykjavík. Keppnin hefur haldið áfram að vaxa og framleiðslan í kringum hana hefur þróast og stækkað. Í aðdraganda undankeppnanna árið 2022 heimsótti UngRÚV alla þátttökuskólana og tók upp kynningar. Lokakvöldið var svo sýnt í beinni útsendingu á RÚV með 22,6% áhorf. Öll atriði *Skrekks* birtust svo á vef UngRÚV. Í vikunni sem undankeppnirnar voru var sýnd á RÚV heimildarmyndin *Skrekur* á bak við tjöldin, mynd eftir þá Kára Einarsson, Adam Son Thai Huyhn, Orra Elíasson og Rommel Ívar Quamco Patago.

Í *Upptaktinum*, tónsköpunarverðlaunum barna og ungmenna, gefst ungu fólki tækifæri til að senda inn tónsmíði og vinna markvisst úr hugmyndum sínum með listnenum og listamönnum. UngRÚV hefur verið partur af *Upptaktinum* frá upphafi ásamt tónlistarhúsinu Hörpu, Barnamenningarhátíð, tónlistarborginni Reykjavík og Listaháskóla Íslands. UngRÚV sá um upptöku og framleiðslu á kynningarinnslögum þar sem viðtal var tekið við alla höfunda laganna. Tónleikarnir voru sýndir á vef UngRÚV. Öll lögin í *upptaktinum* ásamt viðtölum við krakkana voru sýnd í þættinum *Húllumhæ* á föstudögum.

UngRÚV hefur verið í góðu samstarfi við *Samfés*, landssamtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa, undanfarin ár. UngRÚV fjallaði um *danskeppni Samfés*, *Rímnaflæði*, hönnunakeppnina *Stíl* og söngkeppnin var með stærra sniði en vanalega. Allir viðburðirnir voru í beinu streymi á UngRÚV. UngRÚV hefur hvatt *félagsmiðstöðvar og skóla* til að nýta UngRÚV.is í samstarfi við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Í kjölfar vinsælda *Skrekks* hafa aðrir landshlutar og bæjarfélög tekið upp leikinn að halda hæfileikakeppni ungmenna. Fiðringurinn á Norðurlandi var haldin í fyrsta sinn í Hofi þar sem skólar af Norðurlandi kepptu um fyrsta sætið. RÚV sendi út keppnina á RÚV 2.

Í samstarfi við Reykjavíkurborg og íslenskuverðlaun unga fólksins voru þættirnir *Móðurmál* framleiddir, þar sem Hafsteinn Vilhelmsson talar við börn og unglinga sem eiga annað móðurmál en íslensku. Þættirnir voru sýndir vorið 2023 og voru fimm talsins.

Að vori hófst samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og RÚV um framleiðslu nýrra leikinna sjónvarpsþátta fyrir unglinga, *Hvítar lygar*. Dominique Gyða Sigrúnardóttir var ráðin verkefnastjóri og í apríl voru haldnar þrjú. Fimm ungmenni voru ráðin í samstarfið hjá Reykjavíkurborg. Í júní hófst vinnan þar sem Dominique og krakkarnir unnu saman að því að skrifa handrit að fjórum þáttum. Vinnan var samstarf leikstjóra og leikara og í júlí hófust æfingar. Í ágúst var þáttaröðin tekin upp og var hún sýnd á RÚV árið 2023.

Aukin áhersla hefur verið á sýnileika ungmenna í dagskrá RÚV og má nefna að umfjöllun um ungt fólk hefur aukist í Kastljósi, fréttum og Landanum.

Að mati Fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, um framleiðslu og miðlun fjölbreytts efnis fyrir börn og ungmenni, árið 2022. Þá uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í ákvæði 2.2. um aðgerðir og viðmið vegna áherslu á íslenskt efni fyrir börn, í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðherra um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2020-2023. Fjölmiðlanefnd bendir þó á að auka má sýnileika efnis sem ætlað er börnum á forsíðu RÚV.is, svo sem með hlekk á krakkarúv, ungrúv og menntarúv. Enn fremur hvetur Fjölmiðlanefnd fréttastofu RÚV til að hafa krakkafréttir sýnilegar á sínu vefsvæði.

5.5. Varðveisla og miðlun eldra efnis – Safnadeild RÚV

Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal varðveita hljóðritanir, filmur, myndefni og aðrar sögulegar minjar sem ætla má að hafi menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og heyra ekki sérstaklega undir lög um skylduskil til safna.

Ríkisútvarpið skal tryggja sem greiðast aðgengi að safnaefni, hvort sem er til einkanota eða til viðskiptalegrar hagnýtingar sjálfstæðra framleiðenda. Heimilt er að fela viðurkenndum söfnum varðveislu framangreindra menningar- og söguminja en óheimilt er að selja þær, gefa eða farga nema að fenginni umsögn safnaráðs samkvæmt safnalögum.

6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Sérstök markmið á samningstímanum 2020-2023 samkvæmt samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu:

2.3 Varðveisla og miðlun eldra efnis – Gullkista Ríkisútvarpsins

Markmið Ríkisútvarpsins er að áfram verði unnið að því að yfirfæra eldra efni í Gullkistu Ríkisútvarpsins á varanlegt stafrænt form, auka aðgang almennings að efni úr safni Ríkisútvarpsins og byggja upp innviði til stafrænnar varðveislu og miðlunar. Á samningstímanum verður áfram unnið að aukinni miðlun efnis úr Gullkistu Ríkisútvarpsins í vefspilara sem tekinn var í notkun í ársbyrjun 2018. Í tilefni af 90 ára afmæli Ríkisútvarpsins í desember 2020 verður rík áhersla lögð á að yfirfæra og veita aðgang að perlum úr safni útvarpsins sem hafa ekki heyrst á öldum ljósvakans um áratugaskeið. Verkefnið styður einnig við miðlun íslenskrar tungu með því að tryggja um ókomna framtíð aðgengi almennings að íslenskum menningararfi sem hingað til hefur verið óaðgengilegt.

5.5.1. Almennt um safn RÚV

Í safni RÚV er varðveitt mikið magn sjónvarps- og útvarpsefnis allt frá upphafi útsendinga árið 1930, eins og fram kemur í greinargerð Ríkisútvarpsins. Mikilvægur hluti nútímasögu íslensku þjóðarinnar er geymdur í söfnum RÚV. Efni af öllu tagi er varðveitt, t.d. upptökur af daglegu lífi

Íslendinga, upptökur frá stærstu viðburðum í sögu þjóðarinnar og ómetanlegar heimildir um merka einstaklinga og listviðburði.

Efni úr safninu hefur í auknum mæli verið dagskrársett í línulegri dagskrá sjónvarps að degi til og í spilara og aðgengi þannig aukið að eldri upptökum í útvarpi og sjónvarpi.

5.5.2. Aðgerðir til að gera safnaefni aðgengilegt almenningi

Samkvæmt þjónustusamningi skal gera grein fyrir eftirfarandi atriðum í greinargerð til Fjölmiðlanefndar ár hvert:

- a. Magni safnaefnis Ríkisútvarpsins sem fært var á varanlegt stafrænt form
- b. Aðgerðum til að gera safnaefni aðgengilegt almenningi

5.5.2.1. Magn safnaefnis Ríkisútvarpsins fært á varanlegt stafrænt form 2022

Umfang safnaefnis er mikið og er unnið að því jafnt og þétt að skrá það og yfirfæra á stafrænt form. Á árinu 2022 voru yfirfærð 1820 segulbönd með dagskrárefni útvarps, 380 geisladiskar með dagskrárefni útvarps og 1006 myndbönd með dagskrárefni sjónvarps eða 3.206 skrár alls. Þetta var töluvert minna magn yfirfærðra skráa en árið á undan.

5.5.2.2. Aðgerðir ársins 2022 til að gera safnaefni aðgengilegt almenningi

Hægt er að panta hljóð- og myndefni hjá RÚV safni til einkanota eða opinberrar birtingar. Safnið er opið almenningi virka daga kl. 13-16 og mögulegt er að skoða gagnagrunn, fletta spjaldskrár og horfa eða hlusta á efni sem ekki hefur verið fært yfir á stafrænt form.

Á árinu var gerður samningur við Kvikmyndasafn Íslands um að yfirfæra allar skráðar Umatic spólur sem eftir eru í safninu á stafrænt form. Samningur frá árinu 2021 um skönnun á filmum úr safni RÚV er enn í gildi og voru eldri filmur skannaðar inn í bestu gæðum.

Safnið er stofnaðili í Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista (MSHL) sem sett var á laggirnar 2021. Markmið MSHL er að styðja uppbyggingu á og aðgengi að rannsóknainnvíðum á sviði stafrænna hugvísinda og tengja íslenskar rannsóknir við alþjóðlega þróun á þessu sviði. MSHL verður innviðakjarni, rekinn í samstarfi helstu háskóla og stofnana sem fást við hugvísindi og listir og gögn sem tengjast sögu, menningu og tungumálum á Íslandi. Sótt var um styrk í gegnum MSHL

til þess að yfirfæra 12000 segulbönd úr safni RÚV á stafrænt form hjá belgíska fyrirtækinu Memnon. Markvisst var unnið að undirbúningi þessa verkefnis á árinu með skráningu segulbanda og skönnun gagna sem fylgja þeim.

Á árinu var áframhaldandi áttak í skráningu og stafrænni yfirfærslu á öllum eldri segulböndum í geymslu, bæði tónlist og dagskráefni. Merkt segulbönd eru nú skráð í gagnagrunn og skýrslur þeirra skannaðar inn. Mikið af eldra efni frá Rás 2 var gert leitarbært sem og eldri tónlistarbönd. Hluti af lakkplötusafni Ríkisútvarpsins var skráður í gagnagrunn með hljóði eftir því sem hægt er. Áfram er stafræn yfirfærsla á myndefni unnin jafnt og þétt.

Gerður var samstarfssamningur við sagnfræðideild HÍ og meistaranema LHÍ um nemendaverkefni í safni RÚV þar sem aukið aðgengi að efni úr safninu er forsenda vinnunnar.

Sýning á sögu Ríkisútvarpsins á Markúsartorgi var tekin niður og gerður varðveislusamningur við Þjóðminjasafn Íslands um varðveislu á þekktum brúðum úr Stundinni okkar.

Brot úr safni RÚV birtust reglulega á samfélagsmiðlum og á TikTok á vegum fréttastofu. Innslög með völdum brotum úr safninu voru hálfsmánaðarlega á dagskrá í þættinum Samfélagið á Rás 1.

Að mati Fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um varðveislu og miðlun eldra efnis árið 2022, sbr. ákvæði 2.3 í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðherra um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2020-2023.

5.6. Málstefna og þróun máltækni

Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:

1. Leggja rækt við íslenska tungu.

3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Sérstök markmið á samningstímanum 2020-2023 samkvæmt samningi um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu:

10. Áhersla skal lögð á vandað mál í öllum miðlum ásamt því að upplýsa og fræða landsmenn um mál og málnotkun. Ríkisútvarpið setur sér málstefnu og skal hún endurskoðuð á samningstímanum.

Starfsmenn skulu hafa aðgang að málfarsráðgjöf.

Málfarsráðgjafar RÚV sinna yfirlestri og ráðgjöf og stuðla þannig að því að bæta íslenskufærni og auðga málfar starfsfólks. Daglegar ábendingar og fundir um málfar eru liður í þeirri starfsemi. Umfang yfirlestrar eykst ár frá ári. Málfarsráðunautur og málfarsráðgjafar sinna líka upplýsingagjöf og fræðslu um íslenskt mál í miðlum RÚV, þar á meðal í þættinum Orð af orði sem hefur verið á dagskrá Rásar 1 í hverri viku frá 2013. Auk þess tekur RÚV þátt í ýmsum samstarfsverkefnum sem

tengjast verndun íslenskrar tungu svo sem máltækniáætlun stjórnvalda. Þá á RÚV fulltrúa í Íslenskri málnefnd.

5.6.1. Próun máltækni

Íslenskan stendur frammi fyrir ótal mörgum áskorunum á tímum stafrænna samskipta og snjalltækja. Að undanfögnu hafa ný snjallforrit og verkefni litið dagsins ljós með það markmið að gera íslensku gjaldgenga í hinum stafræna heimi. Má þar nefna talgervils-appið Emblu, Almennaróm og Brodda. RÚV hefur tekið þátt í þjónustu fyrir þau tvö síðarnefndu. RÚV er með aðild að Almennarómi og er virkur þátttakandi í þróun kjarnalausna í máltækni. Markmiðið er að tryggja að íslenska verði bæði nothæf og notuð í tölvum og snjalltækjum til framtíðar og verður verkefnið unnið á samningstímanum.

Að mati Fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið skilyrði 1. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið árið 2022, sbr. 10. gr. í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðherra um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2020-2023.

5.7. Menning og mannlíf

Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að: 3. Þjóða fjölbreytt og vandað menningarefni og fjalla um ólík svið menningar, lista og íþróttar á Íslandi og erlendis, auk þess að vera vettvangur umræðna og skoðanaskipta um íslenska menningu og samfélag.

6. Miðla afþreyingar- og menningarefni við hæfi fólks á öllum aldri. Erlent efni skal vera frá mismunandi menningarheimum og áhersla lögð á norrænt og annað evrópskt efni.

3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Menningarumfjöllun var mikil í öllum miðlum RÚV eins og fram kemur í greinargerð og rakið verður hér á eftir, og oftast en ekki í samstarfi við aðrar menningarstofnanir eins og áður.

5.7.1. Menningarefni í sjónvarpi - yfirlit

5.7.1.1. Fastir dagskrárliðir

Landinn var á sínum stað og heimsótti áhugavert fólk og spennandi staði úti um allt land. Ritstjórn var í höndum Gísla Einarssonar og með honum voru Edda Sif Pálsdóttir, Þórgunnur Oddsdóttir og Viktoría Hermannsdóttir. Ólöf Rún Skúladóttir fréttakona bættist síðar í hópinn.

Sumarlandinn var á dagskrá yfir sumarið. Umsjón var í höndum Gísla Einarssonar og með honum voru Guðríður Helgadóttir, Hafsteinn Vilhelmsson, Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, Þórgunnur Oddsdóttir, Sigrún Hermannsdóttir og Hlynur Snær trúbador.

Kastljós og *Menningin* voru sameinuð á árinu 2022 og er nú í Kastljósi, ásamt fréttatengdu efni og málefnum líðandi stundar, fjallað um menningu og menningarviðburði. Ritstjóri var Baldvin Þór Bergsson og með honum voru Sigríður Dögg Auðunsdóttir, Guðrún Sóley Gestsdóttir, Bergsteinn Sigurðsson og Chanel Björk Sturludóttir.

Sigurlaug Margrét Jónasdóttir hélt áfram að fá til sín góða gesti í Okkar á milli þar sem rætt var hispurslaust um áföll, gleði og sorgir.

Kiljan í umsjón Egils Helgasonar er einn langlífasti þáttur RÚV. Í Kiljunni var fjallað um áhugaverðar bækur um allt milli himins og jarðar og innlendir sem erlendir höfundar ræddu verk sín, auk þess sem álitsgjafar rýndu í ný verk.

KrakkaRÚV, þjónusta fyrir börn yngri en sextán ára, hélt áfram göngu sinni með auknu framboði af innlendu efni sem gjarnan er skapað af börnum. *UngRÚV* er ætluð krökkum á aldrinum 13-16 ára og á dagskrá var oft efni sem þessi aldursflokkur stóð að.

Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna, undir stjórn Kristjönu Arnarsdóttur spyrils, er árviss viðburður. Undankeppnin var á Rás 2 og úrslitaviðureignirnar fóru fram á föstudagskvöldum í beinni útsendingu á RÚV. Menntaskólinn í Reykjavík hafði betur á móti Fjölbautaskólanum í Garðabæ í úrslitabættinum eftir spennandi keppni. Jóhann Alfreð Kristinsson og Laufey Haraldsdóttir voru spurningahöfundar og dómamar og Sævar Helgi Bragason var áfram til aðstoðar á bak við tjöldin. Þáttaröðin *Gettu betur* – á bláþræði tók svo við af keppninni en þar áttust við ýmsir gleðigjafar.

Í *Skólahreysti* kepptu efri bekkir grunnskólanna í ýmsum greinum. Þáttaröðin hefur notið mikilla vinsælda um árabíl.

Fjórða sería af *Kappsmáli* fór í loftið á haustdögum. Bragi Valdimar Skúlason og Björg Magnúsdóttir léku sér að tungumálinu og lögðu þrautir fyrir gesti.

Vikan með Gísla Marteini var sem fyrr á dagskrá á föstudögum. Með honum var Berglind Festival og þátturinn heldur vinsældum sínum ár frá ári, samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð RÚV.

5.7.1.2. Viðburðir og beinar útsendingar

Fjöldinn allur af viðburðum var sendur út og hefðbundnar verðlaunaafhendingar voru á sínum stað: *Íslensku bókmenntaverðlaunin*, *Gríman*, *Eddan*, *Íslensku menntaverðlaunin* og *Íslensku tónlistarverðlaunin* fóru fram í beinni útsendingu. Eins voru það fastir liðir eins og *Skrekkur*, *Skólahreysti*, *Söngkeppni Samfés* og *Sögur*, verðlaunahátíð barnanna sem sýndir voru á árinu.

Í október var farið í stóra söfnun í samstarfi við Rauða Kross Íslands þar sem mannvinasöfnun fór fram undir slagorðinu *Verum vinir*. Sú söfnun gekk vonum frammar en þar var vináttan þema

kvöldins. Síðar þann mánuð áttust skákmenn alls staðar að við á *Fischer slembiskákmóti* þar sem heimsmeisterinn Magnus Carlsen fór á kostum. Hann veitti auk þess viðtal að loknu móti þar sem Páll Magnússon spurði hann spjörum úr.

5.7.1.3. Tónlist í sjónvarpi um land allt

Sent var út frá fjölmörgum tónleikaviðburðum á árinu svo sem *Bræðslunni* á Borgarfirði eystra og *Tónaflóði* á Menningarnótt. Sent var út frá *fimmtugsafmæli Páls Óskars*.

Tónleikar Ásgeirs Trausta, Dýrð í dauðapögn, voru teknir upp og settir á dagskrá. Einnig tónleikar *Mugisons* og *Cauda colleeitve*, tónleikar *Hjálma* og *Sigga Beinteins í 40 ár* að ógleymdri *Söngkeppni framhaldsskólanna*.

Græna röðin með Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt áfram og voru stórtónleikar Víkings Heiðars undir stjórn Daníels Bjarnasonar meðal hápunkta sem sendir voru út.

5.7.1.4. Leikið, íslenskt efni í sjónvarpi

RÚV framleiddi fjölda þátta og átti auk þess í góðri samvinnu við sjálfstæða framleiðendur. Þar á meðal eru þættirnir *Nærumst og njótum*, *Hvunn dagshetjur*, *Hljómskálinn*, *Náttúran mín*, *Veislan*, *Skapalón* og síðustu þættirnir í þáttaröðinni *Hvað getum við gert*. *Hringfarinn* bauð upp á ferðalag um Afríku og umsjónarmenn þáttarins *Með okkar augum* heimsóttu áhugavert fólk og staði.

5.7.1.5. Leiknir, íslenskir þættir

Verbúð var frumsýnd annan dag jóla 2021 og sýningar héldu áfram á fyrri hluta ársins 2022. Þáttaröðin sló öll fyrri áhorfsmet fyrir leikið íslenskt efni.

Spunahópurinn Improv Ísland kom með nýja seríu af Kanarí og auk þess að semja og framleiða þáttinn *Fullveldisdagskrá VHS*.

Randalín og Mundi, dagar í desember var nýtt jóladagatal. Fimmtán ár eru síðan RÚV gerði þáttaröð af þessu tagi.

RÚV gekk til liðs við hinar norrænu sjónvarpsstöðvarnar í B15 sem er samkomulag um framleiðslu á barnaefni, sambærilegt við N12 sem er leikið efni framleitt og í boði norrænu sjónvarpsstöðvanna. Í gegnum B15 fær RÚV á hverju ári allt að 14 leiknar þáttaraðir sem ætlaðar eru börnum og leggur sjálft til eina. Þannig tryggir RÚV að framleidd er að minnsta kosti ein þáttaröð af leiknu barnaefni á ári.

5.7.1.6. Leiknar, íslenskar kvikmyndir

Að venju sýndi RÚV fjölda íslenskra kvikmynda og má þar helstar nefna *Ég man þig*, *Hjartasteinn*, *Hvítur, hvítur dagur* og *Porpið í bakgarðinum*. Einnig voru sýndir nokkrir eldri gullmolar eins og *Með allt á hreinu* með þátttökusöng (singalong), *Stella í orlofi* og *Mýrin*.

5.7.1.7. Íslenskar heimildarmyndir

Fjöl margar íslenskar heimildarmyndir voru á dagskrá RÚV, þar á meðal eru *Eftirsókn eftir vindi*, *Jón Múli 100 ára*, *Stolin list í tveimur hlutum* og *Verbúðin á bak við tjöldin*, þar sem farið var yfir gerð þeirra þátta. Enn fremur *5 konur 400 ár*, *Ég er einfaldur maður*, *Ég heiti Gleb*, *Leitin að gullskipinu*, *ME sjúkdómurinn*, *Eins og málverk eftir Eggert Pétursson* og *Öldin hennar samantekt*. Sýndir voru fjórir þættir um *Sigga Sigurjóns*, einn ástsælasta leikara þjóðarinnar. Egill Helgason fór yfir byggingasögu fimm bæja í þáttunum *Bæirnir byggjast*. Bæirnir eru Akureyri, Ísafjörður, Vestmannaeyjar, Hafnarfjörður og Seyðisfjörður. Í þættinum *Grund* var fjallað um 100 ára sögu hjúkrunarheimilisins og að lokum var sýndur þátturinn *Velkominn Árni*, um mann sem fær óvænt samtöl sem breytir lífi hans á svipstundu.

5.7.1.8. Jóla- og áramótameningardagskrá í sjónvarpi

Jóladagskráin var óvenjuleg þar sem *HM í fótbolta* tók desembermánuð að miklu leyti yfir með tíðum beinum útsendingum frá Katar. Hefðbundnir jólaþættir voru þrjónaðir inn í þéttskipaða íþróttadagskrá með tilheyrandi *HM stofu*.

Eftir langt hlé bauð RÚV uppá nýtt íslenskt jóladagatal fyrir börnin, *Randalín og Mundi, dagar í desember*. Þetta eru 24 leiknir þættir, tíu mínútna langir, sem voru sýndir daglega frá 1. desember. Þættirnir eru byggðir á bókum Þórdísar Gísladóttur sem einnig skrifaði handrit. Silja Hauksdóttir og Ilmur Kristjánsdóttir leikstýrðu. *Jólaþáttur Ævars vísindamanns* var á dagskrá og *Jólastundin* var að þessu sinni tekin upp á Akureyri.

Jólastund snjóbarnanna var samvinnuverkefni norrænu stöðvanna. Hvert land fékk pláss fyrir jólahefðir sínar sem búið var að pakka inn í einn þátt. *Hátíðarmessa biskups* á jóladag setti helgisvip á dagskrána og um áramótin fóru í loftið *frétta- og menningarannáll* þar sem farið var yfir það helsta sem frétt næmt var á árinu.

Áramótaskaupið 2022 var undir leikstjórn Dóru Jóhannsdóttur, yfirumsjón með handriti hafði Saga Garðarsdóttir og aðrir höfundar voru Sigurjón Kjartansson, Vigdís Hafliðadóttir, Friðgeir Einarsson, Jóhann Kristófer Stefánsson og Dóra Jóhannsdóttir. Framleiðandi var S800 ehf.

5.7.1.9. Innlent efni í sjónvarpsdagskrá 2022, klukkustundir

ÍSLAND	2019	2020	2021	2022
RÚV	2520	2750	2939	2941

RÚV 2	468	468	783	819
Samtals	2988	3218	3722	3760

5.7.2. Menningarefni í útvarpi - yfirlit

5.7.2.1. Rás 1

5.7.2.1.1. Breytingar á hádegisdagskrá

Settur var á dagskrá nýr þáttur, *Uppástand*, að loknu fréttayfirliti kl. 12, þar sem fólk víða að úr samfélaginu nálgast tiltekin þemu úr ólíkum áttum. *Síðasta lag fyrir fréttir* var gert að sérstökum dagskrárlið í umsjá Unu Margrétar Jónsdóttur sem velur lögin og kynnir þau. *Síðasta lag fyrir fréttir* varð einnig aðgengilegt í Spilara RÚV og nýtur þar talsverðra vinsælda. Í maí 2022 var þátturinn *Þetta helst* settur á dagskrá að loknum hádegisfréttum kl. 12.40.

5.7.2.1.2. Menning og samfélag

Lögð er áhersla á fjölbreytta dagskrá sem byggist á upplýsandi og gagnrýnni umfjöllun og umræðu um menningarleg og samfélagsleg mál. Sögulegir þættir á borð við *Í ljósi sögunnar* með Veru Illugadóttur og *Frjálsar hendur* með Illuga Jökulssyni njóta mikilla vinsælda ásamt fjölbreyttri tónlistardagskrá, þar á meðal reglulegar útsendingar frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og öðrum tónleikaviðburðum á landinu.

Samfélagslegri og fréttatengdri umræðu var sinnt í daglegum þáttum á borð við *Morgunvaktina*, *Mannlega þáttinn*, *Heimskviður*, *Samfélagið* og *Spegilinn* árið 2022. Menningarlegu efni var sinnt í þáttunum *Víðsjá*, *Lestinni*, *Á tónsviðinu*, *Orðum um bækur*, *Flakki* og fleiri þáttum. Mannlífstengt efni var meðal annars að finna í þáttunum *Segðu mér* og *Mannlega þættinum*.

Pótt finna hafi mátt efni tengt landsbyggðinni í flestum föstum þáttum var þeim sérstaklega sinnt í *Sögum af landi*. Um helgar voru fleiri sértækir þættir á dagskrá svo sem *Frjálsar hendur* og *Úr tónlistarlífinu* þar sem heyra mátti nýjar upptökur úr íslensku tónlistarlífi.

5.7.2.1.3. Hlaðvarpið

Hlaðvarpsritstjórn var sett á laggirnar til að leggja áherslu á ólínulegt efni, þróun þess og framleiðslu. Hún hefur það sértæka hlutverk að þróa framboð á ólínulegu hljóðefni RÚV og framleiða átta til tólf þáttaraðir á ári sem hugsaðar eru sérstaklega fyrir ólínulega dreifingu. Mest af þessu efni fer þó einnig í línulega dagskrá Rásar 1 og Rásar 2. Áhersla er lögð á vandaða heimilda- og hljóðvinnu og þáttagerð um sértæk efni.

Framleiddar voru þáttaraðirnar *Kerfið*, *Leitin*, *Sterki maðurinn*, *Lífið eftir vinnu*, *Skeggi* og *Joe Grimson: saga af svikum*. Tvær síðastnefndu þáttaraðirnar nutu að sögn RÚV sérstakra vinsælda og hlustað var yfir 100.000 sinnum á þær í Spilara RÚV og útvarpsleikritið *Vetrarfrí* vakti líka mikla athygli.

5.7.2.1.4. Barnaefni á Rás 1

Boðið var upp á fjóra þætti í viku fyrir börn og fjölskyldur í umsjá starfsfólks KrakkaRÚV. Þetta voru þættirnir *Krakkakiljan*, *Krakkakastið*, *Hlustaðu nú* og *Hljómboxið*, spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Á undanförunum árum hefur æ meiri áhersla verið lögð á að búa til efni fyrir börn og fjölskyldur sem hentar sérstaklega til ólínulegrar hlustunar og sérstaklega í bílferðum. Um sumarmánuðina var boðið upp á fyrrnefnda þáttaröð *Í ljósi krakkasögunnar* með þetta að leiðarljósi.

5.7.2.1.5. Útvarpsleikhúsið

Árið 2022 var um margt óhefðbundið fyrir Útvarpsleikhúsið en sú ákvörðun var tekin í byrjun árs að Útvarpsleikhúsið heyri undir nýstofnaða hlaðvarpsritstjórn. Útvarpsleikhúsið einblínir því fyrst og fremst á hlaðvarpsvæn verkefni og leiknar þáttaraðir. Tvær þáttaraðir voru frumfluttar, en stefnt er að því að þær verði þrjár til fjórar á ári. *Fjöldasamkoman á Gjögri* var frumflutt um páskana en það er framhaldsverk í fjórum þáttum eftir Hallveigu Kristínu Eiríksdóttur og Eygló Höskuldsdóttur Viborg og hugmyndin kom í gegnum Hugmyndadaga RÚV. Leikna hlaðvarpið *Vetrarfrí* var frumflutt um haustið en það byggist á tveimur verðlaunabókum Hildar Knútsdóttur, Vetrarfrí og Vetrarhörkur og er fyrst og fremst ætlað stálpuðum börnum og ungmennum. Hildur skrifaði útvarpsleikgerðina og Sigurjón Kjartansson leikstýrði. Þetta var fyrsta eiginlega verkefni Útvarpsleikhússins undir hlaðvarpsritstjórn. Lögð var áhersla á að ná til markhópsins í gegnum samfélagsmiðla og auglýsingar og óhætt er að segja að vel hafi tekist til því Vetrarfrí er meðal vinsælustu hlaðvarpa ársins og fékk afar góða hlustun, ekki síst ólínulega.

5.7.2.1.6. Fjölbreytt tónlistardagskrá

Á árinu 2022 voru á dagskrá Rásar 1 tónlistarþættir, þar sem kynnt var tónlist af ýmsu tagi, nýjar tónleikahljóðritanir, bæði innlendar og erlendar og hljóðrit gerð sérstaklega fyrir Ríkisútvarpið, bæði ný og úr safni.

Einn mikilvægasti liðurinn í tónlistardagskrá Rásar 1 er hljóðritun á tónlist og beinar útsendingar frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, frá ýmsum tónlistarhátíðum og öðrum tónleikum. Auk tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands hljóðritaði Rás 1 og sendi út frá ýmsum tónleikum í tónleikaröð Hörpu „Sígildum sunnudögum“, frá tónleikum Stórsveitar Reykjavíkur og Íslensku óperunnar og frá þremur tónleikaröðum Salarins í Kópavogi, tónleikaröðunum Tíbrá, Syngjandi í Salnum og Ár íslenska einsöngslagsins. Einnig má nefna hljóðritanir frá Listahátíð í

Reykjavík, tónlistarhátíðinni Norrænum músíkdögum og norrænu kórahátíðinni Nordklang auk tónleika úr tónleikaröð Kammermúsíklúbbsins og tónleika Kammersveitar Reykjavíkur. Jólatónleikar Kammersveitarinnar voru framlag Ríkisútvarpsins til jólatónleikadags EBU, Sambands evrópskra útvarpsstöðva, og var þeim útvarpað í á þriðja tug ríkisútvarpsstöðva í Evrópu, auk þjóðarútvarpsstöðva í Ástralíu, Nýja-Sjálandi, Bandaríkjunum og Kanada.

5.7.2.1.7. Ungt tónlistarfólk

Ungt tónlistarfólk var í forgrunni í stúdíóhljóðritum sem útvarpað var í hátíðardagskrá um jól og áramót. Fjórir, ungir píanóleikarar, sigurvegarar EPTA píanókeppninnar, léku í nýju hljóðriti Rásar 1 á nýársdag og fiðluleikarinn Rannveig Marta Sarc, sem valin var „Bjartasta vonin“ á Íslensku tónlistarverðlaununum 2022, lék barokktónlist í aðdraganda jóla á aðfangadag.

5.7.2.1.8. Jólalag Ríkisútvarpsins

Jólalag Ríkisútvarpsins hefur fyrir löngu skipað sér sess í jóladagskrá Rásar 1. Jólalagið 2022 var eftir Pál Ragnar Pálsson tónskáld, og Tui Hirv og Spilmenn ríkisins frumfluttu það í desember. Tónskáldasjóður Ríkisútvarpsins og STEF styrkja verkefnið.

5.7.2.1.9. Samstarf

Samstarf við Samband evrópskra útvarpsstöðva (EBU) er þýðingarmikill þáttur í tónlistardagskrá Rásar 1. Hlustendur hafa notið þessa samstarfs í reglulegum útsendingum og Ríkisútvarpið og íslenskt tónlistarlíf hafa verið virkir þátttakendur í samfélagi evrópsks tónlistarlífs. Tónleikahljóðritunum frá helstu tónlistarhúsum Evrópu var útvarpað í þáttunum *Endurómi úr Evrópu*, *Óperuvöldum útvarpsins* og *Sumartónleikum evrópskra útvarpsstöðva*.

5.7.2.1.10. Heimildarþættir um tónlist

Af heimildarþáttum um tónlist sem voru á dagskrá á árinu má nefna þátt Elísabetar Indru Ragnarsdóttur um *píanóleikarann Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur*, heiðursverðlaunahafa Íslensku tónlistarverðlaunanna 2022. Þá minntist Vernharður Linnet 100 ára fæðingarafmælis bassaleikarans og *tónskáldsins Charles Mingus* og Pétur Grétarsson rifjaði upp aðdragandann að stofnun *Stórsveitar Reykjavíkur á 30 ára afmælisári sveitarinnar*. Una Margrét Jónsdóttir minntist söngvaranna Puríðar Pálsdóttur og Jóns Sigurbjörnssonar í þáttum sínum *Á tónsviðinu* og ný hljóðrit voru flutt í þáttum hennar um tónskáldin Jónas, Helga og Sigurð Helgasyni auk frumhljóðritunar á lagi eftir Bjarna Þorsteinsson.

5.7.2.2. RÁS 2

Hlutverk Rásar 2 er miðlun á íslenskri tónlist og markmið stöðvarinnar er að íslensk tónlist sé um helmingur allrar tónlistar. Hlutfallið var enn hærra á árinu 2022 en hluta af þeim árangri má rekja til aukningar í útgáfu á íslenskri tónlist. Rúmlega helmingur flytjenda og höfunda plötu vikunnar voru konur. Markvissar aðgerðir hafa aukið hlustun verulega í hópi fólks á aldrinum 18-29 ára sem leggur grunn að framtíðarhlustendum stöðvarinnar.

5.7.2.2.1. Íslensk tónlist

Rás 2 tók upp þráðinn eftir heimsfaraldur og hélt áfram að senda út íslenska tónlist í beinni útsendingu. Rás 2 sendi út úrslitakvöld Músíktílauna, Aldrei fór ég suður, Bræðsluna og Iceland Airwaves og Stúdíó RÚV fór í loftið, en þar koma fram íslenskir listamenn í Stúdíó A og flytja nýja íslenska tónlist. Efnið fer í gegnum línulega dagskrá Rásar 2 og er sent út sem stök myndbönd á samfélagsmiðlum og sjónvarpsþáttur undir merkjum Stúdíó RÚV. Tónaflóð, stórtónleikar Rásar 2 á Arnarhóli voru svo aftur á dagskrá á Menningarnótt.

5.7.2.2.2. Ný íslensk tónlist

Rúmlega 800 ný íslensk lög voru frumflutt í Undiröldunni og Popplandi. Yfir sumarið voru svo á dagskrá sérstakar tónlistarseríur þar sem farið var yfir sögu Hip hops á alþjóðavísu ásamt því að Krummi Björgvinsson gerði sérstaka seríu um sveitatónlist og kántrí. Þessar seríur héldu svo áfram um haust og vetur, en þær hafa verið á dagskrá á sunnudagsmorgnum þar sem einblínt hefur verið á sérstakar tónlistarstefnur eins og t.d. sveitatónlist, sálar og funk tónlist svo eitthvað sé nefnt. Að lokum má geta þess að 90 ný íslensk jólalög voru send inn í jólagakeppni Rásar 2.

Party Zone snéru svo aftur heim á Rás 2 og voru undir diskó kúlunni á laugardagskvöldum sumarið 2022.

5.7.2.2.3. Rás 2 um allt land

Sumarið 2022 urðu gerðar töluverðar breytingar á helgardagskrá Rásar 2. Þátturinn Hljóðvegur 1 fór í loftið og var á dagskrá eftir hádegi á laugardögum og sunnudögum yfir allt sumarið. Þau Steiney Skúladóttir og Jóhann Alfreð Kristinsson voru umsjónarfólk Hljóðvegs 1 en þar var einblínt á að miðla því sem var að gerast út um allt land. Til að gera það fóru þau sjálf út um allt land og sendu út í beinni útsendingu alls staðar af landinu. Félagsheimilið opnaði svo dyrnar á sumarmánuðum með þeim Friðriki Ómari og Sigga Gunnars, en Félagsheimilið er íslenskur skemmtiþáttur sem var á dagskrá eftir hádegi alla föstudaga sumarið 2022 og naut mikilla vinsælda.

5.7.2.3. Jóla- og áramótadagskrá í útvarpi

Mikil vinna var lögð í að gera hátíðardagskrá Rásar 1 sem veglegasta, enda er hlustun á Rás 1 sjaldan meiri en um jól og páska. Hátíðardagskrá Rásar 2 hefur undanfarin ár markast sífellt meira af framleiðslu heimildarþáttaraða sem henta vel til ólínulegrar hlustunar og gætt hefur verið að því að gera hátíðarþætti aðgengilega í spilara og hlaðvarpi RÚV.

Að mati Fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um umfjöllun um ólík svið menningar og lista.

5.8. Erlent efni

Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:

6. Miðla afþreyingar- og menningarefni við hæfi fólks á öllum aldri. Erlent efni skal vera frá mismunandi menningarheimum og áhersla lögð á norrænt og annað evrópskt efni.

3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

5.8.1. Erlent efni á dagskrá sjónvarps 2022

Við val á erlendu dagskrárefni er samkvæmt greinargerð RÚV, lögð áhersla á að sýna úrval af því frambærilegasta hverju sinni, einkum því sem annars stæði íslenskum sjónvarpsáhorfendum ekki til boða. Það endurspeglast meðal annars í því að framboð á evrópsku efni, jafnt leiknu sem heimildarþáttum, hefur stóraukist og einkum það norræna en hlutfall þess í dagskrá RÚV hefur margfaldast á liðnum árum. Áfram var kappkostað að bjóða upp á efni sem á erindi við samtímann og setur það sem er efst á baugi hverju sinni í samhengi.

5.8.2. Leikið efni og samstarf norrænna stöðva

Samvinna við aðrar norrænar sjónvarpsstöðvar undir merkjum N12 gat enn af sér fjölda frambærilegra, fjölbreyttra og vinsælla leikinna þáttaraða þar sem efnistökin sveiflast frá því að vera hádramatísk eða hörkuspennandi yfir í að vera uppfull af húmor.

Hljómsveitin (Orkestret) gefur innsýn í grátbroslegt líf danskrar sinfóníuhljómsveitar, *Carmenrúllur* (Carmen Curlers) segir sögu eins af helstu frumkvöðlum Danmerkur sem ruddi brautina fyrir atvinnuþáttöku og valdeflingu kvenna um leið og hárið var krullað með einfaldari og hagkvæmari hætti en áður. Þetta er fyrsta þáttaröðin af þremur sem DR ætlar að framleiða. Ein allra vinsælasta norræna þáttaröð ársins var önnur röð norsku þáttanna *Exit*.

Sem fyrr var lögð áhersla á að sýna fjölbreytt evrópskt leikið efni. Meðal þess sem má nefna er þriðja þáttaröð *Framúrskarandi vinkonu (L'amica geniale)* og *Petta verður vont* sem báðar eru byggðar á metsölubókum. Gamlir kunningjar á borð við *Veru*, *Barnaby* og *Séra Brown* voru á dagskrá auk dönsku *Klovn* þáttanna.

5.8.3. Erlendar kvikmyndir og þemu

Evrópsku kvikmyndaverðlaunin voru veitt hér á Íslandi 10. desember 2022. RÚV stóð fyrir viðamikilli beinni útsendingu sem sýnd var um allan heim. Í tengslum við hátíðina var eldri verðlaunamyndum gert hátt undir höfði í nóvember og desember. Þetta voru kvikmyndir eins og *Ferningurinn (The Square)*, *Ninjubarnið (NinjaBaby)*, pólska kvikmyndin *Kalt stríð (Zimna wonja)*, serbneska kvikmyndin *Hvert ferðu, Aida? (Quo Vadis, Aida?)* og hollenska kvikmyndin *Stúlka*. Einnig var áhersla á fjölskylduvænar kvikmyndir sem sýndar voru á kjörtíma.

5.8.4. Erlendar heimildamyndir og fræðsluþættir

Á árinu var á dagskrá RÚV fjölbreytt úrval heimildarþáttaraða og -mynda. Náttúrulífspættir úr smiðju BBC fengu mest áhorf, þættir á borð við *Dýrin taka myndir (Animals with Camera)*, *Serengeti*, *Njósningar í náttúrunni (Spy in the Wild)* og *Leyndarlíf hunda (Secret Life of Dogs)*.

Átakalínur í heimsmálunum settu greinilegt mark á val heimildarmynda. Sýndar voru umtalaðar myndir á borð við *Navalny*, *Zelensky forseti (Zelensky: The Story)*, *Innrás Pútíns í Úkraínu (Putin's War)*, *Samtal við Gorbatsjov (Meeting Gorbachev)* og *Trump-sýningin*.

Áfram var áhersla á sérvaldar heimildarmyndir um fræga listamenn. Heimsfrægt tónlistarfólk var í forgrunni í myndum á borð við *Kryddpíur: Stelpustyrkurinn breytti heiminum (Spice Girls: How Girl Power Changed The World)*, *Líf mitt í The Rolling Stones (My Life as a Rolling Stone)*, *Joni Mitchell (Joni Mitchell: Lady in Blue)*, *Madonna* og *Amy Winehouse (Reclaiming Amy)*.

Stakir fræðsluþættir og þáttaraðir um sögu og menningu eins og *Persar, saga Írans (Persia: A History)*, *Til Búrma með Simon Reeve (Burma With Simon Reeve)*, *Uppgangur nasista (Rise of the Nazis)* og *Lífið í Írak (Once Upon a Time in Iraq)*. Dönsku þættirnir *Lausafé (Cash)* skoðuðu þær breytingar sem urðu á lífsviðurværi fólks um allan heim af völdum COVID-19, allt frá nuddurum á Taílandi til norskra hóteleigenda.

Léttari mannlífs-, lífsstíls- og matreiðsluþættir voru sem fyrr á dagskrá svo sem *Af hverju þyngist ég (Why do I put on Weight)*, *Sannleikurinn um breytingaskeiðið (The Truth About the Menopause)*, *Nigella Lawson, Elda, borða, aftur og aftur (Nigella's Cook, Eat, Repeat)* og sænska þáttaröðin *Húsið okkar á Sikiley (Husdrömmar på Sicilien)*. Norrænar heimildarmyndir hafa vakið athygli og aukið úrvalið í spilara RÚV þar sem þær nýtast vel þegar í boði eru sérstök þemu helguð ákveðnum viðfangsefnum sem gjarnan tengjast tímamótum, árstíma eða viðburðum.

Samkvæmt þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins skal gera grein fyrir eftirfarandi atriðum í árlegri greinargerð Ríkisútvarpsins til Fjölmiðlanefndar:

5.8.5. Hlutfall innlends og erlends efnis í sjónvarpsdagskrá á RÚV og RÚV 2

Hlutfall innlends og erlends efnis í dagskrá	2019	2020	2021	2022
RÚV innlent í klst.	2520	2750	2939	2941
RÚV erlent í klst.	2310	2468	2366	2030
RÚV 2 innlent klst.	468	468	783	819
RÚV 2 erlent klst.	68	83	44	53
Hlutfall innlends efnis í %	55.7%	55.8%	60.7%	64.4%
Samtals klst.	5366	5769	6132	5843

5.8.6. Hlutfall innlends og erlends efnis á kjörtíma í sjónvarpsdagskrá

Hlutfall innlends og erlends efnis á kjörtíma (19-23)	2019	2020	2021	2022
RÚV innlent í klst.	671	667	717	683
RÚV erlent í klst.	658	666	613	638
RÚV 2 innlent klst.	177	249	287	478
RÚV 2 erlent klst.	29	46	24	22
Hlutfall innlends efnis í %	55.2%	56.3%	61.2%	63.8%

5.8.7. Hlutfallsleg skipting eftir uppruna á RÚV og RÚV 2

Hlutfallsleg skipting eftir uppruna dagskrárefnis	2019	2020	2021	2022
Ísland	55.7%	55.8%	60.7%	64.4%
Önnur Norðurlönd	9.0%	11.0%	11.9%	10.3%
Önnur Evrópulönd	21.2%	21.6%	17.3%	17.4%
N-Ameríka (Bandaríkin og Kanada)	13.0%	11.0%	9.3%	7.8%
Aðrar heimsálfur	1.1%	0.6%	0.8%	0.2%
Hlutfall í %	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%

Samkvæmt töflunni hér að framan var íslenskt efni 64,4% af útsendu efni í línulegri dagskrá RÚV og RÚV 2 árið 2022, norrænt efni frá öðrum Norðurlöndum 10,3% af útsendu efni og efni frá öðrum Evrópulöndum 17,4% af útsendu efni. Alls var því 92,1% af útsendu efni í línulegri dagskrá árið 2022 evrópskt efni, að íslensku efni meðtöldu.

5.8.8. Skipting eftir uppruna í klukkustundum á RÚV og RÚV 2

ÍSLAND	2019	2020	2021	2022
RÚV	2520	2750	2939	2941
RÚV 2	468	468	783	819
Samtals	2988	3218	3722	3760

ÖNNUR NORÐURLÖND	2019	2020	2021	2022
RÚV	483	631	731	599
RÚV 2	2	2	0	0
Samtals	485	633	731	599

ÖNNUR EVRÓPULÖND	2019	2020	2021	2022
RÚV	1102	1203	1028	968
RÚV 2	36	43	33	50
Samtals	1138	1246	1061	1018

N-AMERÍKA (BANDARÍKIN OG KANADA)	2019	2020	2021	2022
RÚV	672	598	560	453
RÚV 2	23	38	10	3
Samtals	695	636	570	456

AÐRAR HEIMSÁLFUR	2019	2020	2021	2022
RÚV	53	36	46	10
RÚV 2	8	0	0	0
Samtals	61	36	46	10

Að mati Fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 6. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, um miðlun erlends efnis, með áherslu á norrænt og annað evrópskt efni, árið 2022. Þá uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í ákvæði 33. gr. laga um um fjölmiðla um framboð myndefnis.

5.9. Íþróttir

Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:

3. Þjóða fjölbreytt og vandað menningarefni og fjalla um ólík svið menningar, lista og íþróttá Íslandi og erlendis, auk þess að vera vettvangur umræðna og skoðanaskipta um íslenska menningu og samfélag.

3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

RÚV leggur, samkvæmt greinargerð, áherslu á að fjalla um íþróttaiðkun allra kynja og ólíkra hópa. Með því er hvatt til aukinnar íþróttaiðkunar meðal þjóðarinnar og stuðlað að varðveislu íþróttasögu Íslands. Hér á eftir verður fjallað um íþróttadagskrá eins og hún er rakin í greinargerð RÚV.

5.9.1. Alþjóðlegir íþróttaviðburðir

5.9.1.1. EM karla og kvenna í handbolta

Sýnt var frá Evrópumóti karla í handbolta sem fór fram í Ungverjalandi og Slóvakíu í janúar og leikir Íslands röðuðu sér í efstu sætin yfir þá íþróttaviðburði sem fengu mest áhorf á árinu og þar hafði gengi liðsins mikið að segja.

Ísland tók ekki þátt í Evrópumóti kvenna í handbolta í nóvember en mótinu voru engu að síður gerð skil á rásum RÚV.

5.9.1.2. Vetrarólympíuleikar og Vetrarólympíumót fatlaðra í Beijing

Sýnt var frá Vetrarólympíuleikunum sem haldnir voru í Kína. RÚV fylgdist með keppendum Íslands auk þess að sýna frá fjölda greina í beinni útsendingu og fjalla um helsta viðburði dagsins í Ólympíukvöldi.

Fjallað var mikið um Vetrarólympíumót fatlaðra, talsvert meira en áður. Þar var einn íslenskur keppandi.

5.9.1.3. EM kvenna í fótbolta

RÚV fylgdi eftir íslenska liðinu sem tók þátt í Evrópumóti kvenna í fótbolta fjórða skiptið í röð. Í aðdraganda mótsins sýndi RÚV þættina „Förum á EM“ þar sem leikmenn liðsins voru heimsóttir og kynntir til leiks. Allir leikir á EM kvenna voru sýndir á rásum RÚV auk þess sem EM stofan var fyrir og eftir alla leiki. Leikur Frakklands og Íslands fékk mesta áhorfið á EM og töluverð aukning hefur verið í áhorfi Íslendinga á kvennaknattspyrnu.

5.9.1.4. HM karla í fótbolta

Heimsmeistaramót karla í fótbolta fór fram að þessu sinn í Katar. Allir leikir mótsins voru sýndir beint á rásum RÚV og svo gerðir sérstaklega upp í HM-stofu og á HM-kvöldi. Þetta var í fyrsta sinn sem heimsmeistaramót var haldið í nóvember og desember en áhorfið var með því mesta sem hefur mælst. Niðurstöður könnunar sem Maskína gerði fyrir RÚV sýndu að yfirgnæfandi ánægja var með framkvæmd mótsins af hálfu RÚV.

5.9.2. Innlendir íþróttaviðburðir

5.9.2.1. Bikarúrslit, Skólahreysti og aðrir innlendir viðburðir

RÚV hélt áfram að sýna frá Íslandsmótum og bikarúrslitum í hinum ýmsu íþróttagreinum. Meðal þess sem fjallað var um í beinum útsendingum var Meistaradeildin í hestaíþróttum, Íslandsmótið í golfi, bikarúrslit í handbolta, körfubolta, fótbolta, blaki og fimleikum. Þá var sýnt frá fjölda greina á Reykjavíkurlaikunum auk þess sem Skólahreysti var á sínum stað þar sem nemendur í grunnskólum landsins keppa sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol. RÚV var einnig í Þýskaland og fjallaði um Meistaramót Evrópu en þar á meðal voru íslenskir þátttakendur í frjálsíþróttum, sundi, fimleikum og hjóltreidum. Verðlaunahátíðin um valið á í íþróttamanni ársins var í beinni útsendingu í lok árs. Íþróttadeild RÚV hélt úti hlaðvarpsþáttum á stórmótum til að gefa hlustendum aðra sýn á viðburði sem skipta þjóðina máli. Það gaf góða raun og verður haldið áfram.

5.9.3. Hlutfall íþróttæfnis af dagskrá RÚV og RÚV 2

Heildarútsendingartími íþróttæfnis í klst. árið 2022 var 884 klst. á aðalrás RÚV og 582 klst. á aukarásinni RÚV 2.

ÍÞRÓTTIR	2019	2020	2021	2022
RÚV	469	277	654	884
RÚV 2	314	279	389	582
Samtals	783	556	1043	1466

Hlutfall íþróttæfnis af dagskrá beggja sjónvarpsrása, **RÚV og RÚV 2**, hækkaði umtalsvert árið 2022. Hlutfall íþróttæfnis var 23,2% af línulegri sjónvarpsdagskrá beggja sjónvarpsrása árið 2022, en var 15,9% árið á undan og 9% árið 2020.

Hlutfall af heildardagskrá	2019	2020	2021	2022

Íþróttir (skipt eftir helstu íþróttagreinum)	13.7%	9.0%	15.9%	23.2%
--	-------	------	-------	-------

5.9.4. Hlutfall íþrótta af heildardagskrá aðalrásar RÚV

ÍPRÓTTIR skipt eftir helstu íþróttagreinum	2019	2020	2021	2022
Íþróttافرéttir	0.43%	0.72%	0.38%	0.73%
Fótbolti	1.98%	0.12%	1.15%	4.14%
Körfubolti	1.10%	0.20%	0.54%	0.74%
Handbolti	1.95%	0.89%	1.73%	1.05%
Blak	0.07%	0.00%	0.30%	0.09%
Mótorsport	0.06%	0.06%	0.14%	0.17%
Vetrariþróttir	0.09%	0.15%	0.65%	0.00%
Sund	0.36%	0.00%	0.72%	0.68%
Hestaíþróttir	0.03%	0.12%	0.00%	0.04%
Frjálsar íþróttir	0.70%	0.45%	1.06%	1.22%
Fimleikar	0.62%	0.23%	0.62%	0.23%
Aðrar íþróttir	0.88%	1.43%	2.10%	1.33%
Blandaðar íþróttir*	0.83%	0.62%	2.19%	6.17%
samtals	9.10%	4.99%	11.58%	16.59%

5.9.5. Hlutfall íþrótta af heildardagskrá aukarásarinnar RÚV 2

ÍPRÓTTIR skipt eftir helstu íþróttagreinum	2019	2020	2021	2022
Íþróttافرéttir	0.00%	0.00%	0.00%	0.00%
Fótbolti	11.77%	4.26%	5.19%	15.56%
Körfubolti	6.89%	2.92%	8.80%	5.42%
Handbolti	10.13%	14.51%	16.35%	10.01%
Blak	3.12%	0.00%	0.00%	0.71%
Mótorsport	0.00%	0.00%	0.00%	0.00%
Vetrariþróttir	1.63%	0.42%	0.00%	13.24%
Sund	2.54%	0.00%	0.00%	0.59%
Hestaíþróttir	3.54%	2.27%	4.39%	1.69%
Frjálsar íþróttir	10.22%	0.00%	9.26%	1.71%
Fimleikar	1.37%	0.17%	2.69%	1.87%
Aðrar íþróttir	2.88%	1.51%	2.46%	2.81%
Blandaðar íþróttir*	1.07%	20.73%	0.00%	5.74%

samtals	55.16%	46.79%	49.14%	59.35%
----------------	---------------	---------------	---------------	---------------

* Beinar útsendingar frá íþróttaviðburðum féllu að mestu niður 2020 og 2021 vegna sóttvarnatakmarkana. Frjálsum íþróttum, sundi og öðrum íþróttum voru gerð góð skil á Reykjavíkurlaikunum – merkt sem blandaðar íþróttir.

Að mati Fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um umfjöllun um ólík svið menningar og íþróttarárið 2022.

6. Samfélag

6.1. Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal skapa vettvang fyrir aðkomu almennings að stefnumótun fjölmiðlunar í almannapágu með fyrirkomulagi sem nánar er kveðið á um í samþykktum Ríkisútvarpsins.

7. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Þá skal gerð grein fyrir viðhorfum almennings til starfsemi Ríkisútvarpsins eins og þau koma fram, m.a. í könnunum, sem Ríkisútvarpið lætur gera, og ábendingum.

Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2020-2023

Ríkisútvarpið setur sér stefnu á a.m.k. fimm ára fresti og áður en stefnan er birt opinberlega skulu drög að henni kynnt mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Stefna Ríkisútvarpsins taki einnig til dagskrár og allra sviða miðlunar að teknu tilliti til laganna og samnings þessa. Ríkisútvarpið leitar með skipulögðum hætti að dagskrárhugmyndum og tillögum að dagskrárefni fyrir alla miðla jafnt frá almenningi sem sjálfstæðum framleiðendum. Til viðbótar við markvissa móttöku slíkra erinda verður tvisvar á ári staðið fyrir opnum hugmyndadögum fyrir dagskrárefni.

Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2020-2023

4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring. Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru efni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlunarleiðum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að **hver og einn geti fengið aðgang að efninu og/eða þjónustunni á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kys.**

6. gr. laga um Ríkisútvarpið

2. mgr.

Ríkisútvarpið skal veita heyrnarskertum aðgang að fjölmiðlaþjónustu í almannapágu með textun á fréttum og öðru sjónvarpsefni, með textavarp, útsendingum á táknmáli og/eða öðrum miðlunarleiðum er henta í þessu skyni og eru í samræmi við tæknilega möguleika á hverjum tíma.

3. mgr.

Í samningi ráðherra við Ríkisútvarpið, sbr. 4. mgr. 2. gr., skal kveðið á um hvernig best verði tryggt aðgengi og þjónusta við þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu í almannapágu.

4. mgr. 6. gr.

Ef rof verður á dagskrá eða fréttatímar sendir út við sérstakar aðstæður skal Ríkisútvarpið gera mikilvæg skilaboð og fréttir aðgengilegar heyrnarskertum með táknmálstúlkun og/eða textun.

Sérstök markmið á samningstímanum 2020-2023 samkvæmt samningi um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu.

Ríkisútvarpið á að móta stefnu í aðgengismálum, þar sem fram kemur hvernig leitast er við að nýta tæknilegar lausnir til að tryggja aðgengi þeirra sem ekki geta nýtt sér þjónustu Ríkisútvarpsins með hefðbundnum hætti.

Próun vefs og ólínulegrar dagskrár á að taka mið af aðgengi engu síður en í hefðbundinni línulegri dagskrá í útvarpi og sjónvarpi. Áfram á að veita heyrnarlausum og heyrnarskertum aðgengi að fréttum og öðru sjónvarpsefni á vef og með skjátexta, t.d. í textavarp. Útsendingar á táknmáli eða aðrar miðlunarleiðir skulu nýttar þegar það þykir henta og í samræmi við tæknilega möguleika á hverjum tíma. Ríkisútvarpið á áfram að leita leiða til að koma til móts við blinda og sjónskerta með tæknilegum lausnum.

Beinar útsendingar frá borgarafundum og frá stóratburðum er varða alla, svo sem náttúruhamförum, hryðjuverkum eða stórtíðindum í stjórnámálum, skulu rittúlkaðar í textavarp ef því verður við komið. Fréttaskýringarþættir í beinni útsendingu skulu textaðir fyrir endursýningu. Öll forunnin innlend dagskrá er textuð eftir því sem unnt er. Innlendir þættir sem ekki næst að texta fyrir frumsýningu skulu textaðir fyrir endursýningu ef því verður við komið. Ríkisútvarpið skal senda út fréttir á táknmáli eða með táknmálstúlkun alla daga ársins. Hlutfall útsendinga á táknmáli á samningstímanum skal ekki vera minna en það var 2019. Rittúlkun og táknmálstúlkun skal fylgja umræðuþáttum með fulltrúum framboða í aðdraganda kosninga. Á vefsíðu Ríkisútvarpsins er vefpula sem les upp texta.

Ríkisútvarpið fylgist með og tekur virkan þátt í þróun máltækni sem leitt gæti til framfara í aðgengismálum.

6.2. Stefnumótun og aðkoma almennings að henni

6.2.1. Hugmyndadagar RÚV

Að vori sem hausti heldur RÚV hugmyndadaga þar sem almenningi gefst færi á að kynna fyrir dagskrárstjórum hugmyndir að efni til dagskrárgerðar í öllum miðlum RÚV.

Alls voru gestir Hugmyndadaga árið 2022 um 120 talsins samkvæmt greinargerð.

6.2.2. Kannanir á viðhorfi til starfsemi Ríkisútvarpsins

RÚV kannar reglulega áhorf og hlustun, framkvæmir árlega viðhorfskönnun, mælir traust almennings til miðla Ríkisútvarpsins tvisvar á ári og er í stöðugu sambandi við áhorfendur og hlustendur í gegnum ábendingagáttir á vef og samfélagsmiðlum. Þessi gögn eru greind jafnhliða yfir allt tímabilið af stýrihópi og stjórnendum með hliðsjón af stefnumótunavinnu Ríkisútvarpsins.

6.2.3. Ný stefna Ríkisútvarpsins kynnt

Árið 2022 samþykkti stjórn Ríkisútvarpsins nýja stefnu til ársins 2026. Fimm stefnuáherslur liggja til grundvallar stærri og smærri aðgerðum til ársloka 2026. Rík áhersla er lögð á stafrænt RÚV enda þróast stafræn tækni hratt. RÚV tekur virkan þátt í þessum breytingum í þágu notenda sinna. Mikilvæg stefnuáhersla er einnig á fréttir og þjóðfélagsrýni þar sem RÚV starfar í þágu fólksins í landinu og gegnir mikilvægu öryggis og lýðræðishlutverki. Áhersla á menningu og miðlun er áfram í forgrunni. RÚV tekur virkan þátt í íslensku menningarlífi með því að skapa, miðla og fjalla um öll svið menningar og lista. RÚV endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins í dagskrá og allri starfsemi. Jafnrétti kynja er hornsteinn í ytra og innra starfi og gætt er að jafnræði fjölbreyttra hópa og einstaklinga. Aðgengi allra að þjónustu RÚV er mikilvægt, sem og sýnileiki ólíkra hópa. Loks er undirstrikað í stefnunni að RÚV gegnir mikilvægu hlutverki í að byggja upp sjálfbært samfélag í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

6.3. Dagskrárstefna miðla Ríkisútvarpsins

Dagskrárstefna allra miðla fyrir árið 2022 var kynnt og samþykkt af stjórn í lok árs 2021.

6.4. Málþing og opnir dagar

RÚV stendur fyrir opnu málþingi ár hvert þar sem fjallað er um þróun fjölmiðla og markaðar. Málþingið 2021 var fellt niður vegna COVID-19. Í greinargerð RÚV vegna ársins 2022 er engar upplýsingar um málþing eða opna daga að finna.

6.5. Aðgengi að þjónustu RÚV

6.5.1. RÚV setti sér aðgengisstefnu

RÚV setti sér aðgengisstefnu í mars 2022 í samræmi við markmið í samningi RÚV við mennta- og menningarmálaráðherra.⁵ Í henni er lögð áhersla á þrjá meginþætti sem eru aðgengi að miðlum; aðgengi í og við Útvarpshúsið, aðrar starfsstöðvar RÚV og á viðburðum á vegum þess; og að fjölbreytileikinn í samfélaginu endurspeglast í miðlum RÚV. Jafnframt því var ráðinn verkefnastjóri aðgengis og fjölbreytileika og skipuð aðgengisnefnd sem hefur það hlutverk að fylgja aðgengisstefnunni eftir.

Vorið 2022 hóf RÚV samstarf við Miðeind sem hlaut styrk frá Rannís til að þróa rafrænar vélþýðingar fyrir skjátexta. Þetta er aðgengismál fyrir fólk sem ekki hefur íslensku á valdi sínu. Samstarfið felur einkum í sér að RÚV lætur Miðeind í té gögn fyrir þróunarvinnuna.

⁵ Sjá aðgengisstefnu RÚV: [adgengisstefna_ruv - 10 mars 2022_IUKKU8Z.pdf](#)

Á síðunni ruv.is/audskilid eru birtar fréttir með auðlesnum texta. Auðlesinn texti er einfaldur í framsetningu, með stuttum setningum og einfaldri setningagerð. Fréttirnar eru stuttar og greina frá aðalatriðum auk þess sem flókin hugtök eru skýrð sérstaklega. Hægt er að velja leturstærð auðskilinna fréttanna eins og annarra fréttanna á RÚV.is. Auðskildar fréttir eru sérstaklega ætlaðar fólki með þroskahömlun en þær gagnast fleirum, svo sem fólki sem er að læra íslensku sem annað mál.

RÚV stefnir að því að gera enn betur í að endurspeglar fjölbreytileikann í samfélaginu í miðlum sínum. Í Landanum og KrakkaRÚV er lögð áhersla á fjölbreytileikann auk þess sem RÚV sýndi þáttaraðirnar Með okkar augum og Dagur í lífi. Í öllum þessum þáttum birtist fólk af ólíkum uppruna, kyni og kynþáttum, og með mismunandi andlegt og líkamlegt atgervi.

6.5.2. Aðgengi sjón- og heyrnarskertra

6.5.2.1. Þróun rafræna skjátexta

Vorið 2022 hóf RÚV samstarf við máltækniyrirtækið Tiro sem hlaut styrk frá Rannís til að þróa og útfæra rafræna skjátexta fyrir línulega dagskrá í rauntíma. Það þýðir að hægt verður að nálgast texta með beinum útsendingum sem alla jafna eru ekki með skjátexta. Einnig kemur sjálfvirk textun í stað rittúlkunar sem veitt er þegar almannaheill krefst og hefur þann galla að henni fylgir talsverð seinkun á birtingu texta. Jafnframt aukast möguleikar á að senda út texta með hvers kyns menningar- og íþróttaviðburðum sem sýndir eru í beinni útsendingu.

Samkvæmt greinargerð RÚV var stefnt á að þróunarvinnunni yrði lokið í árslok 2023 en samkvæmt svörum RÚV í byrjun febrúar 2024 er hún vel á veg komin. Eftir prófanir og frekari þróun telur RÚV að gæðin á textanum séu orðin það mikil að hann sé vel boðlegur í mörgum þeirra þátta sem ekki hefur verið unnt að texta í beinni útsendingu hingað til. *Silfrið* hefur til dæmis komið ágætlega út þegar það hefur verið prófað utan beinnar útsendingar og var þátturinn textaður í beinni útsendingu í fyrsta sinn í janúar 2024.

Að þróun rafræna skjátexta lokinni er stefnt að því að hægt verði að fá texta með nær öllu innlendu sjónvarpsefni. Þetta er aðgengismál fyrir heyrnarskert og heyrnarlaust fólk.

6.5.2.2. Aðgangur að fréttum og öðru sjónvarpsefni fyrir heyrnarlausu og heyrnarskerta

Frá árinu 2021 hefur aðalfréttatími sjónvarps kl. 19 verið sendur út með táknmálstúlkun. Jafnframt eru Krakkafréttir sendar út með táknmálstúlkun. Táknmálsútsendingarnar eru á RÚV 2. Þegar þær þurfa að víkja fyrir öðrum viðburðum, svo sem íþróttakeppni, eru þær sendar út á RÚV.is. Þær eru einnig aðgengilegar í spilara. Með þessari breytingu var þjónusta við döff-fólk aukin því fram að því voru aðeins sendar út táknmálsfréttir sem voru fimm mínútur að lengd. Þegar meiriháttar atburðir verða, svo sem náttúruhamfarir, alvarlegar sviptingar í stjórnámálum, heimsfaraldur eða hryðjuverk, er kallaður út táknmálstúlkur í aukafreðtatíma. Einnig eru umræður í aðdraganda kosninga með táknmálstúlkun. Þá er komin hefð á að senda Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, Eurovision, út með táknmálstúlkun á RÚV 2.

6.5.2.3. Aðgerðir til að koma til móts við blinda og sjónskerta með tæknilegum lausnum

Við hönnun á nýjum vef sem fór í loftið í desember 2022 var hugað sérstaklega að læsileika fyrir blint og sjónskert fólk. Lögð er áhersla á að RÚV.is sé að öllu leyti læsilegur í skjálesurum sem blint og sjónskert fólk notar og settur var inn möguleiki á svokölluðum alt-texta sem er hulinn almennun lesurum en skjálesarar nema og þar er lýst því sem fyrir augu ber á myndum sem fylgja fréttum og öðrum veffærslum.

6.5.3. Aðgengi Íslendinga búsettra erlendis að dagskrárefni og þjónustu

Í þjónustusamningi segir að Ríkisútvarpið eigi að halda áfram að þróa tæknilegar lausnir á samningstímanum til að auka aðgengi Íslendinga, sem búsettir eru erlendis, að dagskrárefni og þjónustu.

Innskráningarkerfi RÚV var þróað á árinu 2020. Ráðgert var að taka innskráningarkerfið í notkun um haustið 2020 en vegna niðurskurðar á árinu, sem Ríkisútvarpið rekur til mikils tekjusamdráttar á auglýsingamarkaði, var verkefninu frestað um óákveðinn tíma.

Haustið 2021 hófst vinna við nýtt vefumsjónarkerfi RÚV á ný og fór nýr vefur RÚV í loftið í desember 2022. Á þeim vef er nýtt innskráningarkerfi og samhliða innskráning í smáforriti. Með innleiðingu innskráningarkerfis gefst í fyrsta sinn tækifæri til að horfa á allt efni RÚV hvar sem er í Evrópu í gegnum innskráningu, þar með talið það efni sem hingað til hefur eingöngu verið í boði á Íslandi sökum réttindamála.

Innskráning inn á RUV.is var nánast tilbúin til notkunar sl. haust í gegnum island.is. Hins vegar kom í ljós í árslok að RÚV stæði ekki til boða framhald á þjónustu í gegnum innskráningarleið island.is. RÚV þurfti því að semja við annan innskráningaraðila og forrita innskráningu fyrir vefspilara RUV.is frá grunni. Innskráning með aðstoð Auðkennis er, nú við útgáfu skýrslu Fjölmiðlanefndar, á lokametrunum samkvæmt upplýsingum frá RÚV og er áætlað að hún verði komin til notkunar innan skamms.

6.5.4. Þjónusta fyrir íbúa landsins sem hafa annað tungumál en íslensku

Aðgengi fyrir fólk með annað móðurmál en íslensku var eftt á árinu. Fréttamiðlun á ensku er hugsuð fyrir þann stóra hóp útlendinga sem búa á Íslandi og geta ekki nýtt sér fréttamiðlun á íslensku að hluta eða öllu leyti. Fréttir á ensku eru birtar alla virka daga á ruv.is/english. Í vikulegu hlaðvarpi, The Week in Iceland, var farið yfir helstu fréttir liðinnar viku. Ráðinn var pólskur fréttamaður sem birtir fréttir á pólsku á ruv.is/polski og gerir auk þess fréttir á íslensku fyrir útvarp og sjónvarp sem meðal annars auka sýnileika pólska samfélagsins á Íslandi. Í

vikulegu hlaðvarpi, Wyspa, er farið yfir helstu fréttir vikunnar á Íslandi á pólsku og talað við áhugavert pólskumælandi fólk sem býr á Íslandi eða hefur tengingu við Ísland.

Pegar þess er kostur er leitast við að bjóða upp á skjátexta á fleiri tungumálum en íslensku í spilara RÚV.

Að mati Fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 6. gr. laga um Ríkisútvarpið, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. sömu laga, um aðgengi og þjónustu við þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu í almannapágu. Þá uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru um aðgengismál í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins 2020-2023.

6.6. Dreifikerfi

Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring.

1. másl. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið hefur áratugum saman rekið eigið dreifikerfi sem hefur tvíþætt hlutverk: Að miðla dagskrá miðla Ríkisútvarpsins til landsmanna og vera mikilvægur hlekkur í almannavörnum. Dreifikerfið er víðfemt og samanstendur af tæplega tvö hundruð FM-sendum og tveimur langbylgjusendum. Þá er RÚV með samning við Vodafone um dreifingu sjónvarps í lofti en í gegnum dreifikerfi Vodafone getur RÚV sent út á tveimur sjónvarpsrásum í háskerpu, auk þriggja útvarpsrása.

Dreifing á sjónvarps- og hljóðvarpsefni Ríkisútvarpsins árið 2022 náði til 99.9% heimila á landinu um opið dreifikerfi. Var tilskildum markmiðum samkvæmt þjónustusamningi því náð en markmið samkvæmt þjónustusamningi er að dreifing sjónvarps- og hljóðvarpsefnis Ríkisútvarpsins nái til að minnsta kosti 99,8% heimila í landinu um opið dreifikerfi. Er þetta mun meiri dreifing en þekkist t.d. á hinum Norðurlöndunum, þar sem viðmið eru lægri. Með opnu dreifikerfi er átt við að almenningur þurfi ekki að kaupa þjónustu af þriðja aðila til að ná útsendingum Ríkisútvarpsins en Ríkisútvarpinu er heimilt að semja við þriðja aðila um leyfi til að dreifa efni þess, að hluta eða í heild.

6.6.1. Sjónvarp

Sjónvarpsrásirnar RÚV og RÚV 2, auk þriggja útvarpsrása, nást um allt land í gegnum stafræna dreifikerfið, auk þess sem hægt er að nálgast dagskrána í gegnum RÚV appið (smáforritið) á Android TV, Apple TV, Android sínum og Apple sínum. Dagskrá RÚV er einnig dreift eftir sjónvarpsboxum símafélaganna (IPTV) og er sá rekstur alfarið á vegum þeirra félaga.

6.6.2. Útvarp

Rás 1, Rás 2 og Rondo nást um allt land í gegnum stafræna dreifikerfið. Útvarpsdagskrá er einnig streymt á RUV.is og í RÚV spilaranum. Þá er útvarpsstöðvunum Rás 1 og Rás 2 dreift á FM-bylgjum um land allt, auk þess sem blönduð dagskrá rásanna er send út á langbylgju.

Ríkisútvarpið gerir ráð fyrir að þurfa áfram að verja dágóðum hluta tekna sinna af útvarpsgjaldinu í viðhald og frekari uppbyggingu dreifikerfisins.

Að mati Fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 1. málsl. 4. tölulið 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um dreifingu efnis til alls landsins árið um kring.

6.7. Öryggis- og almannavarnahlutverk

Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal í samvinnu við til þess bær stjórnvöld tryggja nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og þegar við á eftir öðrum boðleiðum. Ríkisútvarpið skal í því skyni setja sér öryggisstefnu um órofinn rekstur hljóðvarpsþjónustu um land allt og á næstu miðum.

5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Skyldur Ríkisútvarpsins samkvæmt 7. gr. þjónustusamnings

Ríkisútvarpið er mikilvægur hlekkur í öryggiskeðju landsins, leggur rækt við það hlutverk og horfir til þess við þróun nýrra miðlunarleiða í samvinnu við aðrar öryggisstofnanir landsins.

Ríkisútvarpið skal starfa eftir öryggisstefnu til að tryggja upplýsingamiðlun og þjónustu þegar vá ber að höndum. Útvarpsstjóri skipar öryggisnefnd sem ber ábyrgð á öryggismálum Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpið skal hafa forgöngu um skipan starfshóps með Almannavörnum, Neyðarlínunni, Isavia og sérfræðingi á sviði almannavarna um framtíðaruppbyggingu útvarpsöryggissenda og metur valkosti um framtíðardreifileiðir. Niðurstöður skulu liggja fyrir á árinu 2021.

6.7.1. Öryggisstefna og öryggisnefnd

Öryggisstefna RÚV miðar að því að tryggja landsmönnum áreiðanlegar upplýsingar, þegar alvarlegir atburðir verða í og við landið. Það á við um hamfarir af hvaða tagi sem er, af völdum náttúrunnar eða önnur tilvik. Miðlun upplýsinga á slíkum tímum, eru hvort tveggja í senn almennar fréttir og ekki síður til þess að fólk í vá eða á hamfarasvæðum fái sem traustastar upplýsingar um stöðu mála. Öryggisstefnan er tvíþætt og lýtur að innra og ytra öryggi. Upplýsingaröryggisnefnd RÚV (áður öryggisnefnd RÚV, sbr. síðar) ber ábyrgð á því að öryggisstefnu Ríkisútvarpsins sé fylgt.

Samkvæmt greinargerð RÚV var unnið að því á árinu 2022 að starfsemi RÚV yrði í samræmi við öryggisstaðal ISO 27001:2022 og hlyti vottun á árinu 2023. Fjölmiðlanefnd aflaði upplýsinga

um stöðu þessa verkefnis við gerð skýrslu sinnar og fékk þau svör að RÚV hafi þegar lokið 1. stigs úttekt og muni fara í gegnum 2. stigs úttekt um mánaðarmótin mars/apríl á árinu 2024.

Með ákvörðun útvarpsstjóra í október 2022 var stofnuð upplýsingaöryggisnefnd sem var liður í að skapa formlega umgjörð um stjórnun upplýsingaöryggis, persónuverndar og öryggis í samræmi við líkan þriggja varnarlína og góða stjórnarhætti. Á sama tíma var öryggisnefnd RÚV lögð niður. Upplýsingaöryggisnefnd skal hafa yfirsýn yfir þau verkefni sem tengjast stjórnun upplýsingaöryggis sem komið gæti í veg fyrir að RÚV nái lögbundnum og samningsbundnum markmiðum sínum. Þar undir fellur vinnsla og meðferð persónuupplýsinga, öryggi húsnæðis og gæðamál þess, tjón af völdum óviðunandi innri ferla, kerfa og mistaka starfsfólks.

Helstu verkefni nefndarinnar eru m.a. að móta stefnu í upplýsingaöryggismálum og vera samráðsvettvangur þar sem forgangsraað er verkefnum varðandi raunlægt öryggi og net- og upplýsingaöryggi, eins og gerð er krafa um í þjónustusamningi ráðherra við RÚV. Jafnframt að tryggja að til staðar séu virkar viðbragðsáætlanir til þess að tryggja samfelldan rekstur á neyðartímum, sem taka mið af helstu vá sem getur steðjað að á hverjum tíma og tryggir lágmarkstíma rofs á miðlunarleiðum.

Í október var Upplýsingaöryggisstefna Ríkisútvarpsins ohf. gefin út og birt á vef RÚV.

6.7.2. Framtíðaruppbygging útvarpsöryggissenda

Samkvæmt 7. gr. þjónustusamnings menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2020-2023 á RÚV að hafa forgöngu um skipan starfshóps með Almannaöryggisnefnd, Neyðarlínu, Isavia og sérfræðingi á sviði almannavarna um framtíðaruppbyggingu útvarpsöryggissenda og meta valkosti um framtíðar dreifileiðir. Starfshópurinn hefur starfað frá 17. maí 2021 og lagt mat á valkosti um framtíð útvarpsöryggissendinga. Í starfshópnum voru Stefán Eiríksson, Anna Bjarney Sigurðardóttir og Bragi Reynisson fyrir hönd RÚV, Víðir Reynisson fyrir hönd Almannaöryggisnefndar, Kjartan Briem fyrir hönd Isavia og Þórhallur Ólafsson og Magnús Hauksson fyrir hönd Neyðarlínunnar. Starfshópurinn hefur lokið störfum.

FM kerfi Ríkisútvarpsins er byggt upp af rúmlega 230 FM sendum sem ná til allra lögbýla þar sem búseta er árið um kring, alla helstu vegi sem njóta reglubundinnar þjónustu og til þekktra ferðmannastaða sem raunhæft er að ná til. Stefnt er að því að leggja niður útsendingar á langbylgju og hefur langbylgjumastrið á Egilsstöðum þegar verið fellt. Í stað útsendinga á langbylgju ákvað Ríkisútvarpið, að höfðu samráði við Neyðarlínuna, Öryggisfjarskipti ríkisins, Isavia, Almannaöryggisnefnd og fleiri, að byggja upp dreifikerfi útvarps, einkum Rásar 2, til að það geti tekið við því öryggishlutverki sem langbylgjuútsendingum var ætlað að sinna. Þessi uppbygging hefur gengur vel og hefur Ríkisútvarpið byggt um 30 sendastaði á undanförunum áratug til að styrkja og bæta kerfið. Á næstu tveimur árum er ráðgert að setja upp allt að 20 sendastaði til viðbótar.

Að mati Fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, um nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og öðrum boðleiðum, og 7. gr. þjónustusamnings um öryggis- og almannavarnahlutverk.

6.8. Nýmiðlun og tækniþróun

Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal framleiða og miðla vönduðu og fjölbreyttu efni með mismunandi tæknilegum aðferðum til allra landsmanna óháð búsetu. Ríkisútvarpið skal gera ráðstafanir til að hægt sé að flytja fréttir og framleiða efni utan höfuðborgarsvæðisins með fastri starfsemi á völdum svæðum.

2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring. Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru efni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlunarleiðum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að efninu og/eða þjónustunni á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kys.

4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

6.8.1. Hugbúnaðarþróun spilara

Undirbúningur fyrir nýjan spilara RÚV hófst á árinu 2022. Markmiðið með verkefninu er að straumlínulaga vinnulag og bæta notendaupplifun með fjölbreyttari framsetningu efnis í spilara RÚV, hvort heldur sem lítið er til vefsins eða RÚV-öppum. Nýtt Apple TV-app er í þróun og við útgáfu þess verður búið að einfalda rekstrarumhverfi smáforrita RÚV. Það gefur tækifæri til að gera efni RÚV aðgengilegra fyrir neytendur á öllum aldri með fjölbreyttari hætti þegar fram í sækir. Gert er ráð fyrir að með aðgangsstýringu á spilaranum verði hægt að gera íslenskum ríkisborgurum kleift að njóta efnis RÚV hvar sem er í Evrópu. Stefnt var að því að verkefninu yrði lokið í lok árs 2023 en nú við útgáfu skýrslu Fjölmiðlanefndar er því ólokið. en samkvæmt upplýsingum frá RÚV

6.8.2. Vefurinn RUV.is

Nýr fréttá- og fyrirtækjavefur Ríkisútvarpsins fór í loftið 3. desember 2022. Nýr vefur var unninn frá grunni í hugbúnaðarþróun RÚV. Allir framleiðsluferlar voru endurskoðaðir, gagnagrunnar endurnýjaðir og útliti breytt. Vefurinn tók þess vegna stakkaskiptum bæði gagnvart starfsfólki sem vinnur við hann sem og neytendum RÚV. Vinna við nýja vefinn gekk út á að skapa vefumhverfi sem hægt er að byggja ofan á til framtíðar. Nýr vefur er jafnframt kjölfesta þegar kemur að endurnýjun og þróun annars hugbúnaðar Ríkisútvarpsins.

Vefkerfin og verkfærin á vefnum eru nú mun öflugri og fjölbreyttari en áður. Markmiðið með nýjum vef var að einfalda alla efnisframleiðslu og gera starfsfólk sjálfbærara í fjölbreyttri framsetningu efnis. Þar er einnig mun einfaldara aðgengi að allri framleiðslu RÚV og hægt að draga fleiri atriði í dagsljósið á forsiðunni og víðar.

6.8.3. Efni RÚV á samfélagsmiðlum

Samfélagsmiðlar RÚV héldu áfram að vera áberandi og styðja við dagskrá í sjónvarpi og útvarpi á árinu 2022. Fjöldi fylgjenda RÚV á Facebook og Instagram hefur verið í hægum vexti eftir fordæmalausa fjölgun síðustu ár og viðbrögð fólks við efni RÚV á samfélagsmiðlum halda áfram að aukast. Samfélagsmiðlastefna RÚV var birt í byrjun desember. Þar segir meðal annars að það efni sem birt er á samfélagsmiðlum lúti sömu ritstjórnarreglum og efni sem birt er á öðrum miðlum RÚV. Einnig segir að RÚV vilji nýta samfélagsmiðla til að ná til barna og ungs fólks með fjölbreyttu og vönduðu efni. Tekið er tillit til aldurstakmarks hvers miðils fyrir sig og við það miðað þegar efni er dreift. RÚV hélt sínu striki á Facebook, Instagram og Twitter og hóf að birta efni á samfélagsmiðlinum TikTok til að ná betur til yngri hópa. Rás 2 og fréttastofan riðu á vaðið en KrakkaRÚV og RÚV fylgdu í kjölfarið. Fyrstu viðbrögð hafa verið frábær en viðvera RÚV á TikTok hefur vakið mikla athygli, einkum fréttaflutningur fréttastofunnar.

6.8.4. Áhorf í Spilara RÚV

Áhorf á dagskráefni sjónvarps í spilara RÚV á vefnum, í öppum og í þjónustum símafélaganna hefur aukist mikið síðustu ár. Þar er að finna mikið og fjölbreytt efni til fræðslu, innblásturs og skemmtunar. Íslenskt efni er vinsælast auk leikinna erlendra þáttaraða og heimildarefnis. Lögð var áhersla á úrval íslensks efnis, heimildarmyndir og kvikmyndir en vandaðar erlendar leiknar þáttaraðir, heimildar- og fræðsluþættir og áhugaverðar kvikmyndir voru á sínum stað.

Um páskana var boðið upp á fjölda leikinna þáttaraða í hámhörfi og lögð áhersla á íslenskar heimildarmyndir, fjölbreytt efni fyrir fjölskyldur og grín. Um jólin var hægt að horfa á 25 leiknar þáttaraðir í “jólamáti” auk ríkulegs úrvals af gæðafni fyrir fjölskyldur og fjölda bíómynda og heimildarmynda. Íslenskar kvikmyndir voru áberandi og jólalegt efni úr safni. Auk þáttanna um Randalín og Munda voru fjögur jóladagatöl í spilara RÚV.

Fjölbreytt þemu voru dregin fram í Spilara RÚV þar sem sjónvarpsefni úr dagskrá og safni var tekið saman, til dæmis heilsa, heimildarmyndasumar, loftslagsmál, kynheilbrigði, evrópskir kvikmyndadagar, barnæska, ungdómur og uppeldi, hinsegin dagar, 10 ára afmæli KÍTÓN, hönnun, kvenréttindadagurinn, þunglyndi, HM í Fischer-slembiskák, vetrarólympíuleikarnir, sveitarstjórnarkosningar, EM kvenna í fótbolta og Eurovision.

Samkvæmt upplýsingum í greinargerð RÚV er notkun og virkni spilarans töluverð eins og sjá má á eftirfarandi tölum:

- a. Fjöldi heimsóknna 268.313.684.
- b. Samtímaútsending fyrir vef og snjalltæki – hlutfall af útsendri dagskrá: 100%
- c. Framboð af áður útsendu efni á vef – fjöldi upptaka: Útvarp: 15.169, Sjónvarp: 9.658 (24.827)
- d. Framboð af frumgerðu efni á vef – færslur: 26.771.

Að mati Fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um framleiðslu og miðlun fjölmiðlaefnis með mismunandi tæknilegum aðferðum til allra landsmanna óháð búsetu. Enn fremur þær kröfur sem gerðar eru í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru efni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlunarleiðum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að efninu og/eða þjónustunni á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs.

6.9. Innra eftirlit og gæðamál

Skyldur Ríkisútvarpsins

Í starfsháttum sínum skal Ríkisútvarpið

1. Vera til fyrirmyndar um gæði og fagleg vinnubrögð.
 2. Ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð, leitað sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt sem jafnast.
 3. Sannreyna að heimildir séu réttar og að sanngirni sé gætt í framsetningu og efnistöku.
 4. Virða friðhelgi einkalífsins í fréttum og dagskrárefni nema lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins og upplýsingaréttur almennings krefjist annars.
 5. Vera óháð stjórnmalalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum.
 6. Stunda vandaða og gagnrýna fréttamennsku og rýna m.a. störf yfirvalda, félaga og fyrirtækja sem hafa áhrif á hag almennings.
 7. Taka dagskrárákvörðanir á eigin forsendum
- 4. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013**

Í 11. gr. þjónustusamnings, er kveðið á um að Ríkisútvarpið skuli viðhafa innra eftirlit og fylgja gæðaferlum, auk þess sem upplýst skuli á gagnsæjan hátt með hvaða hætti það sé gert á hverjum tíma. Ríkisútvarpið setji sér siðareglur sem skuli endurskoðaðar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Fréttareglur Ríkisútvarpsins séu aðgengilegar á vef Ríkisútvarpsins og endurskoðaðar reglulega. Ríkisútvarpið skuli láta mæla viðhorf almennings og traust til félagsins í heild og til fréttþjónustu. Einnig skuli mæla viðhorf til dagskrárefnis og einstakra dagskrárliða einu sinni á ári. Ríkisútvarpið skuli reglulega láta mæla notkun almennings á þjónustu þess. Allar stöður skuli auglýstar og ráðið skuli eftir opnu, faglegu og gagnsæju ráðningarferli. Jafnframt skuli gætt að því að samningar við verktaka skuli gerðir eftir opnu, faglegu og gagnsæju ferli.

6.9.1. Siðareglur starfsmanna

Samkvæmt 11. gr. í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins 2020-2023setur Ríkisútvarpið sér siðareglur sem skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Nýjar siðareglur voru settar af útvarpsstjóra árið 2022 og tóku þær gildi 13. júní⁶.

6.9.2. Fréttareglur Ríkisútvarpsins

Til ársloka 2023 eru í gildi reglur sem tóku gildi 7. desember 2020. Endurskoðaðar reglur verða settar í ársbyrjun 2024 og þá undir heitinu Vinnureglur um fréttir og dagskrárefni og um þátttöku frambjóðenda til almennra kosninga í dagskrá RÚV.

6.9.3. Mælingar á viðhorfi og trausti

RÚV kannar reglulega áhorf og hlustun, framkvæmir árlega viðhorfskönnun, traustsmælingu tvisvar á ári og er í stöðugu sambandi við áhorfendur og hlustendur í gegnum ábendingagáttir á vef og samfélagsmiðlum. Þessi gögn eru svo greind jafnhliða yfir allt tímabilið af stýrihópi og stjórnendum með sérstakri hliðsjón af stefnunni sem kynnt var 2017.

Maskína kannaði traust til fréttastofu RÚV í maí og nóvember 2022 og Gallup gerði viðhorfskönnun fyrir Ríkisútvarpið í maí 2022. Greint er frá nokkrum helstu niðurstöðum framangreindra kannana í kafla 4.3.10 hér að framan um fréttáþjónustu Ríkisútvarpsins.

6.9.4. Reglur um innra eftirlit, gæðamál og um móttöku og meðferð erinda

Reglur um meðferð athugasemda og kvartana voru settar 5. maí 2022 og leystu af hólmi reglur um móttöku og meðferð erinda um samskipti við notendur frá 2017. Fjölgun almennra fyrirspurna milli ára skýrist af breyttu skráningarkerfi sem tekur til fleiri atriða en áður.

Innsend erindi	Br. milli			
	2022	2021	ára	Hlutfall
Almenn fyrirspurn	2674	957	279%	51,9%
Dreifikerfi	287	107	268%	5,6%
Fréttastofa	1680	727	231%	32,6%
Safnadeild	223	79	282%	4,3%
Útvarpsstjóri	284	114	249%	5,5%

⁶ [sidareglur_ruv_2022.pdf](#)

6.9.5. Reglur um viðskiptaboð

Reglur um viðskiptaboð og gjaldskrá eru aðgengilegar á vef RÚV undir heitinu *Auglýsingareglur RÚV og RÚV Sölu* í samræmi við 5. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið.⁷

6.9.6. Vinnureglur, viðmið og gildi

RÚV setti sér aðgengisstefnu í mars 2022 eins og áður hefur komið fram. Um hana er fjallað í kafla 6.4.1.

Umhverfis- og loftslagsstefna var sett 17. febrúar 2022⁸ og upplýsingaöryggisstefna 20. október 2022⁹.

Starfsreglur stjórnar Ríkisútvarpsins ohf. má einnig finna á vef RÚV en nógildandi reglur voru samþykktar á stjórnarfundum Ríkisútvarpsins þann 26. apríl 2023.¹⁰

Þá eru *Reglur um ráðningar hjá Ríkisútvarpinu ohf. og samninga við verktaka* aðgengilegar á vef RÚV en í 1. gr. þeirra kemur fram að þær teljist hluti af reglum um innra eftirlit og gæðamál RÚV.¹¹ Er þar m.a. fjallað um það með hvaða hætti stöður skuli auglýstar og ráðningarferlið sjálft, framkvæmd starfsviðtala og fleira.

Persónuverndarstefna RÚV var samþykkt og birt árið 2019 í samræmi við persónuverndarlög. Hún hefur verið endurnýjuð og var birt breytt þann 4. maí 2023.¹² Persónuverndarfulltrúi er Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður.

Með framangreindum reglum hefur Ríkisútvarpið rammað inn þau viðmið og gildi sem starfsmönnum RÚV ber að hafa í huga í störfum sínum í samræmi við fyrirmæli laga og ákvæði þjónustusamnings um að gæta að innra eftirliti og gæðamálum í starfseminni.

⁷ [Auglýsingareglur RÚV og RÚV Sölu.](#)

⁸ [Umhverfis og loftslagsstefna RÚV \(ruv.is\)](#)

⁹ [Upplýsingaöryggisstefna Ríkisútvarpsins ohf. \(ruv.is\)](#)

¹⁰ [Starfsreglur stjórnar RUV 2023.pdf](#)

¹¹ [Reglur um ráðningar hjá Ríkisútvarpinu ohf. og samninga við verktaka, 30. mars 2022.](#)

¹² [Persónuverndarstefna - RÚV.is \(ruv.is\)](#)

6.9.7. Ákvarðanir Fjölmiðlanefndar vegna starfsemi Ríkisútvarpsins 2022

Ein ákvörðun vegna Ríkisútvarpsins ohf. var gefin út af Fjölmiðlanefnd á árinu 2022.

6.9.7.1. Ákvörðun Fjölmiðlanefndar nr. 4/2022 varðaði kostun á dagskrárliðnum Tónaflóð árin 2020 og 2021

Þættirnir Tónaflóð um landið voru í beinni útsendingu á RÚV og Rás 2 sumrin 2020 og 2021. Um var að ræða beina útsendingu frá sumartónleikum RÚV og Rásar 2 og voru þættirnir sendir út frá öllum landshlutum, einum í senn. Þar var lögð áhersla á íslenska tónlist og slagara sem tengdust viðkomandi landshlutum. Hljómsveitin Albatross bauð til sín þekktum og óþekktum söngvurum úr hverjum landshluta og voru áhorfendur í sal á meðan sóttvarnartakmarkanir leyfðu. Ferðinni í kringum landið lauk með Menningarnæturdansleik í Gamla bíói í Reykjavík.

Fjölmiðlanefnd barst ábending þann 25. febrúar 2022, þar sem vísað var til yfirlits yfir kostaða dagskrárliði á RÚV, sem birt hafði verið í ársskýrslu RÚV fyrir rekstrarárið 2020. Fram kom að aðilinn sem ábendinguna sendi teldi nauðsynlegt að taka til gagngerrar skoðunar hvort allir dagskrárliðir sem kostaðir hefðu verið árið 2020 uppfylltu skilyrði fyrir kostun og heimild til þess að rjúfa dagskrá með auglýsingahléum. Var sérstaklega vísað til þess að þættirnir Tónaflóð gætu ekki talist íburðarmiklir dagskrárliðir í skilningi undantekningarákvæðis 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Meginregla 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið felur í sér að Ríkisútvarpinu er óheimilt að afla tekna með kostun dagskrárefnis. Þó má víkja frá þeirri reglu í eftirfarandi tilvikum: a. við útsendingu íburðarmikilla dagskrárliða, til að mæta útgjöldum við framleiðslu eða kaup á sýningarrétti, b. við útsendingu innlendra ípróttaviðburða og umfjöllun um þá.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um Ríkisútvarpið eru nefnd dæmi um íburðarmikla dagskrárliði sem falla undir undantekningu frá banni við kostun dagskrárefnis en það eru t.d. útsendingar frá Ólympíuleikum, Evrópu- og heimsmeistarakeppni í handknattleik eða knattspyrnu og Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

Við meðferð málsins vísaði Ríkisútvarpið til þess að útsending RÚV og Rásar 2 frá árlegum útítónleikum Menningarnætur í Reykjavík í ágúst teljist vera íburðarmikill dagskrárliður, eins og fram komi í auglýsingareglum RÚV og RÚV Sölu. Ákveðið hafi verið sumarið 2020, meðal annars í ljósi þeirra aðstæðna sem þá ríktu, að fjölga tónleikum og færa þá landsbyggðinni. Hafi tónleikar verið haldnir víðs vegar um landið það sumar undir merkjum Tónaflóðs. Til hafi staðið að ljúka tónleikaröðinni með stórtónleikum frá Arnarhóli í Reykjavík á Menningarnótt en ekki hafi orðið af því vegna sóttvarnarráðstafana. Þess í stað hafi lokatónleikarnir farið fram í Gamla bíói. Hafi þættirnir Tónaflóð verið hugsaðir sem „safn tónleika í einu knippi“, þ.e. að litið hafi verið svo á að einstakir tónleikar væru samofnir útsendingu lokatónleika Menningarnætur og þannig hafi þeir verið taldir flokkast undir að vera íburðarmikill dagskrárliður. Jafnframt kom fram í svörum RÚV að eftir vandlega yfirlegu teldi RÚV, eftir á að hyggja, að kostun Tónaflóðs 2020 og 2021 hafi ekki samrýmst auglýsingareglum RÚV og lögum nr. 23/2013. Hvorki hafi verið um að ræða

Þáttaröð sem talist gæti íburðarmikill dagskrárliður samkvæmt lögum og skilgreiningu í auglýsingareglum RÚV, og hafi enda aldrei verið litið svo á, né geti einstakar útsendingar, að Menningarnótt frátalinni, talist íburðarmiklar eftir efni sínu. Þá hafi ekki verið rétt að líta á allar útsendingarnar sem eina samfellda heild, líkt og raunin hafi verið.

Að fengnum sjónarmiðum Ríkisútvarpsins í málinu var það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að Ríkisútvarpið ohf. hefði brotið gegn 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013 með kostun þáttanna Tónaflóð sumrin 2020 og 2021. Taldi nefndin hæfilegt að stjórnvaldssekt vegna brotsins næmi 1.500.000 kr.

6.10. Skipting dagskrárefnis í sjónvarpi og útvarpi

Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal framleiða og miðla vönduðu og fjölbreyttu efni með mismunandi tæknilegum aðferðum til allra landsmanna óháð búsetu.

Fjölmiðlaefnið skal hið minnsta vera fréttir og fréttaskýringar, fræðsluþættir, íþróttabættir, afþreying af ýmsum toga, lista- og menningarþættir og sérstakt efni fyrir börn og ungmenni.

1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

6.10.1. Skipting dagskrárefnis í sjónvarpi 2022

Ríkisútvarpið sendi út samtals 6318 klukkustundir í línulegri dagskrá í sjónvarpi árið 2022, á sjónvarpsrásunum RÚV og RÚV 2, sem nemur 223 færri klukkustundum en árið 2021, þegar heildarútsendingartími í línulegri dagskrá var 6541 klst. Heildarútsendingartími línulegrar dagskrár var 5338 klst. á aðalrásinni RÚV en 980 klst. á RÚV 2.

Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.)	2019	2020	2021	2022
RÚV	5151	5563	5654	5338
RÚV 2	571	596	887	980
Samtals	5722	6159	*6541¹³	6318

Meðalútsendingartími á dag, á RÚV og RÚV 2, var 17 klst. árið 2022, klukkustund skemur að meðaltali en árið á undan.

Meðalútsendingartími á dag (klst.)	2019	2020	2021	2022
------------------------------------	------	------	------	------

¹³ Upplýsingar um tölfræði ársins 2021 eru aðeins breyttar frá útgáfu skýrslu Fjölmiðlanefndar um mat á almannabjónustuhlutverki RÚV vegna ársins 2021. Breytingar eru samkvæmt upplýsingum frá RÚV, skýrðar með því að gerðar hafa verið leiðréttingar í skráningu og vegna þess að skráningu var breytt á milli ára. Fjölmiðlanefnd gerir ekki athugasemdir við það.

RÚV / RÚV 2	16	17	18	17
-------------	----	----	----	----

Heildarútsendingartími auglýsinga í línulegri sjónvarpsdagskrá árið 2022 lengdist um 1075 mínútur frá fyrra ári, var samtals 6551 mínútur á RÚV og RÚV 2. Heildarútsendingartími auglýsinga skiptist þannig á milli stöðva árið 2022 að hann var 5847 mínútur á RÚV en 704 mínútur á RÚV 2.

Heildarútsendingartími auglýsinga í dagskrá (mín.)	2019	2020	2021	2022
RÚV	5225	5074	5128	5847
RÚV 2	102	106	348	704
Samtals	5327	5180	5476	6551

Tegundum dagskrárefnis mátti skipta í eftirfarandi efnisflokk:

Hlutfallsleg skipting eftir tegund dagskrárefnis:	2019	2020	2021	2022
Fréttir og fréttatengt efni	8.0%	9.3%	12.3%	9.2%
Listir, menning og vísindi	19.7%	26.4%	26.0%	20.5%
Leikið efni	28.9%	26.7%	17.5%	18.6%
Efni fyrir börn og ungmenni	12.2%	12.3%	9.4%	10.4%
Íþróttir (skipt eftir helstu íþróttagreinum)	13.7%	9.0%	15.9%	23.2%
Afþreyingarefni	14.2%	16.3%	9.5%	17.6%
Samtals útsendar klst. á RÚV og RÚV 2 (með óflokkuðu efni)	5722	6159	6541	6318

6.10.1.1. Fréttir og fréttatengt efni

Hlutfall fréttu og fréttatengds efnis í línulegri sjónvarpsdagskrá lækkaði á milli ára úr 12,3% í 9,2%. Bar þar hæst sjónvarps-, íþróttu- og veðurfréttir kl. 19 alla daga og einnig kl. 22 á virkum dögum utan föstudaga, fréttaskýringaráttinn Kveik, fréttatengdu umræðuþættina Kastljós og Silfrið og Krakkafréttir. Fréttir og fréttatengt efni í línulegri dagskrá fór úr 806 klukkustundum árið 2021 í 584 klukkustundir árið 2022.

FRÉTTIR OG FRÉTTATENGT EFNI	2019	2020	2021	2022
RÚV	451	532	439	434
RÚV 2	6	39	367	150
Samtals klst.	457	571	806	584

6.10.1.2. Listir, menning og vísindi

Hlutfall efnis tengt listum, menningu og vísindum var nokkuð minna árið 2022 en árið á undan, var **20,5%** af útsendu efni í línulegri dagskrá í sjónvarpi 2022, en var 26,0% árið 2021. Í klukkustundum talið fór efni tengt listum, menningu og vísindum í línulegri dagskrá úr 1699 árið 2021 í 1294 árið 2022.

LISTIR, MENNING, VÍSINDI, TÓNLIST OG TRÚMÁL	2019	2020	2021	2022
RÚV	1089	1580	1669	1224
RÚV 2	36	47	30	70
Samtals klst.	1125	1627	1699	1294

6.10.1.3. Leikið efni

Leikið efni í sjónvarpi var **18,6%** af útsendri sjónvarpsdagskrá árið 2022, sem var aukning frá fyrra ári þegar hlutfallið var 17,5%. Leikið efni í línulegri dagskrá í klukkustundum talið var alls 1178 árið 2022.

LEIKIÐ EFNI	2019	2020	2021	2022
RÚV	1614	1560	1121	1121
RÚV 2	40	84	25	57
Samtals klst.	1654	1644	1146	1178

6.10.1.4. Efni fyrir börn og ungmenni

Efni fyrir börn og ungmenni í línulegri dagskrá var **10,4%**, sem var ögn hærra hlutfall en árið áður (9,4%).

EFNI FYRIR BÖRN OG UNGMENNI	2019	2020	2021	2022
RÚV	666	727	611	644
RÚV 2	30	32	3	11
Samtals klst.	696	759	614	655

6.10.1.5. Íþróttir

Hlutfall íþróttæfnis hækkaði enn á milli ára, fór í 23,2% árið 2022 úr 15,9% árið á undan. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá fjölda efnis tengt íþróttum í klukkustundum talið.

ÍÞRÓTTIR	2019	2020	2021	2022
RÚV	469	277	654	884
RÚV 2	314	279	389	582
Samtals klst.	783	556	1043	1466

6.10.1.6. Afþreyingarefni

Hlutfall afþreyingarefnis var **17,6%** af útsendri, línulegri dagskrá í sjónvarpi og var töluvert meira en árið á undan, þegar hlutfallið var 9,5%.

AFÞREYING	2019	2020	2021	2022
RÚV	812	998	615	1098
RÚV 2	1	3	7	12
Samtals klst.	813	1001	622	1110

6.10.2. Skipting dagskrárefnis í útvarpi 2022

Útvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins eru þrjár: Rás 1, Rás 2 og Rondo en á síðastnefndu stöðinni er eingöngu leikin klassísk tónlist. FM útsendingar á Rondo voru aflagðar í lok árs 2020 en ennþá er hægt að hlusta á stöðina í gegnum netið, á vef og í smáforritum. Eftirfarandi tölfræði tekur aðeins til dagskrár Rásar 1 og 2.

6.10.2.1. Rás 1

Ríkisútvarpið sendi út samtals 8338 klukkustundir á Rás 1 árið 2022, sem nemur 398 færri klukkustundum en árið 2021, þegar heildarútsendingartími á Rás 1 var 8736 klst. Meðalútsendingartími á sólarhring var 22,8 klst.

Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.)	2019	2020	2021	2022
Rás 1	8558	8581	8736	8338

Meðalútsendingartími á sólarhring (klst.)	2019	2020	2021	2022
Rás 1	23.4	23.5	23.9	22.8

Dagskrárefni á Rás 1 skiptist í eftirfarandi efnispætti árið 2022:

Skipting dagskrárefnis eftir efnispáttum (klst. og hlutfall af heild)	%	2019	%	2020	%	2021	%	2022	%
Leikið efni	0.11%	13	0.15%	12	0.14%	9	0.10%	5	0.06%
Skemmtiefni og dægradvöl	0.04%	3	0.04%	7	0.08%	7	0.07%	12	0.18%
Barna og unglingaefni	0.95%	71	0.83%	70	0.82%	91	1.05%	85	1.02%
Sígild tónlist	6.33%	648	7.57%	600	6.99%	636	7.28%	629	7.55%
Önnur tónlist (djass-, milli-, popp- og rokktonlist - þjóðlög/heimstónlist)	9.29%	792	9.26%	768	8.95%	871	9.97%	1200	14.38%
Fréttir og fréttatengt	7.97%	663	7.74%	668	7.79%	656	7.51%	725	8.69%
Samfélagsmál	25.77%	2144	25.05%	2232	26.01%	2578	29.51%	3070	36.81%
Listir, menning og vísindi	45.57%	3885	45.39%	3898	45.42%	3570	40.87%	2343	28.09%
Trúmál	1.15%	94	1.10%	96	1.12%	116	1.33%	115	1.38%

Auglýsingar	1.83%	157	1.84%	146	1.71%	170	1.94%	122	1.46%
Annað efni (kynningar og uppfylling)	0.99%	88	1.03%	84	0.98%	32	0.37%	32	0.38%
	100.00%	8558	100.00%	8581	100.01%	8736	100.00%	8338	100.00%



6.10.2.2. Rás 2

Ríkisútvarpið sendi út samtals 8692 klukkustundir á Rás 2 árið 2022, sem nemur 67 klukkustundum færri en árið 2021, þegar heildarútsendingartími á Rás 2 var 8759 klst. Meðalútsendingartími á sólarhring var 24 klst. líkt og fyrri ár. Hlutfall íslenskrar tónlistar á Rás 2 hefur verið yfir 50% síðustu ár.

Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.)	2019	2020	2021	2022
Rás 2	8648	8677	8759	8692

Meðalútsendingartími á sólarhring (klst.)	2019	2020	2021	2022
Rás 2	24	24	24	24

Dagskrárefni á Rás 2 skiptist í eftirfarandi efnispætti árið 2022:									
Skipting dagskrárefnis eftir efnispáttum (klst. og hlutfall af heild)	2019	2020	2021	2022					
Skemmtiefni	2.74%	226	2.62%	193	2.23%	156	1.78%	190	2.19%
Millitónlist	2.06%	199	2.30%	271	3.12%	227	2.59%	182	2.09%
Popp og rokktonlist	63.34%	5563	64.33%	5457	62.89%	5614	64.09%	5847	67.28%
Íþróttir	2.17%	225	2.60%	251	2.89%	248	2.83%	27	0.31%
Fréttir og fréttatengt	8.76%	792	9.16%	817	9.41%	856	9.77%	823	9.47%
Samfélagsmál	17.39%	1343	15.53%	1386	15.97%	1288	14.71%	1239	14.26%
Listir, menning og vísindi	0.06%	8	0.09%	1	0.01%	5	0.06%	9	0.10%
Auglýsingar	3.48%	292	3.38%	301	3.47%	365	4.17%	375	4.30%
	100.00%	8648	100.01%	8677	99.99%	8759	100.00%	8692	100.00%

7. Fjárhagslegur aðskilnaður almannaþjónustu og samkeppnisreksturs

Skyldur Ríkisútvarpsins

Halda skal fjárreiðum alls reksturs vegna fjölmiðlaþjónustu í almannabágu skv. 3. gr. aðskildum frá fjárreiðum annars reksturs á vegum Ríkisútvarpsins eða dótturfélaga þess. Er Ríkisútvarpinu óheimilt að nota fjármuni frá rekstri skv. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi. Rekstrarafgang af starfsemi dótturfélaga skal nýta til starfsemi skv. 3. gr. og eftir atvikum til að auka eigið fé samkvæmt nánari ákvörðun aðalfundar.

5. gr. laga um Ríkisútvarpið

7.1. Eftirfylgniskýrsla Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun gaf út eftirfylgniskýrslu á árinu 2022 vegna skýrslu sinnar „Ríkisútvarpið ohf. Rekstur og aðgreining rekstrarþátta“ frá því í nóvember 2019. Í skýrslu sinni árið 2019 fjallaði Ríkisendurskoðun, að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytis, um bókhald Ríkisútvarpsins ohf. með hliðsjón af skilyrðum 4. gr. tilskipunar ESB nr. 2006/111 EB sem tók gildi með reglugerð nr. 430/2008 og ákvæði í kafla 6.4 í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) 35/10/COL um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri útvarpsþjónustu í almannabágu.

Í eftirfylgniskýrslunni kom fram að brugðist hafi verið við úrbótatillögum Ríkisendurskoðunar með stofnun dótturfélags Ríkisútvarpsins ohf., í samræmi við ákvæði 4. gr. laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu; með breyttum uppgjörsaðferðum í kjölfar stofnunar dótturfélagsins RÚV Sala ehf.; og með því að grípa til ráðstafana til að stjórn félagsins fái reglubundnar upplýsingar um fjárhag og rekstur félagsins.

7.2. Dótturfélagið RÚV Sala ehf.

Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal stofna og reka dótturfélög, sem að fullu leyti eru í eigu þess, fyrir aðra starfsemi en þá sem kveðið er á um í 3. gr. Þá er Ríkisútvarpinu heimilt að eiga hlut í fyrirtækjum sem framleiða, vinna eða dreifa dagskrárefni.

1. mgr. 4. gr. laga um Ríkisútvarpið

Samkvæmt 5. gr. laga um Ríkisútvarpið skal halda fjárreiðum alls reksturs vegna fjölmiðlaþjónustu í almannabágu aðskildum frá fjárreiðum annars reksturs á vegum Ríkisútvarpsins eða dótturfélaga þess. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um Ríkisútvarpið skal Ríkisútvarpið stofna og reka dótturfélög, sem eru að fullu leyti í eigu þess, fyrir aðra starfsemi

en fjölmiðlun í almannapjónustu. Gildistöku 4. gr. var frestað í tvígang en ákvæðið tók gildi 1. janúar 2018.

Dótturfélagið RÚV Sala hóf starfsemi 1. janúar 2020. Tilgangur þess er að halda utan um sölu auglýsinga og kostana og bera ábyrgð á þeirri starfsemi sem RÚV skilgreinir sem samkeppnisrekstur og er það í 100% eigu Ríkisútvarpsins. Með stofnun og rekstri félagsins var uppfyllt krafa 4. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Tvö ár liðu án þess að uppfyllt væri lögbundin skylda Ríkisútvarpsins til stofnunar dótturfélags um samkeppnisrekstur. Dráttur á stofnun dótturfélags um samkeppnisrekstur hafði þó ekki áhrif á mat Fjölmiðlanefndar á almannapjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins. Mat nefndarinnar skv. 15. gr. laga um Ríkisútvarpið hvað varðar fjárhagslegan aðskilnað milli almannapjónustu og samkeppnisreksturs tekur fyrst og fremst til þess hvort skýr bókhaldsleg aðgreining teljist vera á milli reksturs almannapjónustufjölmiðils og samkeppnisreksturs. Var sú skylda uppfyllt af hálfu Ríkisútvarpsins árið 2022 líkt og fyrr á.

7.2.1. Tekjur af sölu viðskiptaboða jukust frá fyrra ári

Um þriðjungur tekna Ríkisútvarpsins kemur af sölu viðskiptaboða. Fram kemur í greinargerð Ríkisútvarpsins til Fjölmiðlanefndar að tekjur RÚV Sölu ehf. á rekstrarárinu 2022 af sölu auglýsinga og kostana hafi numið 2398 millj. króna en tekjur félagsins af sölu auglýsinga og kostana árið áður voru 2026 millj. kr.

Ríkisútvarpið sætir takmörkunum umfram aðra fjölmiðla á miðlun auglýsinga, kostana og vöruinnsetninga sem skilgreindar eru í 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, nr. 23/2013. Þannig er Ríkisútvarpinu eingöngu heimilt að kosta útsendingu íburðarmikilla dagskrárliða annars vegar og útsendingu innlendra íþróttaviðburða og umfjöllun um þá hins vegar. Sala auglýsinga fyrir vefinn RUV.is er óheimil og vöruinnsetningar eru sömuleiðis óheimilar í efni sem Ríkisútvarpið framleiðir sjálf og/eða framleiðir í samstarfi við aðra innlenda aðila og er sérstaklega framleitt fyrir Ríkisútvarpið. Ríkisútvarpinu er óheimilt að slíta í sundur dagskrárliði með viðskiptaboðum í sjónvarpi en þó má víkja frá því banni við útsendingu íburðarmikilla dagskrárliða eða eigin framleiðslu sem er a.m.k. 60 mínútur að lengd. Þá má lengd viðskiptaboða og fjarkaupainnskota innan hverrar klukkustundar í myndmiðlum RÚV ekki fara yfir átta mínútur.

Samkvæmt upplýsingum í greinargerð RÚV voru eftirtaldir dagskrárliðir kostaðir 2022:

Bikarkeppni í handbolta, Bikarkeppni í körfubolta, Bikarkeppni í blaki, Bikarkeppni í fótbolta, Verbúðin, Vitjanir, Eurovision, Söngvakeppnin, Hestaíþróttir, EM í handbolta, HM félagsliða, HM og heimsbikarmót í skíðaíþróttum, HM í frjálsum, HM í íshokki, Íslandsmótið í fimleikum, Íslandsmótið í golfi, Landsleikir í fótbolta, Landsleikir í handbolta, Vetrarólympíuleikar, Landsleikir í körfubolta, Reykjavíkurlaikarnir, Skólahreysti og Tónaflóð.

Eftirtaldir dagskrárliðir voru rofnir með auglýsingahléum á árinu:

Alla leið, Edduverðlaunin, Eurovision, Vikan með Gísla Marteini, Gettu betur, Klassíkin okkar, Reykjavíkurléikarnir, Silfrið, Skrekkur, Skólahreysti, Söngvakeppnin, Söngkeppni framhaldsskólanna og Tónaflóð.

7.3. Mat Fjölmiðlanefndar á gagnsæi og hlutlægrri kostnaðargreiningu á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins

Skyldur Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal láta Fjölmiðlanefnd í té upplýsingar til að hún geti sannreynt og metið gagnsæi og hlutlæga kostnaðargreiningu á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins, byggða á ársreikningi næstliðins árs, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur. Fjölmiðlanefnd skal njóta liðsinnis Ríkisendurskoðunar í þessu efni.

2. mgr. 15. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013

Í endurskoðuðum ársreikningi félagsins skal gera grein fyrir tekjum Ríkisútvarpsins að frádregnum kostnaði, annars vegar af fjölmiðlaþjónustu í almannapágu og hins vegar af þeim hluta starfseminnar sem telst vera í samkeppnisrekstri. Einnig skal gerð nánari grein fyrir sundurliðun útgjalda einstakra liða í samræmi við lög og reikningsskilastaðla sem eru í gildi á hverjum tíma.

Úr 14. gr. samnings mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2020-2023

Í greinargerðinni [til Fjölmiðlanefndar] skal birta sundurliðun útgjalda einstakra liða til að hægt sé að sannreyna og meta gagnsæi og framsetningu í ársreikningi á kostnaði við þá fjölmiðlaþjónustu í almannapágu sem Ríkisútvarpið veitir, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur, sbr. 2. mgr. 15. gr. laganna.

Úr 15. gr. samnings mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2020-2023

7.3.1. Tap á rekstri RÚV árið 2022

Í ársskýrslu RÚV 2022 kemur fram að afkoma ársins 2022 hafi verið neikvæð og tap ársins verið 164 millj. kr. eftir skatt. Aukin verðbólga og óhagstæð gengisþróun íslensku krónunnar eru sögð vera helsta orsökina.

Heildareignir í árslok hafi verið 8986 milljónir kr. og eigið fé 1804 milljónir kr. Hafi eiginfjárlutfall lækkað enn frá fyrra ári eftir mikla hækkun árin á undan fram til ársins 2020 og sé nú 20,1%.

Fram kemur í samstæðuársreikningi Ríkisútvarpsins ohf. fyrir árið 2022 að tekjur af samkeppnisrekstri hafi verið 2824 milljónir kr. (2021: 2370 milljónir kr.), þar af hafi tekjur af auglýsingum verið 2398 milljónir kr. (2021: 2026 milljónir kr.). Tekjur af almannaðjónustu hafi numið kr. 5085 milljónum kr. (2021: 4655 milljónum kr.).

Samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið er Fjölmiðlanefnd ætlað að „sannreyna og meta gagnsæi og hlutlæga kostnaðargreiningu á almannajónustuhlutverki Ríkisútvarpsins, byggða á ársreikningi næstliðins árs, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur“. Ríkisútvarpið á að afhenda Fjölmiðlanefnd viðhlítandi upplýsingar til að hún geti sinnt lögbundinni skyldu sinni. Í samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2020 – 2023 kemur m.a. fram að Ríkisútvarpið eigi að birta sundurliðun útgjalda einstakra liða í greinargerð til Fjölmiðlanefndar, til að hægt sé að sannreyna og meta gagnsæi og framsetningu í ársreikningi á kostnaði við þá fjölmiðlaþjónustu í almannabágu sem Ríkisútvarpið veitir, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur, sbr. 2. mgr. 15. gr. laganna.

Árið 2020 var í fyrsta sinn gerður samstæðuársreikningur fyrir RÚV (Ríkisútvarpið ohf.) og dótturfélagið RÚV Sölu ehf. Sami háttur var á árin 2021 og 2022, þ.e. gerður var samstæðuársreikningur fyrir RÚV og RÚV Sölu sem birtur var samhliða ársskýrslu Ríkisútvarpsins 2022.

Þær breytingar voru fyrst gerðar í framsetningu rekstrarreiknings Ríkisútvarpsins ohf. árið 2020 að horfið var frá því að flokka tekjur í tekjur af almannajónustu annars vegar og tekjur af samkeppnisrekstri hins vegar. Það sama gilti um rekstrargjöld, horfið var frá skiptingu milli almannajónustu og samkeppnisreksturs í rekstrarreikningi og var rekstrargjöldum þess í stað skipt í laun og launatengd gjöld og annan rekstrarkostnað.

Takmarkaða sundurliðun útgjalda vegna kostnaðar við fjölmiðlun í almannabágu var því að finna í samstæðuársreikningi RÚV fyrir rekstrarárin 2020, 2021 og 2022 og þessar upplýsingar var heldur ekki að finna í greinargerðum Ríkisútvarpsins til Fjölmiðlanefndar vegna fjölmiðlunar í almannabágu fyrir sömu rekstrarár.

Við vinnslu skýrslu um almannajónustu Ríkisútvarpsins árið 2022 notaðist Fjölmiðlanefnd því við samstæðureikning félagsins sem finna má á vef RÚV.¹⁴ Í áritun endurskoðanda til stjórnar og hluthafa í Ríkisútvarpinu ohf. segir að það sé álit þeirra að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga.

Í skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra vegna rekstrarársins 2022 segir eftirfarandi:

„Markmið stjórnar hefur verið að rekstur RÚV sé ávallt yfirvegaður og hallalaus. Á árinu 2022 náðist það markmið ekki þar sem félagið skilaði neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Ástæðu þess má fyrst og fremst rekja til aukinnar verðbólgu á árinu 2022 og óhagstæðrar gengisþróunar íslensku krónunnar. Höfðu þessir þættir afgerandi áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins þar sem stærstur hluti skulda RÚV er verðtryggt lán vegna eldri lífeyrisskuldbindinga. Tap ársins kemur til lækkunar á eigin fé félagsins. Skuldir RÚV hafa um árabíl verið háar, m.a. vegna uppgjors á eldri lífeyrisskuldbindingum. Þrátt fyrir margvíslegar aðgerðir á undanförunum árum sem hafa leitt til

¹⁴ [Samstæðuársreikningur Ríkisútvarpsins ohf. 2022](#)

lækkunar skulda, telur stjórn RÚV að félagið sé enn of skuldsett og mun halda áfram að leita varanlegra lausna varðandi skuldsetningu þess.“

Aðalfundur RÚV ohf. samþykkti ársreikning vegna rekstrarársins 2022. Fjölmiðlanefnd gerir ekki athugasemdir við samstæðureikninginn eða reikningskilaaðferðir sem notast var við við uppgjör ársins en bendir á að 2. mgr. 15. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapjónustu, gerir kröfu um að Fjölmiðlanefnd sannreyni og meti gagnsæi og hlutlæga kostnaðargreiningu á almannapjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins, byggða á ársreikningi næstliðins árs, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur. Að mati Fjölmiðlanefndar eru breyttar reikningskilaaðferðir til þess fallnar að draga úr þörf á svo djúpri greiningu Fjölmiðlanefndar en leggur þess í stað traust sitt á fjölskipaða stjórn og löggilta endurskoðendur um mat á gagnsæi og hlutlægrri kostnaðargreiningu á almannapjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins.

Fjölmiðlanefnd bendir á að reikningskil og upplýsingagjöf RÚV samstæðunnar fyrir árið 2022 virðist ekki að öllu leyti í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í 15. gr. samnings mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlapjónustu í almannapágu 2020-2023 um sundurliðun útgjalda einstakra liða og upplýsingagjöf þar að lútandi til Fjölmiðlanefndar. Af framangreindum ástæðum er Fjölmiðlanefnd ekki unnt að gera viðhlítandi greiningu á reikningskilunum til þess að meta gagnsæi og hlutlæga kostnaðargreiningu á almannapjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins.

Fjölmiðlanefnd telur engu að síður að Ríkisútvarpið hafi uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru í 5. gr. laga um Ríkisútvarpið um fjárhagslegan aðskilnað reksturs vegna fjölmiðlapjónustu í almannapágu frá fjárreiðum annars reksturs á vegum Ríkisútvarpsins eða dótturfélaga þess, vegna rekstrarársins 2022 með útgáfu samstæðureiknings fyrir RÚV ohf. og RÚV sölu ehf.